












# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**5. apríl 2012**
81. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Í 2. sæti á lista Itunes**
*Breiðskífa Of Monsters and Men gerir góða hluti í Bandaríkjunum.*
**fólk 50**



**Gylfi bestur í mars**
*Gylfi Þór Sigurðsson var valinn leikmaður mánaðarins í Englandi.*
**sport 45**

**2 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu
Fólk | Lífið






**ELDHEIT STUND** Söluskálinn Blái turninn við Háaleitisbraut í Reykjavík varð alelda á skammri stund eftir að þar kviknaði í út frá steikarfeiti í gærmorgun. Við fyrstu sýn gæti einhverjum virst slökkviliðsmennirnir á myndinni hafa stolist í smákoss við rjúkandi húsarústina, en hávaði í dælum, bílum og reykræstigræjum gerði það að verkum að menn urðu að halla sér vel hver að öðrum til þess að heyra orða skil. **Sjá síðu 6** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Efins um reikningskúnstir

**Steingrímur J. Sigfússon tekur útreikningum um áhrif kvótafrumvarpa með fyrirvara. Hann segir orð sín um mögulega lægra veiðigjald standa en endurskoðun um slíkt verði gerð á grunni óhrekjanlegra raka.**

**EFNAHAGSMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegsráðherra, efast um niðurstöður endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte, og hagsmunaaðila, um áhrif frumvarpa um stjórn fiskveiða og veiðigjald.

„Ég fagna uppbyggilegri umfjöllun um málið en ég sagði strax að það myndi ekki koma mér neitt á óvart þó útgerðinni þættu þetta háar tölur. En ég held að menn verði að stíga varlega til jarðar og gefa sér ekki dekkstu mögulegu forsendur, sem mér sýnist að Deloitte geri í sinni samantekt,“ segir Steingrímur og bætir við að svo virðist sem Deloitte gangi út frá því að útgerðin eigi kvótann, og þar með allan arð af nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar. „Það er hins vegar ekki svo, eins og menn eiga að þekkja.“

Í stuttu máli sýndu útreikningar Deloitte að ríkið hefði tekið allan hagnað sjávarútvegsfyrirtækja á árunum 2001 til 2010 og gott betur, hefðu boðaðar breytingar verið í gildi á árabilinu. Íslandsbanki birti álit sitt á frumvörpunum í gær og sér þeim allt til foráttu. Fyrr höfðu útvegsmenn og fleiri höggvið í sama knérunn.

Steingrímur hefur sagt í umræðum um breytingarnar að til greina komi að lækka veiðigjaldið. Spurður um þau orð sín minnir ráðherra á að málið sé nú á forræði atvinnumálanefndar Alþingis og þar verði málið skoðað.

„En ég stend við það sem ég hef sagt að við munum hlusta á öll málefnaleg og rökstudd sjónarmið sem koma fram. Um leið bráðna ég ekkert niður út af upphrópunum og hræðsluáróðri. Ég þarf rök og vil sjá þau. Við verðum að fá á hreint hvort við erum sammála um að hér sé um að ræða auðlind í sameiginlegri eigu þjóðarinnar.“ **- shá** / **sjá síðu 4**










## SPURNING DAGSINS



*Þorsteinn, er þá útlitið aldrei svart hjá þér?*

„Nei, aldrei. Núna er ég til dæmis í öllu silfurlituðu, hvítu, bleiku og lillabláu.“

Stílistinn Þorsteinn Blær vekur hvarvetna athygli fyrir frumlegan og litríkan klæðaburð. Hann segist aldrei klæðast svörtu því að það komi honum í vont skap.

Snemmbúin fiðrildaheimsókn þýðir ekki að hér vori fyrr en venjulega:

# Geitungarnir rumska til að pissa

**NÁTTÚRA** Það að garðyglur, flökkufiðrildi frá meginlandi Evrópu, séu óvenjusnemma hér á ferðinni þetta árið þýðir ekki að nú vori fyrr en alla jafna. Þetta er mat Erlings Ólafssonar, skordýrafræðings.

Fréttir bárust af því í gær að sést hefði til geitunga komnum á stjá en Erling segir það alvanalegt á þessum árstíma.

„Ég hef heyrt af svona þremur eða fjórum núna,“ segir Erling. „Þetta byrjar alltaf á einum og einum í lok mars og byrjun apríl. Svo kemur ekki gusa fyrr en um miðjan maí. En það er alltaf einhver sem rumskar og þarf að fara fram úr að pissa.“

Sést hefur til garðyglanna í umtalsverðum mæli frá því í lok mars, sem þykir mjög óvenjulegt, enda koma þær yfirleitt ekki fyrr en á haustin og í minna mæli í aprillok og byrjun maí. Nú hefur hins vegar sést til garðyglu allt frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði.

Erling segir að þetta megi líklega skýra með tíðafari í Evrópu, ekki á Íslandi. Fiðrildin hafi hrakist suður fyrir Færeyjar og ekki komið þar við á leið sinni til Íslands. - sh



**GARÐYGLA** Þessi fiðrildi eru algeng á Íslandi að sumri og vori, en sjaldséð jafnsnemma og nú. MYND/NÁTTÚRUSTOFNUN

65 ár fyrir morð eftir Katrínu:

# Lögreglumenn fá þunga dóma

**BANDARÍKIN** Fimm fyrrverandi lögreglumenn í New Orleans í Bandaríkjunum hlutu í gær þunga fangelsisdóma fyrir að skjóta óbreytta borgara í ringulreiðinni sem skapaðist í kjölfar þess að fellibylurinn Katrín reið yfir borgina í september 2005.

Mennirnir voru dæmdir fyrir samtals 25 brot, meðal annars að skjóta fertugan mann og sautján ára pilt til bana, og særa fjóra úr fjölskyldu þess síðarnefnda.

Einn hlaut 65 ára fangelsisdóm, tveir 40 ára og tveir sex ára. - sh



**EYTT** Um 20 þúsund fölskum Facebook-notendum er eytt daglega, en það er aðeins dropi í hafið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vafasamir Facebook-notendur:

# Milljónir falskra á Facebook

**TÆKNI** Á bilinu fimm til sex prósent af Facebook-síðum sem stofnaðar hafa verið eru falskar og ekki með raunverulegan notenda að baki sér. Það þýðir að 40 til 50 milljónir sigla undir fölsku flaggi á samskiptasíðunni.

Fram kemur í nýjasta eintaki Vírsins, fréttabréfi áhættuþjónustu Deloitte, að margar af þessum fölsku síðum séu notaðar til að smita aðra notendur af óværu, svindla út fjármuni og reyna að stela viðkvæmum persónuupplýsingum.

Notendur eru varaðir við því að samþykkja torkennilegar vinabeiðnir og smella á undarlega hlekki sem berast frá öðrum notendum. - bj

Útgáfa Fréttablaðsins:

# Ekkert blað á föstudaginn

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið kemur næst út á laugardaginn og svo á þriðjudag eftir páska, 10. apríl.

Þjónustuver og afgreiðsla 365, að Skaftahlíð 24, er opin alla daga yfir páskana, frá 10-22, að páskadegi undanskildum en þá er opið frá 10-16.

Skiptiborð 365 er hins vegar lokað yfir hátíðarnar.

# Ein sprunga er vísbending um fleiri

**Góður undirbúningur er lykilatriði til að tryggja öryggi ferðalanga. Bleyta í veðurkortum helgarinnar veldur björgunarsveitum ákveðnum áhyggjum. Landsbjörg er ekki með sérstakan viðbúnað vegna páskanna. Sveitir eru ávallt til reiðu.**

**FERÐALÖG** „Við erum svo sem ekki með meiri viðbúnað en vanalega um páskahelgina, því við erum alltaf til búin að fara af stað ef á þarf að halda,“ segir Jónas Guðmundsson, verkefnisstjóri Safetravel hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu. Hann segir þó líklegt að líkt og áður leggi margir land undir fót um þessa helgi.



**JÓNAS GUÐMUNDSSON**

„En svo eru sveitir okkar líka margar á ferðalögum um páskana, þannig að stundum gætum við verið nær en ella,“ bætir hann við. Hvað varðar ferðaveðrið um helgina segir Jónas bleytu í kortunum valda ákveðnum áhyggjum. „Snjór er nú þegar farinn að blotna á hálendi og víðar,“ segir hann og bendir á að bæði kunni fólki þá að vera hættara við að festa bíla sína og eins sé möguleiki á að snjóflóðahætta aukist á vissum svæðum.

Jónas segir Landsbjörgu og Safetravel hins vegar leggja mikla áherslu á gildi fyrirbyggjandi aðgerða. „Það eru þessi fjögur til fimm atriði sem þarf að hafa í huga áður en haldið er af stað.“

Í fyrsta lagi segir hann að kanna þurfi aðstæður á áfangastað, þar með talið veðurspá, og haga búnaði í samræmi við það. Síðan þurfi líka að gæta að því að vera með fjarskiptatæki sem virka. „Það ekki hægt að reiða sig á farsímann eingöngu, á sumum svæðum þarf talstöð eða gervihnattasíma, eða eitthvað slíkt. Komi eitthvað upp á þarf maður að geta kallað eftir aðstoð.“

Í þriðja lagi segir Jónas nauðsynlegt að vera með réttan búnað með sér og kunna að nota hann. „Til dæmis má nefna fólk sem ferðast á jökla, en það gera margir um páskana. Fari svo að bíll missi dekk í sprungu þá þarf maður að geta fest sig við bílinn áður en út úr honum er farið.“ Jónas segir nokkur dæmi um banaslys þar sem fólk hefur dottið í sprungur við slíkar aðstæður. „Ef dekk er komið í sprungu, þá er ljóst að sprungur eru á staðnum.“

Sömuleiðis segir Jónas nauðsynlegt að hafa með öryggisbúnað, sjúkrabúnað, teppi og nesti. Hér sé allra veðra von og fólk hafi jafnvel lent í því að festast í bílum sínum tímunum saman úti á þjóðvegi, hvað þá í óbyggðum.

„Síðast en ekki síst er svo mjög mikilvægt að skilja eftir ferðaáætlun,“ segir Jónas og bendir á að það megi gera á vefnum safetravel.is. Liggi fyrir áætlun sé hægt að koma í veg fyrir tímaeyðslu við leit á röngum stað. olikr@frettabladid.is



**BJÖRGUN Í HEIÐMÖRK** Hér getur á að líta útkall þegar kona féll ofan í fimm til sex metra djúpa sprungu í Heiðmörk í marsbyrjun fyrir tveimur árum. Á vefnum safetravel.is er að finna margvíslegar upplýsingar um hvernig haga beri ferðalögum þannig að öryggi allra sé tryggt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Fari svo að bíll missi dekk í sprungu þá þarf maður að geta fest sig við bílinn.
>
> JÓNAS GUÐMUNDSSON
> VERKEFNISSTJÓRI SAFETRAVEL.IS

Frjálslyndir vilja breyta:

# Vilja leyfa aðra fána en danska

**DANMÖRK Radikale venstre, flokkur frjálslyndra í Danmörku, telur tímabært að lyfta banni við því að flagga öðrum þjóðfánum en þeim danska.**

**„Fánar eru bara tákn,“ sagði Zenia Stampe, þingmaður flokksins við TV2 í Danmörku. Hún sagðist elska Danmörku og danska þjóðfánann, en málið snérist um tjáningarfrelsi.**

**Samkvæmt dönskum lögum á aðeins að flagga danska fánanum þar, með undantekningum þó. Flagga má fánum Norðurlandaþjóðanna, Evrópusambandsfánanum og fána Sameinuðu þjóðanna án þess að fá sérstakt leyfi.** - þeb

Réttarhöld hefjast á Kúbu:

# Fimm fangar dregnir fyrir dómnefndir

**BANDARÍKIN** Sameiginleg réttarhöld verða haldin yfir fimm föngum Bandaríkjahers í Guantanamo á Kúbu, sem hafa verið þar í haldi árum saman. Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna skýrði frá því í gær að málaferlin séu formlega hafin.



**KHALID SHEIKH MOHAMMED**

Mennirnir fimm eru grunaðir um að hafa skipulagt hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september árið 2001. Réttarhöldin fara fram á Kúbu, þar sem dómnefndir á vegum hersins munu kveða upp úrskurð í málum fanganna. Sakborningarnir fimm eru Khalid Sheikh Mohammed, Waleed bin Attash, Ramzi Binalshibh, Ali Abd al-Aziz Ali og Mustafa Ahmad al-Hawsawi. - gb




Fréttakonan Þóra Arnórsdóttir lýsir yfir framboði til embættis forseta Íslands:

# Forsetaembættið ekki pólitískt

**KOSNINGAR** Sjónvarpskonan Þóra Arnórsdóttir hefur ákveðið að gefa kost á sér til embættis forseta Íslands. Þóra tilkynnti um þetta á blaðamannafundi í gær.

Þóra sagði þörf fyrir nýjan tón í samfélaginu þegar hún greindi frá ákvörðun sinni innan um vini og stuðningsfólks í Hafnarborg í Hafnarfirði.

Hún sagði nóg komið af því að horfa um öxl og nú væri réttast að einbeita sér að því sem sameinaði þjóðina, en ekki því sem sundraði henni. Þar með ætti þó ekki að sópa neinu undir teppið. „En við eigum að bera virðingu fyrir sjónarmiðum annarra og virða reglur rökræðna, hlusta og læra.“

Þóra kvaðst ekki sjá fyrir sér pólitískt forsetaembætti. Forsetinn hefði það hlutverk að vera málsvari þjóðarinnar og öryggisventill. „Öryggisventill í neyðartilvikum,“ áréttaði hún.

Þóra mældist næst Ólafi Ragnari Grímssyni, sitjandi forseta, að vinsældum í könnun sem gerð var á nokkrum mögulegum forsetaefnum fyrir skemmstu.

Hún bætist nú í hóp fimm annarra sem lýst hafa yfir framboði; Ólafs, Herdísar Þorgeirsdóttur, Ástþórs Magnússonar, Jóns Lárussonar og Hannesar Bjarnasonar.



**MIKIL FAGNAÐARLÆTI** Fjöldi fólks var kominn saman til að fagna ákvörðun Þóru, meðal annars Svavar Halldórsson, eiginmaður hennar, og börn, sem sjást á bak við hana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í Fréttablaðinu í dag má lesa viðtal við Þóru þar sem hún ræðir ákvörðun sína, og jafnframt viðtal við Herdísi. - sh / sjá síður 22 og 24


Kringlan
Opið 13–18 í dag
Afgreiðslutími um páskana
Skírdagur 13–18
Föstudagurinn langi lokað
Laugardagur 10–18
Páskadagur og annar í páskum lokað
Páskar
Páskaleikur Kringlunnar og Nóa Síríus
Allir krakkar sem búa til páskaunga á Blómatorginu í dag
fá glaðning og 20 heppnir krakkar vinna páskaegg nr. 7.
Skráðu þig á póstlistann á Facebook
20 heppnir vinna páskegg nr. 7.
Athugið! Sambíóin Kringlunni eru opin alla páskana.

## GENGIÐ 04.04.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,02 | 127,62 |
| Sterlingspund | 201,58 | 202,56 |
| Evra | 167,21 | 168,15 |
| Dönsk króna | 22,471 | 22,603 |
| Norsk króna | 22,081 | 22,211 |
| Sænsk króna | 18,986 | 19,098 |
| Japanskt jen | 1,5436 | 1,5526 |
| SDR | 195,54 | 196,70 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

229,8427

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Janúar og febrúar oftast köldustu mánuðir ársins samkvæmt mælingum á hita:

# Apríl sjaldnast kaldasti mánuðurinn

**NÁTTÚRA** Janúar og febrúar eru yfirleitt köldustu mánuðir ársins hér á landi miðað við tölur frá síðustu 189 árum. Apríl hefur aðeins þrisvar komist á blað sem kaldasti mánuðurinn og því lítil hætta á að kuldametið þetta árið verði bætt fyrr en næsta vetur.

Þetta kemur fram í samantekt Trausta Jónssonar veðurfræðings á hitastigi yfir köldustu mánuði ársins. Frá árinu 1823 hefur janúar oftast verið kaldasti mánuðurinn, alls 52 sinnum. Febrúar fer nærri því að jafna það met, en hann hefur 51 sinni verið kaldastur. Desember er rétt ríflega hálfdrættingur, og hefur 30 sinnum verið kaldastur.

Aðeins tveir aðrir mánuðir komast á blað í samantekt Trausta, enda varla við því að búast að kuldamet ársins séu slegin að sumri eða hausti. Nóvember hefur níu sinnum verið kaldasti mánuður ársins. Apríl rekur svo lestina. Aðeins þrisvar hefur hann verið kaldasti mánuðurinn, síðast veturinn 1953. Þá var tíðin afar leiðinleg, og hríðarveður og kuldi urðu þess valdandi að gróður sem þá var kominn á skrið sölnaði aftur, segir í samantekt Trausta. **- bj**




Vændi í Svíþjóð:

## Sex ákærðir fyrir mansal

**SVÍÞJÓÐ** Sex menn hafa verið ákærðir fyrir aðild sína að mansalshring í Svíþjóð.

Tíu menn frá Litháen eru taldir hafa staðið að baki mansalinu. Þeir gerðu út að minnsta kosti fimmtán konur frá sama landi, sem þeir fengu til Svíþjóðar á þeim forsendum að þær fengju mjög vel borgað fyrir að vinna sem vændiskonur þar. Þeim var hins vegar haldið nauðugum og fengu aðeins brot af þeim peningum sem þeim var lofað. Ein fékk ekkert borgað. **- þeb**



**GRÁIR FYRIR JÁRNUM** Tveir franskir sérsveitarmenn í borginni Roubaix. NORDICPHOTOS/AFP

Aðgerðir lögreglunnar:

## Fleiri íslamistar teknir höndum

**FRAKKLAND, AP Franska lögreglan handtók í gær tíu róttæka íslamista í fimm borgum landsins. Í síðustu viku handtók lögreglan 13 manns í sams konar aðgerðum.**

**Þessar aðgerðir lögreglunnar koma í beinu framhaldi af morðunum í Toulouse og nágrenni, þegar ungur maður myrti sjö manns. Hann var síðan sjálfur veginn þegar lögreglan reyndi að handtaka hann. Bróðir hans er enn í haldi, grunaður um aðild.**

**„Þrýstingnum á róttæka íslamista og þá hættu sem af þeim stafar verður ekki aflétt," sagði Claude Gueant innanríkisráðherra.** **- gb**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Sviptingar á Suðurgötu**

Fimm ökumenn voru sviptir ökuréttindum til bráðabirgða á mánudag og þriðjudag eftir að hafa verið staðnir að hraðakstri á Suðurgötu við Skothúsveg í Reykjavík. Lögregla segir bíla fólksins hafa mælst á 66 til 70 kílómetra hraða, en þarna er 30 kílómetra hámarkshraði.

# Íslandsbanki óttast áhrif veiðigjaldsins

**Boðaðar breytingar á stjórnkerfi fiskveiða og sérstakt veiðigjald munu hafa veruleg áhrif á íslenskt efnahagslíf, er mat Íslandsbanka. Afkoma fyrirtækja og sjávarútvegs í heild er undir. Eins verða áhrifin á efnahag bankanna neikvæð.**

**EFNAHAGSMÁL** Mat Íslandsbanka er að frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjald hafi í för með sér veruleg áhrif á rekstrarafkomu sjávarútvegsfyrirtækja og sjávarútveginn í heild. Líklegt telur bankinn að fjárfestingar í greininni dragist verulega saman. Þá er mat bankans einnig að breytingarnar hafi áhrif á íslenskt efnahagslíf í heild sinni og það eigi eftir að skila sér í verri efnahag viðskiptabankanna þriggja.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í áliti á frumvörpunum tveim sem bankinn sendi frá sér síðdegis í gær.

Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegsráðherra, kynnti frumvörpin 26. mars og sagði að valin hefði verið sú leið að hafa tvískipt veiðigjald; annars vegar grunngjald sem allir greiddu, og hins vegar tekjutengt gjald eða auðlindarentu, sem reiknuð væri eftir vissum forsendum.

Í áliti Íslandsbanka segir að forsendurnar fyrir auðlindarentunni, eða sérstaka veiðigjaldinu, standist ekki sökum þess að ekki sé tekið tillit til réttrar skuldsetningar greinarinnar í útreikningi stofnsins. Þessi skekkja veldur því, að mati bankans, að lítill hagnaður verður eftir fyrir fyrirtækin sem jafnvel muni knésetja sum þeirra.

Breytingarnar telur bankinn hafa mikil áhrif á sinn rekstur og hinna viðskiptabankanna. Það



**Á LOÐNU 2012** Íslandsbanki birti kolsvarta skýrslu í gær um álit sitt á áhrifum frumvarpa um stjórn fiskveiða og veiðigjald. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

aftur hafi neikvæð áhrif á fjármögnunarleiðir sjávarútvegsfyrirtækjanna. Því megi búast við því að fjárfestingar dragist saman nái frumvörpin fram að ganga. Birtingarmyndin verður eldri skipafloti og framþróun verður lítil sem engin. Við þetta myndast vítahringur þar sem fyrirtækin hafa síður getu til að standa við núverandi og væntanlegar skuldbindingar gagnvart sínum lánardrottnum.

Má geta þess að útlán til sjávarútvegsfyrirtækja vega misþungt í efnahagsreikningi stóru viðskiptabankanna þriggja. Sjávarútvegurinn er um 12% af útlánum Íslandsbanka, 23% hjá Landsbankanum og um 11% hjá Arion banka (bæði til sjávarútvegs og landbúnaðar).

Íslandsbanki telur flækjustig laganna vera „ávísun á þjóðhagslega sóun" og að aukin pólitísk aðkoma að úthlutun aflahlutdeilda skref til fortíðar. **svavar@frettabladid.is**

Öryggismál í brennidepli:

## Stela farsímum þingmanna

**SVÍÞJÓÐ Nær 30 farsímum hefur verið stolið frá sænskum þingmönnum og starfsmönnum sænska þingsins á undanförnum tveimur árum.**

**Sérfræðingur í netöryggismálum, Robert Malmgren, segir þetta ógn við öryggið, að því er fréttavefurinn Metro greinir frá.**

**Þar segir jafnframt að sænska þingið tilkynni lögreglunni að meðaltali um tvo þjófnaði á snjallsímum á mánuði. Nokkrum símanna var stolið erlendis.**

**Malmgrein segir auðvelt að komast að öllum upplýsingum í farsímum hafi menn slíka undir höndum.** **- ibs**

Pólverjar oftast án atvinnu:

## Dregið hefur úr atvinnuleysi erlendra karla

**ATVINNULÍF** Atvinnuleysi erlendra karla hefur minnkað töluvert milli áranna 2010 og 2011, en aukist að sama skapi meðal kvenna, að því er fram kemur á vef Vinnumálastofnunar.

Stofnunin hefur birt uppfærslu á áætlun um fjölda erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og áætluðu atvinnuleysi út frá fjöldatölum um skráð atvinnuleysi eftir ríkisborgararétti.

Fram kemur að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hafi að jafnaði verið rúm 14 prósent á árinu 2011 og lækkað örlítið frá fyrra ári. Atvinnuleysi var þó enn hærra meðal pólskra ríkisborgara eða um 20 prósent og var það óbreytt milli ára. **- óká**




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**MILDIR PÁSKAR**

Veðrið verður nokkuð gott alla páskana en við verðum samt að sætta okkur við smá vætu, en þurrt að mestu á suðausturlandi og bjart. Fínt útivistarveður í mildu veðri og vindur verður almennt hægur.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 9° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 13° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 9° |
| París | 16° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



10 stk
Páskaliljur
799

# PÁSKAMARKAÐUR

*í Blómavali um land allt*



Allt
páskaskraut
30%
afsláttur

tilboð
Páskakrýsi
999 kr



Páskagreinar
3 stk. í búnti
799 kr



NÝ SENDING
Frostþolnir
útipottar
11441587-88-89
11441593-94-95

## GARÐSKÁLINN SKÚTUVOGI
## ÁVAXTATRÉ
### BERJARUNNAR OG KRYDDJURTIR

**ÁVAXTARTRÉ**
eplatré 4 yrki
plómutré 3 yrki
perutré 3 yrki
kirsuberjatré 5 yrki
ólívutré
lárviðartré
kiwitré
fíkjutré

**BERJARUNNAR**
rifsber rauð og hvít
sólber
stikilsber gul og rauð
hindber rauð og gul
gojaber
brómber
trönuber
bláberjarunni
vínber græn og blá

**KRYDDJURTIR**
garðablóðberg-
thymjan 5 tegundir
lavender
salvía
rósmarin



eplatré

## Blómaval Skútuvogi
### afgreiðslutími um páska
**sjá afgreiðslutíma um land allt á www.blomaval.is**

| | | |
|---|---|---|
| Skírdagur | 5. apríl | 10-19 |
| Föstudagurinn langi | 6. apríl | Lokað |
| Laugardagur | 7. apríl | 10-19 |
| Páskadagur | 8. apríl | Lokað |
| Annar í páskum | 9. apríl | 11-19 |

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri
Egilsstaðir - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

## KJÖRKASSINN



*Telur þú rétt að fækka íslenskum háskólum í hagræðingarskyni?*

| | |
|---|---|
| Já | 73% |
| Nei | 27% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú til útlanda í sumar?*

Segðu skoðun þína á Visir.is. VÍSIR

Starfskona Bláa turnsins náði að forða sér þegar eldur kviknaði út frá steikarpotti:

# Eldur breiddist út á skammri stund

**LÖGREGLUMÁL** Enginn meiddist þegar söluskálinn Bláí Turninn við Háaleitisbraut í Reykjavík varð eldi að bráð rétt fyrir klukkan ellefu í gærmorgun.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliði náði starfskona söluskálans að forða sér út eftir að eldur, sem talinn er hafa komið upp í djúpsteikingarpotti, breiddist hratt út og læsti sig í loft og svo klæðningu í þaki söluskálans.

Húsið er talið ónýtt eftir brunann en úr varð töluverður eldur og sást reykurinn frá brunanum langt að.

Allnokkur viðbúnaður var vegna brunans, en um skeið lokaði lögregla öllum götum í nágrenni söluskálans. Þá voru á staðnum að minnsta kosti þrír slökkviliðsbílar og nokkrir sjúkrabílar. Aðgerðum á vettvangi stjórnaði Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.



**BARIST VIÐ ELDINN** Bláí turninn við Háaleitisbraut er ónýtur eftir bruna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Slökkvistarf stóð í um þrjár klukkustundir en lauk fljótlega eftir að grafa, sem kölluð hafði verið á vettvang, náði að rjúfa þak söluskálans. - óká

Ætlaði að sjúga bensín úr bíl:

# Ryksuga full af bensíni sprakk

**SVÍÞJÓÐ Bíll og ryksuga brunnu til kaldra kola í norðurhluta Svíþjóðar í vikunni. Eigandi bílsins hafði ætlað að flytja bensín úr bílnum yfir í snjóblásturstæki með þessum afleiðingum.**

**Maðurinn ákvað að nota heimilisryksuguna til þess að sjúga bensín úr bílnum, með þeim afleiðingum að það kviknaði í henni. Maðurinn, sem var inni í bílskúr þegar þetta átti sér stað, kastaði ryksugunni út úr honum þar sem hún sprakk. Manninum varð ekki meint af.** - þeb



**Á VETTVANGI** Særður maður fluttur burt. NORDICPHOTOS/AFP

Sprengjuárás í Sómalíu:

# Friðurinn úti í höfuðborginni

**SÓMALÍA, AP** Að minnsta kosti tíu manns létust í sprengjuárás á ríkisleikhús í Mogadishu, höfuðborg Sómalíu.

Árásin var gerð þegar Abdiweli Mohamed Ali forseti var að flytja ræðu í tilefni af ársafmæli ríkissjónvarps landsins. Fjöldi gesta var í húsinu, sem var opnað á ný fyrir aðeins tveimur vikum eftir að hafa staðið lokað árum saman vegna borgarastyrjaldarinnar í landinu.

Vonir um friðsælli tíma höfðu vaknað í höfuðborginni eftir að stjórnarhernum tókst að hrekja íslamistasamtökin al-Shabab úr borginni í ágúst. Samtökin sögðust í gær bera ábyrgð á þessari árás og sögðu að sprengjum hafi verið komið fyrir í húsinu, en ríkisstjórnin segir að kona hafi sprengt sig í loft upp. - gb

# Ísleysið á Öskjuvatni er til marks um aukinn jarðhita

**Vísindamenn lögðu í gær línurnar vegna óvenjulegs ástands við Öskju, sem er eldstöð norðan Vatnajökuls. Öskjuvatn var orðið íslaust í mars, sem er óþekkt. Almannavarnir vara við ferðalögum um svæðið.**

**NÁTTÚRA** Vísindamenn Veðurstofunnar og Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands funduðu í gær um eldstöðina Öskju norðan Vatnajökuls. Farið var yfir gögn úr rannsóknaleiðangri með flugvél Landhelgisgæslunnar sem farinn var á mánudag. Tilefni rannsóknanna er að Öskjuvatn var orðið íslaust strax í mars, sem er tveimur til þremur mánuðum fyrr en venja er til.

„Vatnið var íslaust í mars og það er vísbending um verulega aukinn jarðhita á botni vatnsins einhvers staðar“, segir Einar Kjartansson, sérfræðingur á Veðurstofu Íslands. Einar bendir á að þó óvenjuhlýtt hafi verið á landinu í mars skýri það ekki ísleysið á Öskjuvatni, enda séu önnur vötn á hálendinu, til dæmis Hágöngulón og Mývatn, enn undir ís. Þess vegna þótti vísindamönnum ástæða til frekari athugana.

Í fluginu kom einnig í ljós að þekktu jarðhitasvæðin þrjú á svæðinu voru vel virk, en engin auðsjáanleg merki nýs yfirborðshita var sjáanlegur. Stóra askjan var undir snjóþekju og engin bræðsla var sjáanleg.



**VIÐ ÖSKJUVATN** Mikil náttúrufegurð er við vatnið en almannavarnir vara við ferðum á svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spurður nánar um eldstöðina Öskju segir Einar að í síðasta gosi, árið 1961, hafi fylgt nokkur aðdragandi með aukinni jarðhitavirkni. Hann segir jafnframt að þétt mælanet sé á svæðinu sem geti gefið upplýsingar þegar gögnunum hefur verið safnað saman. „Þarna varð gríðarlega stórt gos 1875 og nokkur smágos fram til gossins 1961. Það er því ekkert reglulegt mynstur sem gæti gefið hugmyndir um hvenær næsta gos sé væntanlegt.“

Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra sendi frá sér tilkynningu síðdegis í gær. Þar kemur fram að Jarðvísindastofnun og Veðurstofan munu fara í leiðangur á svæðið eftir páska til þess að gera mælingar á svæðinu og koma fyrir tækjabúnaði til frekari mælinga.

Vegna óvissu vill lögregla beina þeim tilmælum til fólks að fara ekki um svæðið að óþörfu. „Sérstaklega er varað við því að fólk fari að Víti eða Öskjuvatni vegna möguleikans að eitraðar gastegundir séu að leita upp,“ segir í tilkynningu. svavar@frettabladid.is



**AUGA Í AUÐNINNI** Þessi mynd utan úr geimnum segir meira en mörg orð, hér sést Öskjuvatn íslaust en landið annars þakið ís og snjó. MYND/MODIS/NASA/UNNIN Á VEÐURSTOFU Á ÍSLANDS




Borgarferðir

**Með Helga Björns í menningarborginni Berlín**

Í þetta skipti ætlar hinn þjóðkunni og vinsæli söngvari Helgi Björns að leiða farþega um áður óþekktar slóðir hinnar frábæru Berlínar sem margir kalla „New York Evrópu“ - enda sefur hún aldrei. Helgi gjörþekkir Berlín og veit hvar áhugaverða klúbba, dansstaði, leikhús, óperur og fjöllistasýningar er að finna.

**Allar nánari upplýsingar á www.expressferdir.is**

Verð á mann í tvíbýli með morgunverði

27.-30. apríl **94.900 kr.**

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í þrjár nætur með morgunverði á 4* hóteli og fararstjórn Helga Björnssonar.

expressferdir.is 5 900 100

Express ferðir

Fíton/SÍA


Könnun á þróun neysluverðs á Íslandi og á evrusvæðinu:

# Verðhækkanir eru langtum meiri hér

**NEYTENDUR** Verð á vörum og þjónustu hefur hækkað um 34,9 prósent hér á landi frá árinu 2008. Á meðan hefur hækkunin numið 5,8 prósentum á evrusvæðinu.

Þetta kemur fram í nýrri úttekt sem Hagstofa Íslands vann fyrir Já Ísland, en þar kemur jafnframt fram að matarkarfan hefur hækkað um 32 prósent á Íslandi en samsvarandi hækkun nemur rúmum fimm prósentum á evrusvæðinu. Verð á fatnaði og skóm hefur einnig hækkað um rúm 30 prósent hér landi en verð hefur lækkað um tæp átta prósent á evrusvæðinu.

Í tilkynningu frá Já Íslandi segir að augljóst sé að gjaldmiðlamál skipti miklu í þessu máli og mikilvægt sé að skoða samanburð við evrulönd til þess að geta tekið upplýsta ákvörðun um það hvort aðild að ESB geti nýst heimilum í landinu. Mikilvægt sé að horft sé til staðreynda í þeirri umræðu og þessari úttekt sé ætlað að hafa jákvæð áhrif á umræðuna „til gagns og fróðleiks“. - þj

**INNKAUP** Vöruverð hér á landi hefur hækkað talsvert umfram það sem gerist á evrusvæðinu samkvæmt úttekt Já Íslands.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Verðþróun:**

**Heildarverð á vörum og þjónustu:**
Ísland +34,9%
Evrusvæðið +5,6%

**Verð á fatnaði og skóm:**
Ísland +31,4%
Evrusvæðið -7,9%

**Matur og drykkur:**
Ísland +32%
Evrusvæðið +5,2%

**Húsgögn og heimilisbúnaður:**
Ísland +40,1%
Evrusvæðið 3,8%

HEIMILD: JÁ ÍSLAND

# Páskasteikin
*fæst í Hagkaup*




**SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP**
**2.999** kr/kg



**KALKÚNN FERSKUR**
**1.598** kr/kg




**HAMBORGAR-HRYGGUR**
**1.699** kr/kg




**ÚRBEINAÐ OG FYLLT LAMBALÆRI**
**2.799** kr/kg

*ferskt með flugi!*



Jarðarber | Bláber | Hindber | Brómber | Rifsber | Blæjuber

# Eftirréttina
*færðu hjá okkur*

GOTT – Eftirréttir –



Rikka




**Skyrterta**
- Vinsælasta Fabrikku skyrtertan í heiminum!



**Gulrótarkaka**
- þriggja hæða



Vanilluís með brownies-kökum, karamellusósu og Bourbon vanillu

Súkkulaðimús með kókos og rommi

Heit súkkulaðikaka með mjúkri miðju

Silkimjúk súkkulaði-mús með hindberjum



**Mjúkís frá Kjörís**
- 8 tegundir




**Ostakaka að hætti Jóa Fel**
- með appelsínusúkkulaði



*Risaegg frá Nóa er 1,4 kg*




*illy úrvals kaffi*

## OPNUNARTÍMI PÁSKAR 2012

| | SKEIFAN GARÐABÆR EIÐISTORG | KRINGLAN SMÁRALIND SPÖNG, AKUREYRI HOLTAGARÐAR | NJARÐVÍK BORGARNES SELFOSS |
|---|---|---|---|
| 5. apríl Skírdagur | OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS | 10:00-20:00 | 10:00-18:00 |
| **6. apríl Föstudagurinn langi** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** |
| 7. apríl Laugardagur | 24 TÍMA | 10:00-20:00 | 10:00-18:00 |
| **8. apríl Páskadagur** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** |
| 9. apríl Annar í páskum | OPNAR Á MIÐNÆTTI | 12:00-20:00* | 12:00-18:00 |

*LOKAÐ Í KRINGLUNNI Á ANNAN Í PÁSKUM

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Grill í Múrbúðinni – skoðaðu verðið!



59.900 kr.

GAS GRILL
4 ryðfríir brennarar og hliðarplata. 14 kw/h. 48.000-BTU. Hitamælir. Kveikja í stillihnapp. Grillgrind er postulínshúðuð. 44x56 cm. Extra sterk hjól v.gaskút. Þrýstijafnari og slöngur fylgja.

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



## Útboð á lax og silungsveiði í Gljúfurá í Húnaþingi.

Veiðifélög Gljúfurár og Víðidalsár óska hér með eftir tilboðum í lax- og silungsveiði í Gljúfurá í Húnaþingi fyrir árin 2013 til 2016, að báðum árum meðtöldum, samkvæmt meðfylgjandi útboðsskilmálum og fyrirliggjandi upplýsingum. Eingöngu er heimil fluguveiði. Leyfð er veiði á tvær stangir, veiðitími er 1.júlí til 20. september.

Útboðsgögn verða afhent frá 4. apríl á skrifstofu Bændasamtaka Íslands Bændahöllinni við Hagatorg sími 5630300 og hjá formanni Veiðifélags Gljúfurár.

Tilboðum skal skila til formanns Veiðifélags Gljúfurár Birgis Ingþórssonar Uppsölum 541 Blönduós merkt útboð Gljúfurá Húnaþingi fyrir kl 13.00 mánudaginn 30. apríl 2012.
Verða tilboðin opnuð sama dag kl 14.00 í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska í veiðihúsinu Gljúfurholti.
Réttur áskilinn til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

*Formaður Veiðifélags Gljúfurár*
*Birgir Ingþórsson*



FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

## Nytjaréttur af æðarvarpi

Reykjavíkurborg auglýsir til leigu nytjarétt af æðarvarpi í eyjum á Kollafirði. Um er að ræða eyjarnar Akurey, Engey, Viðey og Þerney.
Bjóða þarf í nytjarétt hverrar eyju fyrir sig.
Leigutímabilið er 1. maí til 15. júlí.

Nánari upplýsingar um réttindi og skyldur leigutaka er að finna á vefsíðu Framkvæmda- og eignasviðs, www.reykjavik.is/fer.

Tilboð berist til þjónustuvers Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12 - 14 fyrir kl. 16.15 fimmtudaginn 12. apríl 2012.

Þjónustuver 411 1111 | www.reykjavik.is/fer





Hemmi Gunn – og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur
BYLGJAN 989 25 ÁRA
alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel


Rússar segja uppreisnina í Sýrlandi ekki eiga möguleika gegn stjórnarhernum:

# Blóðbað stæði árum saman

**SÝRLAND, AP** „Jafnvel þótt þeir útveguðu sýrlensku uppreisnarmönnunum fullkomnasta vopnabúnað gætu þeir ekki sigrast á sýrlenska hernum,“ segir Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, um stuðning Vesturlanda og arabaríkja við uppreisnina í Sýrlandi.

„Blóðbaðið mun standa í mörg ár,“ bætti hann við.

Rússar hafa staðið gegn öllum hugmyndum um að styðja stjórnarandstöðuna í Sýrlandi með því að útvega henni vopn. Vesturlönd hafa ekki heldur stutt þær hugmyndir, en bæði Sádi-Arabía og Katar hafa talað fyrir því.

Um síðustu helgi samþykktu Vesturlönd engu að síður stofnun sjóðs, sem notaður yrði til að styrkja stjórnarandstöðuna í Sýrlandi, þótt það fé verði ekki notað til að útvega henni vopn.

Átökin í Sýrlandi héldu áfram í dag, meðal annars í borginni Homs þar sem á annan tug almennra borgara féllu í árásum stjórnarhersins.

Sýrlenska stjórnin hefur lofað því að kalla herlið sitt til baka frá borgum landsins fyrir 10. apríl, en uppreisnarmenn telja hana ætla að nota svigrúmið til að vinna endanlegan sigur. **- gb**



**HJÁLPARGÖGN TIL SÝRLANDS** Starfsmenn Rauða hálfmánans taka á móti hjálpargögnum í borginni Daraa, þar sem uppreisnin hófst. NORDICPHOTOS/AFP



**URRIÐAFOSS** Á meðal þeirra virkjanakosta sem færðust úr nýtingar- í biðflokk í vinnu við þingsályktunartillögu um Rammaáætlun eru þrjár virkjanir í Þjórsá. Urriðafossvirkjun er ein þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Segir að vatnsaflið sé að mestu fullnýtt

**Umhverfisráðherra segir orð forstjóra Landsvirkjunar sýna að vatnsafl sé að mestu leyti fullvirkjað hér á landi. Fagnar viðurkenningu fyrirtækisins á því að jarðvarmavinnsla taki tíma. Vonast til að Rammaáætlun verði samþykkt í vor.**

**UMHVERFISMÁL** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir ekki undarlegt að saxist á möguleika til vatnsaflsvirkjana hér á landi. Tveir þriðju hlutar kostanna séu þegar nýttir. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði við Fréttablaðið í gær að sérkennilegt væri að ekki væri gert ráð fyrir vatnsaflsvirkjunum svo heitið gæti í Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

„Rammaáætlun er ekki hugsuð sem hlaðborð fyrir orkufyrirtækin. Hún er tillaga um nýtingu landsvæða á grundvelli faglegra upplýsinga og þekkingar,“ segir Svandís.

Hún fagnar orðum Harðar um að jarðvarmann verði að nýta í skrefum. „Það er mikilvægt að Landsvirkjun, eins og aðrir nýtingaraðilar, skipi sér í sveit með þeim sem hafa efasemdir um að jarðvarmavirkjanir séu eins fljótlegur kostur og menn hafa viljað vera láta til skamms tíma. Það er rétt hjá honum að rannsaka beri þessa kosti mjög vel, meðal annars með tilliti til sjálfbærni auðlindarinnar og líka þeirra hliðarverkana sem af slíkri nýtingu hljótast, eins og til að mynda brennisteinsáhrifa og jarðskjálftavirkni.“

Svandís segist ósammála Herði um að nægar rannsóknir hafi farið fram varðandi laxastofna í Þjórsá. „Við teljum að rýna þurfi í þessi mál miklu betur og höfum fengið fjölmargar ábendingar þar um. Í anda Árósasamningsins viljum við láta umhverfið njóta vafans og skoða málið betur.“

Umhverfisráðherra vonast til að mælt verði fyrir þingsályktunartillögu um Rammaáætlun fljótlega eftir páska. Mikilvægt sé að hefja nánari úrvinnslu bæði hvað varðar nýtingu svæða en einnig þar sem þarf að friðlýsa. Hún vonsast til að áætlunin verði samþykkt í vor.

„Ég minni hins vegar á að þetta er ekki áætlun um hvað á að nýta heldur um hvað má nýta.“

**kolbeinn@frettabladid.is**

## Orkufyrirtækin sjálf að ofmeta

Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, tekur undir orð Svandísar varðandi jarðvarmann. Hann bendir á að áætlanir um mögulega orku frá slíkum svæðum séu byggðar á tölum frá orkufyrirtækjunum sjálfum. Þau hafi því talað jarðhitann upp með glannalegum spám. „En það er gott að orkufyrirtækin séu loksins farin að tala um jarðvarmann af einhverri alvöru eins og Hörður gerir nú. Orð hans undirstrika bara hversu óskynsamlegt það er að ætla sér að beisla jarðvarma fyrir stóriðju.“

Guðmundur segir nauðsynlegt að horfast í augu við það að búið sé að klára hagkvæmustu kostina fyrir nýtingu vatnsafls. Orkufyrirtækin séu því farin að leita fyrir sér í byggð með virkjanir. „Þannig að af raunhæfum kostum í nýtingu vatnsafls eru fáir eftir. Þess vegna kemur það ekki á óvart að fáir slíkir kostir rati í virkjanaflokk rammaáætlunar.“



**GUÐMUNDUR HÖRÐUR GUÐMUNDSSON**



# Nú getur þú keypt í matinn fyrir Aukakrónur





**Krónan er orðin samstarfsaðili Aukakróna.** Nú er hægt að safna Aukakrónum og kaupa í matinn fyrir Aukakrónur í verslunum Krónunnar um land allt.

Farðu á landsbankinn.is eða hringdu í síma 410 4000 og byrjaðu að safna Aukakrónum.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## MYNDASYRPA: Hvalskipin í Hvalfirði



**BIÐIN LANGA** Hvalskipin Hvalur 6 og Hvalur 7 voru dregin upp í fjöruna við hvalstöðina í Hvalfirði í fyrrahaust. Hér bíða þau þess að verða gerð klár til veiða. Eins og kunnugt er var skipunum tveimur sökkt í Reykjavíkurhöfn fyrir um aldarfjórðungi af umhverfisverndarsamtökunum Sea Shepherd, en skipin hafa frá þeim tíma látið mjög á sjá í löngu aðgerðarleysi.




**TÍMINN OG SAGAN** Skutur skipa fyrr á öldum var híbýli skipstjóra og hefðarmanna. Mjög var því vandað til skreytinga á þessum hluta skipa og skörtuðu þau oftar en ekki fallegum útskornum myndum. Í Hvalfirði er maður minntur á tímann og söguna.

# *Sem hvalreki í fjörunni*

Í fjöru í Hvalfirði liggja tvö skip með mikla sögu og bíða. Hvalur 6 og Hvalur 7 drógu björg í bú um langt skeið en var sökkt í Reykjavíkurhöfn árið 1989. Ljósmyndarinn *Vilhelm Gunnarsson* kom við í fjörunni í Hvalfirði og festi baráttu skipanna fyrir lífi sínu á mynd.



**HRÚÐURKARLAR** Eins og ættingjar sínir þarf fjörukarlinn, en það nafn ber algengasti hrúðurkarlinn hér við land, tíma til að koma sér fyrir. Fjörukarlinn ver lífi sínu sem fullorðið dýr á sama stað, og því er hlutskipti hans og dvalarstaðarins ekki með öllu ólíkt.




**MIKIÐ VERK** Ef hvalskipin eiga að sigla til veiða í framtíðinni bíður manna nokkuð verk. En þó er það þekkt að hrörlegt útlit skipa blekkir oft augað. Því er það ekki útilokað, þó það virðist ólíkindatal, að hvalskipin fái uppreisn æru áður en langt um líður.



**HVALUR RÍS** Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að lesa í þær myndir sem tíminn hefur teiknað á kinnunginn á Hval 7. Hér er sem tignarlegur hvalur rísi úr djúpinu til að sýna myndugleik sinn, en í myndinni felst líka kaldhæðni í ljósi hlutverksins sem skipið gegndi áður fyrr.







| | Nettó Akureyri | Nettó Borgarnes | Nettó Egilsstaðir | Nettó Grindavík | Nettó Hverafold |
|---|---|---|---|---|---|
| Pálmasunnudagur | 12.00-18.00 | 12.00-18.00 | 12.00-18.00 | 12.00-18.00 | 12.00-18.00 |
| Skírdagur | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 |
| Föstudagurinn langi | **Lokað** | **Lokað** | **Lokað** | **Lokað** | **Lokað** |
| Páskadagur | **Lokað** | **Lokað** | **Lokað** | **Lokað** | **Lokað** |
| Annar í páskum | 12.00-18.00 | 12:00-18:00 | 12:00-18:00 | 12:00-18:00 | 12:00-18:00 |

| | Nettó Höfn | Nettó Kópavogur | Nettó Mjódd | Nettó Njarðvík | Nettó Selfoss |
|---|---|---|---|---|---|
| Pálmasunnudagur | Lokað | Dag&nótt | 12.00-18.00 | 12.00-18.00 | 12.00-18.00 |
| Skírdagur | 10.00-18.00 | Dag&nótt | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 |
| Föstudagurinn langi | **Lokað** | **Lokað** | **Lokað** | **Lokað** | **Lokað** |
| Páskadagur | **Lokað** | **Lokað** | **Lokað** | **Lokað** | **Lokað** |
| Annar í páskum | 12:00-18:00 | Dag&nótt | 12:00-18:00 | 12:00-18:00 | 12:00-18:00 |

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

*um páskana*

**netto KRÆSINGAR & KOSTAKJÖR**



**FÉKK JARÐARBERJAKÖKU** Þessi hvítabjörn í þýskum dýragarði fékk að gæða sér á klakaköku með jarðarberjum. NORDICPHOTOS/AFP

Tæplega 30 þúsund ferðamenn í marsmánuði og 90 þúsund frá áramótum:

# Aldrei fleiri ferðamenn í mars

**SAMGÖNGUR** Rúmlega fjórðungi fleiri ferðamenn fóru frá landinu í nýliðnum marsmánuði en í sama mánuði í fyrra og hafa aldrei verið jafnmargir. Þetta kemur fram í nýjum talningum Ferðamálastofu.

Mælingar Ferðamálastofu á brottförum hófust fyrir ellefu árum. Síðan þá hefur fjöldi erlendra ferðamanna í mars rúmlega tvöfaldast. Að meðaltali hefur aukningin verið um 7,9 prósent á ári en var nú 26,2 prósent milli ára.

Flestir ferðamannanna komu frá Bretlandi, eða 27 prósent. Næstflestir voru Bandaríkjamenn, rúmlega þrettán prósent. Norðmenn, Danir og Þjóðverjar komu næst þar á eftir.

Frá áramótum hafa rúmlega tuttugu prósentum fleiri ferðamenn farið frá landinu en á sama tímabili í fyrra, eða 87.658 ferðamenn.

Ríflega 50 prósentum fleiri Bretar komu hingað til lands á fyrstu þremur mánuðum ársins en á síðasta ári og um fjórðungi fleiri frá Norður-Ameríku. Norðurlandabúar voru sex prósentum fleiri nú en í fyrra en Mið- og Suður-Evrópubúum fækkaði milli ára. - þeb



**LEIFSSTÖÐ** Ferðamálastofa hefur fylgst með brottförum ferðamanna síðustu ellefu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Inflúensan er í rénun:

## Enginn með svínainflúensu

**HEILBRIGÐISMÁL** Inflúensan er í rénun, að því er fram kemur á vef Landlæknisembættisins. Faraldurinn var mjög svipaður og í fyrra og náði hámarki í febrúar.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum hafa öll staðfest tilfelli af inflúensu í vetur verið inflúensa A(H3). Enginn hefur smitast af inflúensu B eða svínainflúensu. Þá hefur töluvert greinst af RS-veiru í börnum. Nánast engar aðrar öndunarfæraveirur hafa greinst undanfarið. - þeb


**Tónskáldasjóður Rásar 2**

Undirritaðar umsóknir skulu berast sjóðnum á þar til gerðum eyðublöðum í þríriti ásamt fylgigögnum fyrir miðnætti hinn **21.apríl 2012** merktar

„Tónskáldasjóður Rásar 2"
c/o STEF, Laufásvegi 40, 101 Reykjavík.

Umsóknareyðublöð má fá heimasíðu STEFs.

FÉLAG TÓNSKÁLDA & TEXTAHÖFUNDA




**FORSETI SERBÍU** Boris Tadic segist aldrei munu viðurkenna sjálfstæði Kosovo. NORDICPHOTOS/AFP

# Boris Tadic reynir að flýta uppgjöri

**Forseti Serbíu hefur sagt af sér svo hægt verði að efna til forsetakosninga í maí, samhliða þingkosningum. Flokki hans er kennt um efnahagsvanda og þjóðernissinnar óttast að Tadic muni fórna Kosovo fyrir Evrópusambandsaðild.**

**SERBÍA, AP** Boris Tadic, forseti Serbíu, sagði af sér í gær svo hægt verði að hraða forsetakosningum, þar sem hann mun etja kappi við Tomislav Nikolic.

Tadic er Evrópusinni en Nikolic þjóðernissinni. Þeir hafa tvisvar áður tekist á í forsetakosningum, og í bæði skiptin hefur Tadic naumlega borið sigur úr býtum. Væntanlega munu fleiri bjóða sig fram, þótt almennt sé ekki búist við að aðrir en Tadic og Nikolic eigi raunverulega möguleika á sigri.

Búist er við því að forseti serbneska þjóðþingsins muni nú boða til forsetakosninga þann 6. maí næstkomandi, sama dag og kosið verður bæði til þings og sveitarstjórna. Hljóti enginn frambjóðenda helming atkvæða þá verður efnt til seinni umferðar kosninganna, þar sem kosið verður á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hljóta í fyrri umferðinni.

Tadic hefur unnið hörðum höndum að því að þoka Serbíu í áttina að Evrópusambandinu, en segir að nú þurfi kjósendur að taka afstöðu.

„Ég býð upp á leið evrópsks samruna og vörn fyrir einingu landsins," sagði Tadic þegar hann tilkynnti um uppsögn sína. „Ég býð mig fram með bjartsýni að leiðarljósi vegna þeirrar jákvæðu þróunar sem verið hefur í landinu okkar."

Kjörtímabil Tadic átti ekki að renna út fyrr en snemma á næsta ári, en hann hefur greinilega ákveðið að veðja á að forsetakosningar nú, á sama tíma og þingkosningar, geti hjálpað stjórnmálaflokki hans, Lýðræðisflokknum, sem hefur dalað í skoðanakönnunum undanfarið.

Serbneski framfaraflokkurinn, sem er þjóðernissinnaflokkur mótframbjóðandans Nikolic, hefur á hinn bóginn unnið á í skoðanakönnunum.

Nikolic segist bjartsýnn á að vinna sigur í forsetakosningunum í maí.

Lýðræðisflokki Tadic er kennt um alvarlegan efnahagsvanda og erfitt ástand margra hópa í samfélaginu af þeim sökum. Þjóðernissinnar segjast einnig sannfærðir um að Tadic og Lýðræðisflokkurinn ætli að fórna Kosovo fyrir hugsanlega aðild að Evrópusambandinu síðar meir.

Kosovohérað lýsti yfir sjálfstæði árið 2008 eftir langvarandi átök Serba og Kosovo-Albana, sem nú eru í miklum meirihluta íbúa Kosovo þótt Serbar hafi áður verið meirihluti íbúa þar.

Tadic tók hins vegar fram, þegar hann tilkynnti um afsögn sína: „Ég mun aldrei viðurkenna Kosovo."

gudsteinn@frettabladid.is


**OPIÐ Í DAG SKÍRDAG KL.10-16 Á KLETTHÁLSI**






**Sprengisandur** BYLGJAN 989
kraftmikill þjóðmálaþáttur
Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12


Strætó keyrir samkvæmt sunnudagsáætlun í dag og á annan í páskum:

# Ekki ekið föstudag og sunnudag

**SAMGÖNGUR** Enginn akstur verður hjá Strætó á föstudaginn langa og páskadag. Fyrirkomulagið hjá Strætó er eins og undanfarin ár um páska.

Í dag, skírdag, er strætisvögnum ekið samkvæmt sunnudagsáætlun. Á laugardag verður ekið samkvæmt venjulegri laugardagsáætlun og á annan í páskum verður ekið eftir sunnudagsáætlun á ný.

Strætó vill vekja athygli farþega með Herjólfi á því að á föstudaginn langa og páskadag verður fyrri ferð til Þorlákshafnar farin klukkan 9.45 frá BSÍ og frá Mjódd klukkan 10. Það verður eina ferðin þann dag.

Nánari upplýsingar um ferðir strætisvagna má nálgast í þjónustusíma Strætó, 540-2700, og á heimasíðunni strætó.is. - þeb



**STRÆTÓ** Þrátt fyrir að strætisvagnar verði ekki í umferð á föstudaginn langa og páskadag verður farin ferð til Þorlákshafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hvetur bæjarráð til dáða:

# Vilja fjölga ferðum Baldurs

**VESTURBYGGÐ Atvinnumálanefnd Vesturbyggðar hvetur bæjarráð Vesturbyggðar til að beita sér fyrir því að ferjan Baldur sigli lengur en til stendur, að því er fram kemur á vef Bæjarins besta.**

**Áætlað er að Baldur gangi á tímabilinu 10. júní til 24. ágúst.**

**Nefndarmenn atvinnumálanefndar telja tímabilið of stutt til að ná að svara þeim ferðamannastraumi sem liggur til Vesturbyggðar yfir Breiðafjörð yfir sumartímann. - kh**

Forseti Svæðanefndar ESB tjáir sig um aðkomu neðri stjórnsýslustiga að viðræðum við Evrópusambandið:

# Segir mikilvægt að sveitarfélögin taki þátt

**EVRÓPUMÁL** „Það er afar mikilvægt fyrir Ísland að sveitarstjórnir og svæðisbundin yfirvöld taki virkan þátt í aðildarviðræðum Íslands og ESB.“

Þetta segir Mercedes Bresso, forseti Svæðanefndar Evrópusambandsins (ESB), í samtali við Fréttablaðið. Bresso var stödd hér á landi þar sem hún fundaði með sameiginlegri þingmannanefnd Íslands og ESB og fulltrúum íslenskra sveitarfélaga um aðildarviðræðurnar.

Bresso sagði að á Íslandi eins og öðrum löndum sé afar mikilvægt að vinna gegn fólksflótta af dreifbýlli svæðum til stórborga.

„Þar skiptir byggðastefna miklu máli og getur aðstoðað við að koma á laggir verkefnum sem geta eflt atvinnulíf á dreifbýlli svæðum.“

Hún sagði ESB leggja mikla áherslu á þau mál, sem og að efla tækifæri almennings í aðildarlöndunum til að móta stefnu sambandsins. Svæðanefnd ESB samanstendur af 344 fulltrúum frá sveitarstjórnum í öllum löndum sambandsins. Markmið nefndarinnar er að virkja fulltrúa minni stjórnsýslueininga til að móta löggjöf ESB, enda kemur drjúgur hluti hennar til framkvæmda á því stigi.

Aðspurð hvort rödd Íslands yrði ekki hjáróma í þessum fjölmenna hópi, kæmi til aðildar, sagði Bresso að svo þyrfti ekki að vera. „Kæmi til aðildar Íslands fenguð þið um sex fulltrúa í Svæðanefndinni en Þýskaland er með 24 fulltrúa þannig að fámennu löndin hafa töluvert vægi og geta nýtt sér það vel.“ - þj



**SVEITARSTJÓRNARSTIGIÐ MIKILVÆGT** Mercedes Brasso, forseti Svæðanefndar ESB, segir mikilvægt fyrir íslensk sveitarfélög að taka þátt í aðildarviðræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Borgarahreyfingin sýknuð:

# Þurfti ekki að greiða laun eftir uppsögn

**DÓMSMÁL** Borgarahreyfingin þarf ekki að greiða Guðmundi Andra Skúlasyni, sem var verkefnisstjóri hreyfingarinnar, laun eftir að ráðningarsamningi við hann var rift.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í gær er Borgarahreyfingin sögð hafa haft lögmætar ástæður til að segja Guðmundi Andra upp störfum eftir að hann lét hreyfinguna greiða kostnað við fimm manna ferðalag til Brussel. Stjórnin hafði samþykkt að senda einn fulltrúa í ferðina. Borgarahreyfingin var því sýknuð af kröfum Guðmundar Andra og honum gert að greiða 400.000 krónur í málskostnað. - óká



**UMFERÐ** Í fyrra nam samdráttur í umferð á þessum tíma 10 prósentum milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samdráttur á árinu er 1,8%:

# Umferð jókst í marsmánuði

**VEGAMÁL Umferð í marsmánuði jókst um fjögur prósent á milli ára samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar. Aukningin er sögð sambærileg við aukninguna milli áranna 2009 og 2010.**

**„Það sem er þó óðruvísi nú er að umferð eykst á öllum landssvæðum,“ segir á vef Vegagerðarinnar. Umferð um Austurland jókst mest, en minnst á höfuðborgarsvæðinu.**

**„Frá áramótum hefur umferð nú dregist saman um 1,8 prósent.“ Samdrátturinn er sagður miklum mun minni en í fyrra, en þá var hann tæp 10 prósent. - óká**

Gistinætur fleiri í febrúar:

# Þriðjungsaukning útlendinga

**FERÐAMÁL** Gistinóttum á hótelum sem opin eru allt árið fjölgaði um 28 prósent í febrúar, miðað við sama mánuð ári fyrr.

„Gistinætur á hótelum í febrúar voru 102.600 samanborið við 79.900 í febrúar 2011,“ segir í frétt Hagstofunnar.

„Gistinætur erlendra gesta voru um 78 prósent af heildarfjölda gistinátta í febrúar en gistinóttum þeirra fjölgaði um 33 prósent samanborið við febrúar 2011. Á sama tíma fjölgaði gistinóttum Íslendinga um 13 prósent.“ - óká


arionbanki.is – 444 7000

Við óskum strákunum okkar góðs gengis í undankeppni Ólympíuleikanna

Hægt er að nálgast veggspjöld með mynd af landsliðinu í útibúum Arion banka.

Arion banki er stoltur styrktaraðili íslenska handboltalandsliðsins.

Arion banki




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bankar verða að sýna varkárni í útlánum.

## Belti, axlabönd og keðjur

Í nýrri skýrslu Samkeppniseftirlitsins, „Endurreisn fyrirtækja 2012 – Aflaklær eða uppvakningar“, kemur fram að 71% stjórnenda 120 stærstu rekstrarfyrirtækja landsins telja að dulin yfirráð banka yfir fyrirtækjum séu vandamál í atvinnulífinu. Þar er vitnað til athugasemda sem stjórnendurnir gerðu við þetta ástand. Einn stjórnandinn sagði að „lánasamningar og veðskjöl í dag eru orðin með þeim hætti að bankarnir stjórna fyrirtækjunum í reynd. Þannig er algengt að í mjög skuldsettum félögum séu nánast allar ákvarðanir háðar samþykki bankans […] Fyrirtækin og ákvarðanataka innan þeirra er því í raun á valdi lánveitenda“. Annar stjórnandi sagði að „öll lánaskilyrði bankanna bera með sér að bankinn telji nauðsynlegt að hafa vit fyrir stjórnendum og þeim ekki treyst til að taka ákvarðanir um fjárfestingar og önnur útgjöld þrátt fyrir traust veð“.

SKOÐUN



**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, tók undir þessi orð á umræðufundi um skýrsluna í Hörpunni síðastliðinn mánudag. Þar sagði hann bankana vera „ekki bara með belti og axlabönd, heldur keðjur“ í þeim lánasamningum sem þeir hafa verið að gera eftir hrun.

Varkárni bankanna á þó ekki að koma á óvart. Á góðæristímum voru lánasamningar beinlínis lélegir. Margir þeirra voru gerðir eftir leiðbeiningum lántakandans, sem oft og tíðum var í eigendahópi bankans, og með hagsmuni hans í huga. Dæmi um þetta er óeðlilegur fjöldi svokallaðra kúlulána, sem aðskilja sig frá hefðbundnum lánum með því að þau eru einungis með einn gjalddaga í lok lánstíma. Þegar kom að gjalddaga lánanna var oftar en ekki ákveðið að veita framlengingu á þeim eða ný lán veitt til að greiða þau gömlu upp. Með þessum hætti þurftu stærstu lántakendurnir í raun aldrei að greiða nein lán. Í skýrslu sem franska rannsóknarfyrirtækið Cofysis vann fyrir embætti sérstaks saksóknara um Glitni í lok árs 2010 sagði að hin mikla tíðni kúlulána hjá bankanum hefði beinlínis verið andhverf skynsamlegri bankastarfsemi.

Bankarnir sáu líka um útgáfu óveðtryggðra fyrirtækjaskuldabréfa fyrir félög sem vantaði fjármögnun. Slík bréf hafa kostað lífeyrissjóði landsins, sem keyptu mikið af þeim, rúmlega 90 milljarða króna hið minnsta. Í nýlegri úttekt á starfsemi sjóðanna, sem gerð var opinber í febrúar, kom fram að skilmálar í slíkum útgáfum hafi almennt verið allt of veikir. Hlutafélög sem voru „í góðu áliti“ fengu að gefa út verðlausa pappíra með heilbrigðisvottorði frá fjármálafyrirtækjunum sem höfðu umsjón með útboðnum. Svona hegðun, þar sem bankarnir voru hvorki með belti, axlabönd, keðjur né í buxum yfirleitt, spilaði stórt hlutverk í því að kröfuhafar stóru bankanna þriggja reikna með því að tapa um 6.000 milljörðum króna vegna falls þeirra og að erlendar fjármálastofnanir reikna með því að tapa rúmlega 7.500 milljörðum króna á íslenskum bönkum og fyrirtækjum.

Í byrjun árs 2009 voru 68% 120 stærstu fyrirtækja landsins undir yfirráðum bankanna. Það hlutfall var komið niður í 27% um síðustu áramót, og er það vel. Bankarnir vilja væntanlega búa þannig um hnútana að þeir fái þessi fyrirtæki aldrei aftur í fangið. Fyrsta skrefið í þá átt er að forðast margt í því vinnulagi sem tíðkaðist við útlán fyrir bankahrun.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Til fyrirmyndar

Evrópuvaktin hefur nú opinberað í smáatriðum hvernig styrkur frá Alþingi hefur verið nýttur. Alþingi veitti vaktinni 4,5 milljón króna styrk og hafa þeir vaktarmenn ráðstafað 3.211.416 krónum af þeirri upphæð. Kostnaður við flug nemur 80.786 krónum og 450.498 krónur fóru í gistingu svo ekki hefur væst um vaktarmennina á ferðalaginu. Björn Bjarnason og Styrmir Gunnarsson standa að Evrópuvaktinni og ber að hrósa þeim fyrir fyrirmyndar reikningsskil. Þeir hafa líka slegið tóninn í taxtamálum lausapenna, en fyrir hverja grein sem þeir skrifa á vef sinn þiggja þeir 50 þúsund krónur í laun. Vonandi sytrar þessi taxti til annarra sem skrifa greinar í hjáverkum.



### Lausamaður á Ríkisútvarpið?

Þóra Arnórsdóttir tilkynnti í gær að hún væri á leið í forsetaframboð. Hún starfar í Kastljósinu hjá Ríkisútvarpinu og hefur áður unnið á fréttastofunni. Má því leiða getum að því að allir fréttamenn stofnunarinnar séu vanhæfir til að fjalla um kosningarnar. Vandalaust ætti að vera að ráða lausamann, enda margir fjölmiðlamenn atvinnulausir nú um stundir.



### Flott ferilskrá

Lífeyrissjóðirnir hafa ráðið Brynjólf Bjarnason sem framkvæmdastjóra Framtakssjóðs. Líklega hefur ferilskrá hans heillað, en hann var meðal annars forstjóri Símans og Skipta. Sem slíkur bar hann ábyrgð á samkeppnisbrotum sem leiddu af sér umfangsmiklar sektir, eitt þeirra 390 milljónir króna. Þá skuldar félag hans Lambi hundruð milljóna, en helstu eignir þess voru hlutabréf í Existu. Þetta getur ekki klikkað.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Jöfnuður – markmið friðar

Þróunarsamvinna



**Gunnar Hersveinn**
rithöfundur

Allt sem við viljum er friður á jörð! Friðurinn stendur til boða – ef við viljum. Afl friðar er jöfnuður og gjafmildi. Afl ófriðar er græðgi og heimska.

Græðgin skilur fólk að og skapar yfirstétt og undirskipun, ríkidæmi og fátækt og hvaðeina annað sem reisir múra á milli manna og þjóða. Græðgin og heimskan eru auga og eyra ófriðar.

Friður er lærdómsferli með jöfnuð að leiðarljósi. Hann kemur böndum á agaleysi og eyðir tortryggni sem lengir bilið á milli manna og þjóða. Hvar sem ójöfnuður fær að vaxa brýst fyrr eða síðar út styrjöld. Friðarmenning er á hinn bóginn ljósið út úr óreiðu heimskunnar.

Andstætt því sem ætla mætti, er gjöfin lykillinn að velgengni og farsæld þjóðar; að gefa öðrum af bók-, verk- og siðviti sínu. Engu skiptir hvort sú þjóð sem gefur er rík eða í fjármálakreppu, hún getur hjálpað – ef hún vill – og markmiðið er að skapa jöfnuð og velsæld annarra.

Niður aldanna vitnar um lögmál gjafarinnar; gjöf gefin af góðsemi hefur gæfu að geyma. Þjóð sem tekur og traðkar á öðrum skapar aftur á móti vítahring haturs og ófriðar. Farsæld felst í því að gefa öðrum en sá tapar sem tekur frá öðrum ófrjálsri hendi og kúgar.

> Ef við eflum þróunarsamvinnu og hjálpsemi vinnum við um leið að jöfnuði, réttlæti og friðarmenningu í heiminum.

Öll viðleitni sem snýst um friðarmenningu hefur jöfnuð að mælikvarða: Að stytta bil á milli manna, hópa og þjóða í öllum málaflokkum og draga úr stéttaskiptingu. Það er sterk fylgni milli réttlætis og jafnaðar.

Leiðin út úr kreppunni á Íslandi felst ekki í samkeppni um sæti á lista yfir ríkustu eða frjálsustu þjóðir heims, heldur í því að gefa og vinna með þeim þjóðum sem þjást, búa við skort á skólum, sjúkrahúsum, vatnsbrunnum, orkulindum, tækniþekkingu, stjórnsýslu, lýðræði …

Ef við eflum þróunarsamvinnu og hjálpsemi vinnum við um leið að jöfnuði, réttlæti og friðarmenningu í heiminum. Ef þjóð gefur öðrum þjóðum af gnægð sinni með það að markmiði að bæta heiminn – batnar hún sjálf.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ríki án þjóða

Í DAG



Jón Ormur Halldórsson
dósent

Sagt er að flest stríð í samtímanum séu borgarastríð. Það er rétt en þetta eru þó ekki einföld sannindi því oftar en ekki eru átök innan samfélaga knúin af hagsmunum utan þeirra. Það hefði til dæmis ekki orðið borgarastríð í Írak án innrásar Bandaríkjanna. Milljónir mannslífa hefðu líka sparast í Kongó ef enginn utan þess volaða lands hefði haft hag af ófriði þar. Áratugastríð í Afganistan hefur líka snúist að miklu leyti um innrás Sovétríkjanna og hernað Vesturlanda. En flest stríð nú á dögum, þó ekki öll, eru að minnsta kosti öðrum þræði stríð á milli hópa sem opinberlega tilheyra sömu þjóðinni.

### Þúsundir þjóða?

En hvað er þjóð? Tilraunir til skilgreiningar á þessu fyrirbæri hafa skilað hugmyndum um að þjóðir jarðar séu þrjú þúsund eða jafnvel fimm þúsund talsins en ríki heims eru tæplega tvö hundruð. Þá gera menn ráð fyrir því að tungumál, menning, trú og saga sameini hópa og greini þá um leið svo skýrt frá öðrum að hópurinn myndi sérstaka einingu. En þá eru líka mörg hundruð þjóðir á Indlandi og sumar þeirra bæði stórar og býsna fjölbreytilegar innbyrðis. Og ekki ófáar í Indónesíu, Kína, Brasilíu eða Rússlandi svo dæmi séu tekin. Afríka væri sjálfsagt heimsálfa þúsund þjóða ef þetta snerist um menningu, uppruna og tungu.

### Ímyndaðar þjóðir

Önnur vel þekkt nálgun er að líta á þjóðir sem ímynduð samfélög með pólitískar kröfur um fullveldi í eigin málum. Þjóð sé þannig hópur sem af einhverjum ástæðum hefur pólitískan skilning á sjálfum sér. Þjóðir eru þá jafn nýtt fyrirbæri og hugtakið þjóð sem er yngra í nútímamerkingu en mönnum er tamt að álíta. Þjóðir eru að þessari hugsun félagslegur tilbúningur sem þjónar pólitískum og efnahagslegum markmiðum. Þær eru því ekki náttúrulegar eða endilega gamlar þótt tilvísanir í þá átt séu oftast nær helsti efniviður réttlætingar á þessum tilbúningi. Dýrustu sameignir þjóðar eru þá væntanlega einhvers konar sameiginlegar ímyndanir um uppruna, samstöðu, skyldleika og sögu viðkomandi hóps.

### Sjálfsögð ríki?

Þótt sumar þjóðir hafi mátt berjast lengi fyrir sínu eigin ríki eru sennilega enn fleiri dæmi um ríki sem hafa þurft að heyja tvísýna baráttu fyrir því að búa til þjóðir í kringum sig. Hundrað og fimmtíu árum eftir stofnun Ítalíu eru til dæmis margir þeirra skoðunar að Ítalía hafi orðið til fyrir slysni og óheppilegan misskilning og að því verði seint til farsællar tengingar á milli ríkis og almennings í því landi. Frakkland, Bretland og Spánn voru heldur ekki sjálfsögð fyrirbæri, hvað þá Þýskaland. Það er rétt að hafa þetta í huga þegar horft er lengra út í heim.

### Þjóð í boði NATO

Það er ekki ólíklegt að þeir sem ákváðu hvernig haga skyldi hernaði Vesturlanda í Afganistan hafi verið nærri því jafn fákunnandi um sögu Evrópu og þeir voru ljóslega um aðstæður í Afganistan. Þjóðríki Evrópu voru ekki búin til með hervaldi einu saman. Þetta var öllu flóknara. Og tók langan tíma. Hvatar til miðstýringar urðu á endanum sterkari en hvatar til sundrungar. Það sem skipti sköpum var að þróun í bæði efnahagslífi og í hugmyndaheimi Evrópu sneri þyngdarkraftinum miðstýringunni í vil. Hundrað þúsund útlendir hermenn og flóðalda peninga hafa engu slíku áorkað í Afganistan. Kannski þvert á móti hvað hugmyndaheiminn varðar. Fyrir meirihluta Afgana er ríkið í Kabúl ýmist óeiginlegt eða uppspretta vandræða. Veruleikinn er nándarsamfélag þar sem efnahagsleg, pólitísk og hugmyndaleg völd skipast án áhrifa frá fjarlægri höfuðborg. Ríki er tæpast til í Afganistan, hvað þá þjóð. Hvorugt verður til í boði NATO.

> Ríkjum gengur ærið misvel að semja saman ólíka hagsmuni og hugmyndaheima í sínum löndum svo úr verði bæði raunverulegt ríki og sæmilega sterklega ímynduð þjóð.

### Útlendar skotgrafir

Mörg ríki glíma við sama vanda og stjórnin í Kabúl, flókið púsluspil af þjóðum, tungumálum, menningu, trúarbrögðum og sögu. Þau gera það hins vegar flest án þess að úr verði linnulaus stríð. Munurinn er sá að átakalínur í Afganistan eru að verulegu leyti dregnar utan landsins en ekki innan þess. Víglínur Bandaríkjanna liggja um Afganistan og eru sumpart aðrar en þær sem skapast af aðstæðum í landinu sjálfu. Afganistan þarf ekki á slíkum flækjum að halda á sínu erfiða stefnumóti við nútímann. Frekar en Írak. Eða Pakistan sem verður sífellt óstöðugra og hættulegra ríki vegna stríðsins í Afganistan.

### Skrítið hlutverk

Eftir tíu ára stríð, miklar mannfórnir og tugþúsunda milljarða kostnað er niðurstaðan sú að hlutverk Vesturlanda sé að þjálfa upp afganskan her sem geti barist áfram. Afganistan er raunar eina landið sem sigraði breska heimsveldið, það eina sem sigraði sovéska heimsveldið og eitt fárra sem nær að hrekja það ameríska í burt. Sú niðurstaða að Vesturlönd eigi að kenna Afgönum að berjast bendir til þess að menn hafi alltaf haft heldur þokukenndar hugmyndir um hlutverk NATO í landinu. Sem er raunar augljóst af sögu síðustu ára. Ríkjum gengur ærið misvel að semja saman ólíka hagsmuni og hugmyndaheima í sínum löndum svo úr verði bæði raunverulegt ríki og sæmilega sterklega ímynduð þjóð.

Vanþekking og sérhagsmunir útlendinga hjálpa sjaldnast til. Og oft ekki góður vilji heldur.

AF NETINU

### Samherji über alles

Ef löggan grunar venjulegt fólk um eitthvað misjafnt – þá kemur fyrir að venjulegt fólk skiptir skapi, en snýr sér fljótlega að því að hjálpa löggunni að finna út að það er saklaust, með aðstoð lögfræðings ef þurfa þykir og innan þeirra laga og reglna sem gilda um persónuhelgi og stöðu sakbornings. Það er að segja ef venjulegt fólk er saklaust. Ef eigendur fyrirtækisins Samherja eru grunaðir um eitthvað misjafnt – þá verða þeir svakalega reiðir. Þeir bíða ekki eftir að rannsókn ljúki, hvað þá bjóða fram aðstoð við rannsóknina, heldur hefja fjölmiðlasókn gegn þeim yfirvöldum sem í hlut eiga – og taka venjulegt fólk í gíslingu til að sýna samfélaginu á Íslandi hver ræður í raun og veru.

http://blog.eyjan.is/mordur

**Mörður Árnason**

### Karisma forsetaefna

Tvær frambærilegar konur hyggjast bjóða sig fram til forseta Íslands. Styð þær báðar. Bíð bara eftir alvöru könnunum á fylgi þeirra. Þær kunna að hafa misjafnt karisma í hjarta venjulegra kjósenda. Atkvæði mitt mun falla á þá, sem hefur meiri líkur á að fella núverandi forseta. Þótt þær séu jafnar að kostum og báðar meira en hæfar verð ég að styðja þá, sem höfðar betur til fólks. Sú þeirra stendur auðvitað nær okkur sem forseti okkar. Bezt væri að kannanir leiddu til að önnur félli frá framboði og styddi hina til sigurs. Og að sjálfsögðu er nú þegar ekki pláss fyrir fleiri forsetaframbjóðendur.

http://jonas.is/

**Jónas Kristjánsson**







# Auðlindir og almannahagur

Sjávarútvegsmál


Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra




Sú hugmynd, sem ég nýlega varpaði fram, að útgerðarfyrirtæki sem gerðust brotleg við skatta- og gjaldeyrislög skyldu svipt kvóta- eða veiðileyfisrétti hefur fengið nokkuð blendnar viðtökur.

### Blendnar viðtökur

Annars vegar hefur hugmyndinni verið mjög vel tekið á þeirri forsendu að siðferðilega sé hún rétt og hafi auk þess ótvírætt forvarnargildi, komi í veg fyrir alvarleg lögbrot sem skaði samfélagið.

Hins vegar hefur hugmyndin verið gagnrýnd harkalega af talsmönnum sjávarútvegsfyrirtækja og aðilum sem telja að verið sé að refsa á röngum forsendum. Þannig hefur Björn Valur Gíslason alþingismaður bent á að í því frumvarpi, sem fram er komið um fiskveiðistjórnun, séu ákvæði þess efnis að útgerðir geti misst veiðileyfi brjóti þau gegn fiskveiðistjórnunarlögunum. Þetta segir hann á vefsíðunni Smugunni og bætir við að „langsótt“ sé „*að svipta aðila veiðileyfum vegna brota á öðrum lögum en þeim sem varða stjórn fiskveiða eins og talað hefur verið um. Það væri líkt því að svipta atvinnubílstjóra ökuleyfi vegna brota á lögum um gjaldeyrismál eða bakara leyfum sínum vegna brota á umferðarlögum.*“

### Afraksturinn fari til samfélagsins

Þetta eru vissulega rök sem ber að íhuga. En að sama skapi vil ég biðja Björn Val Gíslason og aðra að íhuga mín rök sem byggjast á þeirri sýn að aðgangur að nýtingu auðlinda snúist um annað og meira en það eitt hvernig með auðlindina er farið í þröngum atvinnuskilningi heldur hvernig á er haldið fyrir samfélagið sem á allt sitt undir. Sá sem fær gjaldeyrisskapandi auðlind til ráðstöfunar er jafnframt ábyrgur fyrir því að skila afrakstrinum til samfélagsins samkvæmt þeim reglum sem samfélagið setur. Þar koma skattalög og gjaldeyrislög óvéfengjanlega til sögunnar.

### Hin þjóðhagslega tenging

Þegar sjávarauðlindin og hvernig um hana hefur verið haldið er sett í þjóðhagslegt samhengi á undanförnum tveimur áratugum er að ýmsu að hyggja. Búferlaflutningar koma þar við sögu, jafnvel gengi einstakra landshluta sem háðir voru því hvernig kvótinn fluttist til í landinu, stundum samkvæmt þröngum geðþóttaákvörðunum kvótahafa en ekki því sem best hefði gagnast viðkomandi samfélögum. Þá má leiða sterk rök að því að upphaf góðærisfársins sem leiddi til hrunsins hafi verið innleiðing á núverandi kvótakerfi í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar, þegar sumir kvótahafanna tóku ómældar upphæðir út úr sjávarútveginum til að braska með um víðan völl. Fróðlegt væri að fá vandaða kortlagningu á þessum þætti af hálfu hagfræðinga og sagnfræðinga. Það bíður eflaust síns tíma en margoft hefur komið fram að um himinháar upphæðir var að ræða. Að sjálfsögðu kom margt annað til sögunnar í kjölfarið sem skýrir efnahagsbálið en í kvótanum og möguleika á að framselja hann var ákveðin kveikja.

### Kýrskýr mynd

En aftur að samtímanum og viðfangsefni þessara skrifa. Á að svipta fyrirtæki veiðileyfi sem brýtur, ekki aðeins gegn fiskveiðilögum, heldur einnig þau sem brjóta gegn skatta- og gjaldeyrislögum? Svar mitt er játandi, með þeim sjálfsagða fyrirvara að um sé að ræða ásetningsbrot. Byggi ég afstöðu mína á því sem áður er vikið að og varðar þjóðarhagsmuni þegar auðlindirnar eru annars vegar.

Í þrengingum okkar ætti málið að fá á sig óvenju skýra mynd. Nú um stundir erum við sem samfélag að borga tugi milljarða til að halda úti gjaldeyrisforða – sem vissulega má deila um hve hár eigi að vera. En hár er hann og kostnaður mikill fyrir þjóðarbúið. Ríður því á sem aldrei fyrr að allur ávinningur þjóðarinnar af gjaldeyrisskapandi útflutningi, og þá ekki síst úr sjávarútveginum, skili sér í sameiginlegar hirslur okkar. Skatta- og gjaldeyrissvindl kemur í veg fyrir þetta enda ásetningur þeirra sem svindla að hagnast sjálfir á kostnað þjóðarbúsins.

Heiðarleiki í þessum efnum er því óaðskiljanlegur hluti af þeim leyfum sem þjóðin fær einstaklingum og fyrirtækjum í hendur til að nýta auðlindir sínar.

### Árétting á að kvóti er ekki eign

Ef fyrirtæki verða uppvís að því að hlunnfara samfélag sitt þá hlýtur samfélagið að finna heiðarlegri aðila til að fara með fjöregg sín! Í mínum huga er þetta augljóst.

En hvers vegna þessi hörðu viðbrögð? Heiðarlegur útgerðarmaður til margra ára sagði við mig að ástæðan væri sú að allir þeir sem gerðust sekir um skattamisferli og brot á gjaldeyrislögum, hækkuðu fisk í hafi til að hlunnfara sjómenn og samfélag eða færu á annan hátt fram hjá lögum gerðu sér grein fyrir þeirri ógn sem að þeim stafaði af öllum hugmyndum sem byggðust á þeirri staðreynd að kvóti er ekki eign; að hægt er að svipta menn honum gangi þeir á rétt hins eiginlega eiganda, íslensku þjóðarinnar.

# Að hugsa lengra en nefið nær

Umhverfismál


Ásgerður Bergsdóttir
kennari





Katrín Hauksdóttir
alþjóðastjórnmálafræðingur




Úr öllum landshlutum berast kröfur til hins opinbera um uppbyggingu atvinnulífsins og aukna hagsæld íbúanna. Háværastir í þeim hópi eru þeir sem krefjast þess að stóriðjufyrirtækjum á borð við álbræðslur verði gert kleift að opna hér verksmiðjur með ýmiss konar ívilnunum.

Á sama tíma berast fréttir alls staðar að úr heiminum um hnignun jarðargæða vegna gegndarlauss ágangs mannanna. Vandamálin sem blasa við eru hráefnaþurrð, mengun vatns, sjávar og andrúmslofts (með tilheyrandi fylgikvillum), eyðing gróins lands, skóga og ósónlagsins. Ekki þarf að fjölyrða um afleiðingarnar ef fer sem horfir en augljóst að þessi vandamál varða ekki bara mannskepnuna heldur allt lífríki jarðarinnar með viðvarandi skorti á lífsnauðsynjum í náinni framtíð.

Íslendingar eru í nokkuð sérstakri stöðu meðal þjóða; þeir eiga nóg land og nóg af hreinu vatni – enn sem komið er. Í stað þess að hlúa að þessum verðmætum með komandi kynslóðir í huga virðast Íslendingar enn mjög heillaðir af töfrum efnahagsundranna – hvað sem þau kosta. Hagvöxtur sem byggist á mengandi stóriðju og auðlindafrekju verður aldrei annað en ígildi yfirdráttarláns sem náttúran og komandi kynslóðir þurfa að borga.

Hugtakið auðlind felur ekki í sér óendanlega uppsprettu eins og stundum er gefið til kynna. Réttara væri að kalla auðlindir forðabúr. Við eigum takmarkaðan forða sem þrýtur að lokum eins og gjaldeyrisforði þjóðarinnar gerði í hruninu 2008. Forði sem átti að duga þjóðinni í mestu hugsanlegu vandræðum.

Þótt drykkjarvatn sé á Íslandi almennt talið óþrjótandi er það ekki svo. Vatn er dýrmætasta auðlind jarðar og hagvöxtur framtíðarinnar. Með aukinni mengun og hækkandi hitastigi jarðar (vegna gróðurhúsaáhrifa) fara gæði vatns í heiminum dvínandi. Við megum ekki selja frá okkur vatnsréttindin til að græða tímabundið og standa svo frammi fyrir því að hreint vatn verði eingöngu aðgengilegt fyrir þá sem geta borgað fyrir það. Þetta er því miður staðreynd sumstaðar í heiminum þar sem fyrirtæki eða einstaklingar hafa keypt land með greiðan aðgang að vatni. Fljótlega eftir kaupin hækkar vatnsverð til neytenda svo að stórir hópar fólks hafa vart efni á að kaupa sér hreint vatn. Nú hugsa líklega margir að þetta geti aldrei gerst hér á landi en við höfum nú þegar selt frá okkur auðlindir sem ættu aldrei að vera í einkaeigu. Vatnið verður að vera aðgengilegt fyrir alla – rétt eins og andrúmsloftið.

Sama má segja um gildismat á landi. Íslendingar virðast upp til hópa ekki bera skynbragð á verðmæti ósnortinnar náttúru. Í umræðunni um Kárahnjúkavirkjun á sínum tíma vildu virkjanasinnar meina að landið sem sökkt yrði væri lítils virði m.a. vegna þess að þar væri lítill gróður og næstum enginn hefði séð landið. Með sömu rökum mætti segja að tunglið skipti litlu máli fyrir lífið á jörðinni. Það sem hins vegar hefur orðið mörgum ljóst undanfarin ár er hve mikils virði óspillt náttúra er og verður aðeins dýrmætari með tímanum, líkt og vatnið.

Íslendingar verða að opna augun fyrir því að sala á landi, hvort sem er til virkjana eða til einkaaðila með aðra uppbyggingu í huga, verður að skoða í heildarsamhengi. Ósnortin náttúrusvæði eru sjaldgæf í hnattrænu samhengi og þessi svæði eiga mjög undir högg að sækja þegar krafan um skyndilausnir fer að stjórna umræðunni. Þar koma alþjóðleg stórfyrirtæki inn í myndina. Fjárfestingarstefna þeirra fellur nefnilega afar vel að skammsýnum hagvaxtarhugmyndum Íslendinga, þjóðar sem lætur sig afdrif komandi kynslóða, hvað þá annarra jarðarbúa, engu varða. En við megum ekki láta blekkjast af þeim sem bjóða okkur piparkökuhús skreytt með sælgæti þegar verið er að lokka okkur inn í ofninn!

Ef menn staldra aðeins við, hugleiða þessi mál og reyna jafnvel að skilja þau þótt ekki væri nema í grundvallaratriðum, er ólíklegt að niðurstaðan verði að „öfgafullir umhverfissinnar“ séu þeir sem beri ábyrgð á stöðu efnahagsreikninga nú um stundir og komi í veg fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu. Áhrifamenn sem þannig tjá sig eru á sama tíma að lýsa yfir fávísku sinni. Og í þeim efnum verður óspillt náttúra að njóta vafans. Umhverfismál verða að hafa forgang – áður en það verður um seinan.


sumarferdir.is
Sumarsól á frábæru verði!
ALMERÍA - HÁLFT FÆÐI
Protur Hotel Spa
Tvíbýli með hliðar-
sjávarsýn og hálfu fæði
frá 113.600 kr.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá kr. 135.700 á mann fyrir 2 fullorðna.
Brottför: 10. júlí - vika.
MALLORCA - ALLT INNIFALIÐ
Sol Alcudia Center
Íbúð í 1 viku og
ALLT INNIFALIÐ
frá 118.100 kr.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá kr. 148.200 á mann fyrir 2 fullorðna.
Brottför: 22. maí - vika.
ÓTRÚLEGT VERÐ!
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu
* Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Hálft fæði = Morgun-, og hádegismatur. Allt innifalið = Morgun-, hádegis- og kvöldmatur, snarl milli mála og innlendir drykkir.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega. Birt með fyrirvara um prentvillur.

HLAÐVARPINN

## Aðalfundur Hlaðvarpans ehf.

Aðalfundur Hlaðvarpans ehf., menningar- og styrktarsjóðs kvenna, verður haldinn þriðjudaginn 17. apríl 2012 kl. 17:00 að Hallveigarstöðum við Túngötu.

**Dagskrá fundarins er eftirfarandi:**

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2011.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðanda félagsins.
5. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.
6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarkvenna.
7. Önnur mál.

Þær sem hlut eiga í Hlaðvarpanum eru hvattar til að nýta rétt sinn til að mæta á fundinn og kynna sér starfsemi sjóðsins.

**Stjórnin**

Páskahátíð

OPIÐ 11-17

Öll börn* fá gefins ís á fimmtudaginn

*12 ára og yngri

emmessís

KOLAPORTIÐ

- opið fimmtudag, laugardag og mánudag


BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn – og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel

# Opið bréf til velferðarráðherra

Samfélagsmál

**Ómar Sigurvin**
sérnámslæknir í fæðinga- og kvensjúkdómum og formaður Félags almennra lækna



Því miður er það svo að þrátt fyrir fagleg rök þá virðumst við læknar í nokkrum mæli mæta því viðhorfi að við höfum eitthvað út á samstarfsstéttir okkar að setja, þar sem við höfum vissar efasemdir um gæði frumvarps yðar um breytingar á ávísanaheimild lyfjalaga. Fagleg rök víkja fyrir tilfinningaríkum skrifum sem draga athyglina frá innihaldinu, eins og sjá má á grein á pressan.is frá 23. mars sl.

Benda má á nýlega grein Elsu B. Friðfinnsdóttur, formanns Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, í Fréttablaðinu þann 26. mars sem gott dæmi um þau rök sem notuð eru með frumvarpinu. Þar er talað út frá tilfinningu um að ungar stúlkur hræðist að leita læknis til að fá pilluna, en ættu auðvelt með að leita skólahjúkrunarfræðings með sömu beiðni. Engin fagleg greining liggur að baki þessum orðum, engin könnun á því hvort þetta sé raunverulegt vandamál, einungis tilfinning.

Það mega allir tala um sínar tilfinningar. Til dæmis getur undirritaður bent á reynslu af kynfræðslu ungmenna í gegnum Ástráð, forvarnastarf læknanema, sem starfað hefur frá aldamótum. Undirritaður hefur töluverða reynslu af að ræða við ungmenni í þeirri fræðslu, en hefur nánast aldrei rætt við ungmenni sem telja aðgengi að pillunni vera vandamál. Þau kvarta um ýmislegt annað; verð á smokkum/pillum, vesen við að hugsa fram í tímann, vandræðalegt að ræða málið við bólfélaga, aukaverkanir af pillunni, óþægindi af smokkanotkun o.s.frv. Úr starfi mínu á Kvennadeild LSH hef ég auk þess reynslu af fóstureyðingarmóttöku, en þar er það svo að oft og tíðum hafa konur sem koma í fóstureyðingu notað (hormóna) getnaðarvarnir, en eitthvað borið út af við notkun þeirra eða þær ekki dugað.

En svo vikið sé aftur að faglegu rökunum (með hjálp Talnabrunns Landlæknis): Fæðingum hefur stórfækkað hjá unglingsstúlkum. Fæðingar ungra stúlkna eru nú um 10% af því sem þær voru fyrir 30 árum. Heildarhlutfall þeirra af fæðingum er um 1%. Hversu lágt stefnum við? Má engin kona undir 20 ára verða þunguð á Íslandi? Það gleymist oft í umræðunni að í eldri árgöngum þessa yngsta hóps eru stúlkurnar ekki alltaf „ungar einstæðar stelpur“ heldur konur sem komnar eru í fast samband, jafnvel sambúð. Eru 21 árs konur betri mæður en 19 ára? Konur yngri en 20 ára stofna oft til sambanda og eignast börn með piltum á þrítugsaldri (skv. gögnum Hagstofu). Er rétt að miða við að koma í veg fyrir allar þessar þunganir?

Varðandi fóstureyðingar er áhugavert að skoða hve margar, eða raunar fáar, þær eru. Á Íslandi er næstlægsta hlutfall fóstureyðinga samanborið við fæðingar (193/1000 fædd) á Norðurlöndunum. Hæsti fjöldinn er í Svíþjóð, en þar eru umræddar ávísanaheimildir við lýði. Fóstureyðingum á Íslandi fer fækkandi og hefur þeim fækkað mjög í yngsta aldurshópnum, eru nú 12/1000, en voru 21/1000 fyrir 10 árum. Ef litið er á tölur úr viðtali við Elsu á RÚV voru fóstureyðingar stúlkna undir 15 ára fimm talsins árið 2010, en um 170 hjá aldurshópnum 15-19 ára. Því er ljóst að fóstureyðingar eru sjaldgæfar hjá stúlkum á grunnskólaaldri. Þessar stúlkur dreifast á marga árganga yfir allt landið og alla skóla landsins, auk þeirra sem ekki eru í skóla. Hvar eiga þessir hjúkrunarfræðingar að vera staðsettir? Eiga þeir að vera í öllum skólum? Á að endurmennta hvern einasta hjúkrunarfræðing sem kemur nálægt unglingi til að laga þessa meintu óábyrgu hegðun? Til þess þarf að mennta marga tugi hjúkrunarfræðinga á Stór-Reykjavíkursvæðinu, og annað eins á landsbyggðinni. Hvað skyldi það kosta?

Eitt sem gleymst hefur í umræðunni, ágæti ráðherra, eru kynsjúkdómar. Tíðni þeirra er að aukast aftur, en góður árangur hafði náðst í þeim málum fyrir nokkrum árum. Rúmlega 2.000 manns greinast með klamydíu ár hvert, lekandi er farinn að greinast aftur, gríðarleg aukning hefur orðið í kynfæravörtusmitum, sérstaklega hjá ungu fólki. Allt þetta má koma í veg fyrir með því að nota smokkinn. Hins vegar hafa tölur sýnt að notkun hans minnkar með aukinni notkun annarra getnaðarvarna, þá sérstaklega hormónagetnaðarvarna. Í ljósi þessa hlýtur það að teljast varhugavert að umræddu frumvarpi sé ætlað að auka notkun pillunnar frekar en smokksins. Bæði veita jafngóða getnaðarvörn, en smokkurinn verndar að auki fyrir kynsjúkdómum, sem eru stórt heilsufarslegt vandamál fyrir ungt fólk.

Við teljum að ef raunverulegur vilji er til að bæta þau vandamál sem bent er á í umræddri, 5 ára gamalli skýrslu, þurfi aðra nálgun en fram kemur í frumvarpinu. Bæta þarf forvarnir um kynheilbrigði, lækka verð eða gera getnaðarvarnir ókeypis líkt og gert hefur verið t.d. í Noregi og stefnt er á að auka enn frekar, opna unglingamóttökur eða taka upp skólatengda læknisþjónustu og opna umræðu um kynlíf og forvarnir. Sumt af þessu var einmitt minnst á í skýrslunni, en ekki litið til við gerð frumvarpsins. Við læknar erum meira en til í að vinna með hverjum þeim sem er reiðubúinn að vinna af alvöru að þessu sameiginlega markmiði okkar; að tryggja að allir geti skipulagt sínar barneignir, fækka óæskilegum unglingaþungunum og fóstureyðingum, en auk þess að útrýma kynsjúkdómum. Það gleður okkur einnig að sjá að minnst er á mörg af þessum efnum í þingsályktunartillögu frá velferðarnefnd um bætta heilbrigðisþjónustu og heilbrigði ungs fólks.

Ágæti ráðherra! Forðumst órökstuddar skyndilausnir til að leysa langtímavandamál. Reynum heldur að nýta þann árangur sem náðst hefur og byggja ofan á það sem þegar hefur verið vel gert. Höldum okkur við fagleg rök í umræðu um fagleg mál, án þess munum við aldrei ná raunverulegum árangri í starfi okkar.

# Það er nefnilega vitlaust gefið

Viðskipti

**Margrét Kristmannsdóttir**
formaður SVÞ - Samtaka verslunar og þjónustu



Í þeirri endurskipulagningu og innri skoðun sem þjóðin hefur verið að glíma við hafa SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu haldið þeirri staðreynd á lofti að 25% af starfsfólki á hinum almenna markaði vinni við verslun og þjónustu. Fjórði hver launamaður sem ekki tilheyrir opinbera geiranum vinnur í þessum tveimur atvinnugreinum. Og af þeim 20.000 störfum sem skapa þarf hér á landi á komandi árum mun stór hluti þurfa að koma frá þeim greinum, ekki síst þjónustunni. Þetta er í raun stórmerkilegt, ekki síst fyrir þær sakir að það fer ekki mikið fyrir þeirri umræðu að bæta þurfi aðstöðu og samkeppnishæfni verslunar og þjónustu.

Í ársbyrjun fékk SVÞ hagfræðing sem þekkir mjög vel til fjárlagagerðar til að fara yfir fjárlög ársins 2012 og taka saman þá fjármuni sem hið opinbera veitir til hinna ýmsu atvinnugreina. Í neðangreindri töflu sést málið í hnotskurn. Á meðan sumar atvinnugreinar fá úthlutað hundruðum milljóna og jafnvel milljörðum komast verslun og þjónusta ekki einu sinni á fjárlög. Þar er bara eitt stórt núll.

Til að fyrirbyggja misskilning skal því þó haldið til haga að við erum ekki að sjá ofsjónum yfir öllum þeim fjármunum sem veittir eru til annarra atvinnugreina, enda margir nauðsynlegir til að efla íslenskt atvinnulíf í lengd og bráð. Hins vegar geta verslun og þjónusta ekki sætt sig við að fá ekkert, þegar aðrar atvinnugreinar fá gríðarlegar fjárhæðir og hafa sumar fitnað eins og púkinn á fjósbitanum.

Rannsóknarsetur verslunarinnar var stofnað árið 2004 og er leiðandi aðili í rannsóknum og tölfræðivinnslu fyrir verslun og tengdar atvinnugreinar. Meðal verkefna Rannsóknarsetursins er mánaðarleg vinnsla og birting svokallaðrar smásöluvísitölu, sem sýnir þróun í helstu geirum verslunar á milli mánaða og er mikilvægt stjórntæki í rekstri smásöluverslana.

Undanfarin ár hefur efnahags- og viðskiptaráðherra tryggt 2½ milljón til Rannsóknarseturs verslunarinnar sem þó er vel innan við 10% af rekstrarkostnaði setursins. Eftir áralanga baráttu hefur okkur ekki enn tekist að koma þessu framlagi inn á fjárlög og árlega þarf að stóla á velvilja ráðherra þar sem þessir fjármunir hafa ætíð komið af skúffupeningum hans. Á hverju ári og með hverjum nýjum ráðherra hefst því sama raunagangan – að sannfæra ráðherra um að leggja Rannsóknarsetrinu til tekjur. Þessa árlegu bónleið þurfa verslun og þjónusta að fara fyrir 2½ milljón á meðan sumar atvinnugreinar virðast vera í svo til fyrirhafnarlausri áskrift upp á milljarða.

Þegar nýtt atvinnuvegaráðuneyti tekur til starfa á komandi mánuðum munu verslun og þjónusta vænta leiðréttingar enda mun einn og sami ráðherra vart geta úthlutað einni atvinnugrein milljörðum á sama tíma og önnur fær ekkert. Ef sú krafa verður áfram gerð til okkar að við kostum að mestu okkar eigin rannsóknir hlýtur að vera eðlilegt að það sama gildi um aðrar atvinnugreinar í landinu.

Alþingismenn sem bera ábyrgð á afgreiðslu fjárlaga komast ekki hjá því lengur að horfast í augu við þann ójöfnuð og skekkju sem hefur verið að byggjast upp á milli atvinnugreina undanfarna áratugi. Eða telur einhver að hægt sé að verja þetta ástand mikið lengur?

**Stuðningur ríkisins við einstakar atvinnugreinar - fjárlög 2012**

**milljónir króna**

| Almennt | Ferðaþjónusta | Iðnaður | Landbúnaður | Sjávarútvegur | Verslun og þjónusta | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.836 | 1.014 | 909 | 14.362 | 2.100 | 0 | **20.221** |

# VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?



**Heimilið**
**Líf- og heilsa**
**Bíllinn**
**Fyrirtækið**

**Einu sinni voru allir þessir hlutir með verðmiða.** Eftir því sem hlutunum fjölgar renna þeir saman í eina stóra heild. Við gerum okkur því sjaldnast grein fyrir verðmæti þeirra fyrr en eitthvað kemur fyrir.

Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili, til dæmis í eldhúsinu?

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft. **Reiknivélin á www.vordur.is hjálpar þér fyrstu skrefin.**

**VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.**

vörður

ÍSLENSKA SIA.IS VOR 58252 04/12

# Útgerðin getur lagt meira af mörkum

Sjávarútvegsmál

Huginn Freyr Þorsteinsson
aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra



Síðustu 2 til 3 ár hafa verið mjög hagfelld fyrir rekstur flestra sjávarútvegsfyrirtækja þótt afkoma sé nokkuð mismunandi eftir því hvers eðlis þau eru. Ytri aðstæður hafa á heildina litið verið hagfelldar frá árinu 2009. Þrátt fyrir miklar sveiflur á erlendum mörkuðum hefur verð á sjávarafurðum, mælt í erlendri mynt, haldist hátt í flestum afurðaflokkum. Þorskstofninn er á uppleið eftir mögur ár og eins er ástand uppsjávarfiskstofna gott en þar vegur þungt góð makríl- og loðnuveiði.

Vegna góðrar afkomu sem og skuldaúrvinnslu margra sjávarútvegsfyrirtækja horfir til betri vegar í skuldamálum sjávarútvegsins. Þannig hefur sjávarútvegurinn skapað sér svigrúm til fjárfestinga og frekari nýsköpunar og markaðssóknar. Árið 2012 mun enn frekar styrkja athafnamöguleika sjávarútvegsins og raunar hagvaxtarhorfur landsins í heild enda gæti það orðið eitt besta ár í íslenskum sjávarútvegi í langan tíma. Þetta skýrist af miklum veiðum á uppsjávarfiski, þar munar mest um loðnu og makríl.

Einnig er gert ráð fyrir auknum þorskkvóta og svo áfram háu afurðaverði á flestum sjávarafurðum.

Við þessar aðstæður er eðlilegt að gera kröfur til sjávarútvegsins um að hann skili meiru í sameiginlegan sjóði landsmanna. Ríkissjóður hefur tekið á sig miklar byrðar eftir hrun við að halda innviðunum í samfélaginu gangandi. Að sama skapi hefur almenningur þurft að þola niðurskurð á opinberri þjónustu, hærri álögur og högg vegna falls krónunnar. Ekki er sanngjarnt að hann taki á sig frekari byrðar.

Framkvæmdastjóri Deloitte á Íslandi, sem jafnframt virðist vera eins konar talsmaður útgerðarmanna, telur að þær tillögur sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur sett fram þess sem Deloitte gengur út frá að útgerðaraðilar eigi kvótann og eigi þar af leiðandi hagnað af nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar án tillits til þess hve mikið þeir hafa lagt fram. Taka veiðigjalds sé því skattlagning hagnaðar en ekki greiðsla fyrir afnot af auðlindinni jafnvel þótt þjóðin eigi þessa auðlind í raun. Með þessu er þó auðvelt að reikna sig upp í himinhá skatthlutföll. Hið eðlilega væri að líta á veiðigjöldin sem endurgreiðslu á kostnaði og leigu fyrir heimild til nýtingar á eign sem ekki tilheyrir útgerðinni.

Ekki kom heldur fram í kynningunni hvort hún væri kostuð af LÍÚ eða útgerðarfyrirtækjum.

> Við núverandi aðstæður er þó ljóst að verulegt svigrúm er fyrir útgerðina að greiða mun meira fyrir afnot sín …

um veiðigjald feli í sér ofurskattlagningu á útgerðina. Ljótt ef satt reynist. Það dró þó verulega úr trúverðugleika fullyrðinga framkvæmdastjórans að í kynningunni var reynt að ýkja upp raunálögur fyrirtækjanna. Meðal þess sem benda má á er að áhrif veiðigjalda á tekjuskattsgreiðslur, þ.e. væntanleg lækkun þeirra, er ekki metin en hún ætti til lengri tíma litið að vera 20% af veiðigjaldinu. Það er allavega ljóst að það myndi að hluta til skýra hversu há niðurstaða Deloitte er.

Auk þess er ein meginforsenda Slíkt skiptir þó máli enda gæti einhver talið að búið væri að kosta fyrirtækið til áróðursherferðar.

Því miður hafa forsvarsmenn útgerða ekki komið með tillögur og rökstuðning fyrir því hvert eðlilegt afgjald af auðlindinni er heldur einbeitt sér að neikvæðum málflutningi. Við núverandi aðstæður er þó ljóst að verulegt svigrúm er fyrir útgerðina að greiða mun meira fyrir afnot sín af auðlindinni. Á sama tíma hefur staða flestra annarra í þjóðfélaginu veikst og því sanngirni í því að dreifa byrðunum.

# Aprílgabb borgarfulltrúa

Nýr Landspítali

Ólafur Baldursson
læknir á Landspítala og kjósandi í Reykjavík



Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi ritaði pistil um nýjan Landspítala á bloggsíðu sína 3. apríl sl. Í pistlinum er að finna ýmsar rangfærslur og staðreyndavillur og virðist hann gera sér leik að því að taka tölur úr samhengi. Gísli Marteinn heldur því blákalt fram að til standi að byggja 290 þúsund fermetra spítala og að sameinaður spítali verði þrisvar sinnum stærri en núverandi byggingar við Hringbraut og í Fossvogi.

Þetta er ótrúlegur málflutningur og hefði sómt sér betur til birtingar 1. apríl. Hið rétta er að áformað er að byggja 76 þús. fermetra í fyrsta áfanga til ársins 2018. Heildarstærð bygginga á Hringbraut að meðtöldum eldri byggingum sem áfram verða nýttar verður þá 132 þús. fermetrar eftir þennan áfanga og ráðgert er að öll starfsemi flytjist úr Fossvogi á þessum tíma.

Í síðari áföngum er hugsanlegt að byggja 56 þús. fermetra og gæti mesta byggingarmagn spítalans orðið 188 þús. fermetrar, ef þörf krefur, en aldrei meira en það. Þörf er reyndar lykilhugtak þegar rætt er um endurnýjun Landspítala. Ný tækni, eldri þjóð og nútímasjúkrahúsþjónusta gera nýbyggingar spítalans bráðnauðsynlegar. Með byggingu fyrsta áfanga spítalans á að sameina á einum stað alla bráðastarfsemi spítalans og verður hver fermetri nýttur.

Gísli Marteinn segir í bloggpistli sínum: „Ég skal fúslega játa að það hefur tekið mig tíma að átta mig á ofangreindum staðreyndum." Undarleg töf það, því að staðreyndir málsins liggja skýrt og greinilega fyrir í opinberum gögnum, m.a. hjá skipulagsráði sem Gísli Marteinn situr sjálfur í, og á vef Nýs Landspítala (http://www.nyrlandspitali.is). Hið sorglega er að eftir hina löngu yfirlegu Gísla Marteins er niðurstaða hans röng og þar af leiðandi villandi.

Það er áhyggjuefni þegar stjórnmálamenn keppast við að gera stærstu mál þjóðarinnar að pólítískum bitbeinum og gera sér leik að því að fara rangt með staðreyndir. Með pistli sínum sýnir Gísli Marteinn að hann tekur fullan þátt í þessari vafasömu íþrótt, væntanlega í þeirri von að komast á verðlaunapall. Slíkur leikur má ekki tefja brýnt framfaramál þjóðarinnar sem endurnýjun Landspítala er.

> Það er áhyggjuefni þegar stjórnmálamenn keppast við að gera stærstu mál þjóðarinnar að pólítískum bitbeinum og gera sér leik að því að fara rangt með staðreyndir.

ENNEMM / SÍA / NM51285

Fermingargjöfin er stereógræja, GPS-tæki,

... og auðvitað sími svo að fermingarbarnið geti hringt í þig til að segja „takk"!



ZTE Blade
Ódýr en flottur Android sími
1.790 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 19.990 kr.
500 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir



Samsung Galaxy Y
Nettur snjallsími á frábæru verði
2.090 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 22.990 kr.
500 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir



4GB minniskort fylgir

HTC Explorer
Flottur Android sími
2.690 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 29.900 kr.
500 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir

siminn.is

Inneignin gildir fyrir eitt símanúmer * Greiðslugjald 325 kr. bætist við mán. gjald

# Evrópusambandið reynir að stíga ölduna

ESB-aðild

Kristján Vigfússon
kennari við Háskólann í Reykjavík



Það má halda því fram að Evrópusambandið hafi verið byggt upp með það að markmiði að leysa kreppur. Lengstum var það mál manna að sambandið yrði ekki stærra en tólf ríkja samband. Á aðeins tíu ára tímabili fór fjöldi aðildarríkja úr tólf í tuttugu og sjö ríki. Það hefur því verið verkefni Evrópusambandsins að takast á við og leysa kreppur innan álfunnar.

**Stríðskreppan leyst**

Ef litið er til baka til miðrar síðustu aldar þá hafði álfan logað í ófriði nær samfellt í hálfa öld með tilheyrandi uppgangi öfga og þjóðernishyggju. Evrópusambandinu tókst að tryggja frið í Evrópu með því að samtengja mikilvægustu ríki álfunnar þéttum efnahagslegum böndum. Hugmyndafræðin sem sambandið byggir á virkaði og sambandinu tókst að takast á við mestu kreppu allra tíma í efnahagslegum, pólitískum, félagslegum og hernaðarlegum skilningi. Þeim sem fjalla um Evrópusambandið og eru því mótdrægir hættir oft til að gleyma þessum árangri. En ekki hafa orðið vopnuð átök milli Evrópusambandsríkja frá þessum tíma.

**Efnahagslegri stöðnun hrundið**

Næsta stóra kreppa sem sambandið stóð frammi fyrir var efnahagsleg stöðnun áttunda og níunda áratugarins en enginn hagvöxtur var í heild sinni hjá aðildarríkjunum frá árinu 1975 til ársins 1995. Við þessu var brugðist með að setja fram hugmyndir um sameiginlegan innri markað sem varð að veruleika 1993. Í framhaldi var unnið að því að koma upp sameiginlegum gjaldmiðli fyrir svæðið sem endaði með upptöku evrunnar árið 2000. Sameiginlegum gjaldmiðli sem fylgdi þó sá bögull skammrifi að ríkisfjármálin voru ekki samræmd á milli aðildarríkjanna sem svo sannarlega hefur dregið dilk á eftir sér.

**Járntjaldið fellur**

Árið 1989 markaði stór tímamót í sögu Evrópu er Berlínarmúrinn féll og ríki Austur–Evrópu veltu af sér oki kommúnismans og í framhaldinu liðuðust Sovétríkin upp í 15 ríki. Ásýnd álfunnar gjörbreyttist á örskömmum tíma, nýfrelsuð og sjálfstæð ríki Austur-Evrópu leituðu skjóls í Evrópusambandinu. Með inntöku þeirra í sambandið tókst að tryggja stöðugleika í álfunni, stöðugleika sem ríkir enn. Norrænu ríkin Finnland og Svíþjóð leituðu síðar skjóls í sambandinu í kjölfar bankakreppu á Norðurlöndunum sem lék þau mjög illa. Finnar nýttu einnig tækifærið til að slíta sig frá stóra bróður í austri.

**Balkanskaginn springur**

Átök blossuðu upp á Balkanskaga í kjölfar þess að Júgóslavía liðaðist í sundur árið 1990. Króatía og Slóvenía urðu fyrst til að lýsa yfir sjálfstæði árið 1991 en átök á svæðinu leiddu til mikilla hörmunga í bakgarði Evrópusambandsins. Evrópusambandinu tókst, á alltof löngum tíma reyndar, að stilla til friðar og hafa ríkin síðan leitað eitt af öðru inn í sambandið. Slóvenía er þegar aðili að sambandinu og Króatía hefur samþykkt aðild og gengur formlega inn á næsta ári. Næsta bylgja stendur nú yfir. Fimm ríki eru í einhvers konar aðildarferli og önnur fjögur hafa sóst eftir aðild og ber þar mikið á fyrrverandi ríkjum Júgóslavíu. Hvort Úkraína, Hvíta-Rússland, Rússland og ríkin sem liggja að Kaspíahafi og Svartahafi eigi eftir að sækja um inngöngu á tíminn eftir að leiða í ljós en það er ekki óhugsandi.

**Úr tólf í tuttugu og sjö aðildarríki á tíu árum**

Lengstum var það mál manna að sambandið yrði ekki stærra en tólf ríkja samband en það hefur breyst á skömmum tíma eins og hér hefur verið rakið. Á aðeins tíu ára tímabili fór fjöldi aðildarríkja úr tólf í tuttugu og sjö ríki. Það stefnir í að aðildarríki sambandsins verði þrjátíu og fimm talsins innan fárra ára. Segja má án þess á nokkurn sé hallað að sambandinu hafi tekist vel fram til skuldakreppunar nú að tryggja efnahagslega, pólitískan og félagslegan stöðugleika í Evrópu. Skuldakreppan nú er því mikilvægur prófsteinn á getu sambandsins til að leysa úr kreppum og líklegt er að sambandið þurfi að dýpka fjármálasamstarfið verulega til að geta byggt upp nauðsynlegan stöðugleika sem þarf að ríkja innan svæðisins til lengri tíma litið.

# Hvað vill Ólafur Ragnar?

Forsetaembættið

Haukur Sigurðsson
sagnfræðingur



Í síðasta nýársávarpi sínu gaf forseti sterklega í skyn að þetta yrði hans síðasta kjörtímabil. Orðalagið virðist ekki hafa náð nógu vel til hlustenda en texti forseta um þetta féll svo vel að því sem á undan var komið að það átti ekki að misskiljast. Sumir töldu að þarna væri smuga þar sem forseti hefði ekki sagt: „Þetta verður mitt síðasta kjörtímabil í þessu embætti," eða eitthvað slíkt.

Nú hófst söfnun undirskrifta, sem forseti hefur strax frétt af ef hann hefur ekki vitað af henni fyrir fram. Vildi hann ekki sitja fimmta kjörtímabilið gat hann gefið út yfirlýsingu strax að hann myndi ekki bjóða sig fram. Þarna var Ólafur kominn í mótsögn við sjálfan sig. Næsti þáttur í þessu leikriti er þegar forseta voru fengnir undirskriftalistar og hann leggur höfuðið í bleyti og kemst að þeirri niðurstöðu að þjóðin vilji að hann fari fram. Hann segir að vandamál séu fram undan og skírskotar til Evrópumálanna og óttans við Evrópusambandið.

Hvernig ætlar forsetinn að koma inn í þá umræðu? Með því að beita synjunarvaldinu af miklum dugnaði? Stjórnskipunin gerir ekki ráð fyrir að forseti verði virkur í stjórnmálum. Lengst gekk Ólafur Ragnar á þeirri braut þegar hann reis gegn vilja meirihluta þingsins sem hafði samþykkt nýjan samning um ICESAVE og þeir sem best þekktu til töldu að lengra yrði ekki náð með samningum. Jafnvel að þjóðin myndi ekki þurfa að borga því að þrotabú gamla Landsbankans ætti fyrir greiðslunni eins og raun hefur borið vitni.

Forseti reis gegn þessari niðurstöðu. Telur hann sjálfsagt að rísa gegn meirihluta Alþingis þegar honum hentar? Með þessu er embætti forseta orðið rammpólitískt og forseti að taka sér stöðu utan laga. Þar fyrir utan má minna á að hann lýsti yfir, þegar hann tilkynnti framboð sitt, að hann myndi jafnvel aðeins sitja tvö ár, hálft kjörtímabil.

Ekki er gert ráð fyrir þessu í stjórnskipun. Hvernig hefði mönnum líkað ef Kristján Eldjárn hefði lýst því yfir 1976 að hann hygðist aðeins sitja næstu tvö ár og enga skýringu gefið? Það er reyndar útilokað að það hefði gerst. Nú eru komnir fram frambjóðendur aðrir en Ólafur sem hefur auðvitað greinilegt forskot. Eiga þeir nú að fara í framboðsleik, ná ekki kjöri núna og fara svo aftur fram að tveimur árum liðnum? Svona leikur forseti sér með fólk, treður á stjórnskipun og getur hlegið á hliðarlínunni.

Þar sem Ólafur Ragnar Grímsson ætlar að halda áfram á sömu braut einkastjórnmála, verða forseti sérhagsmunaafla og einangrunarsinna ber honum skylda til að gera þjóðinni grein fyrir því að hann ætli sér ekki að verða forseti allrar þjóðarinnar. Nema hann hafi lyst á að skipta um skoðun í þessu stóra máli?

myndbandstökuvél og leikjatölva ...




Samsung Galaxy ACE
Flottur sími úr Galaxy línunni
3.590 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 39.900 kr.
500 kr. inneign á mánuði
í 6 mánuði fylgir




Samsung Galaxy SII
Flaggskipið úr Galaxy línu Samsung
5.990 kr.
á mánuði í 18 mánuði*
Staðgreitt: 99.900 kr.
1000 kr. inneign á mánuði
í 6 mánuði fylgir



iPhone 4
Frábær sími frá Apple
5.990 kr.
á mánuði í 18 mánuði*
Staðgreitt: 99.900 kr.
1000 kr. inneign á mánuði
í 6 mánuði fylgir

Síminn

# Vill sameina og sætta þjóðina

**Þóra Arnórsdóttir** vill verða sjötti forseti Íslands. Henni þykir dapurlegt að Íslendingar treysti ekki lengur helstu samfélagsstoðunum og vill leggjast á árarnar til að sameina og sætta þjóðina. Þóra segir ***Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur*** að henni þyki ekkert tiltökumál að eignast barn í miðjum kosningaslag. Börnin eigi líka föður og hann verði heimavinnandi á Bessastöðum, nái hún kjöri.

Það hefur verið dapurlegt að þurfa á hverju ári að flytja þær fréttir að traust og trú á okkar helstu samfélagsstoðum fari þverrandi. Það er þörf fyrir breytingar. Forsetinn breytir því ekki einn og sér, en hann getur lagst á árarnar í hina áttina, til að byggja upp, bæta, sameina og sætta,“ segir Þóra Arnórsdóttir sjónvarpskona, sem í gærdag tilkynnti að hún gæfi kost á sér í embætti forseta Íslands. Hún segist hafa farið að velta fyrir sér þeim möguleika að verða forseti þegar henni tók að berast hvatning héðan og þaðan af landinu, sem fljótt breyttist í sterka bylgju. „Að komast að þessari niðurstöðu tók samt langan tíma, því þetta var svo sannarlega ekki efst á blaði á fjölskylduáætluninni. Aðalatriðið var hvort þetta væri eitthvað sem mig langaði til þess að gera og hvort ég gæti sinnt embættinu með sóma.“ Þegar hún var búin að svara sínum eigin spurningum játandi og ræða málið í þaula við eiginmann sinn og sína nánustu fjölskyldu tók hún ákvörðun um að fara fram.

Þóra segir stuðninginn koma úr öllum áttum. „Mér hlýnaði um hjartarætur þegar fyrrum vinnuveitandi minn í Vík í Mýrdal hringdi til að bjóða fram krafta sína, 22 ára námsmær í París sendi mér hvatningarbréf, að ógleymdum gamla skipstjóranum í Bolungarvík og svo framvegis. Það er eitthvað stórkostlegt við þetta – við erum breiðfylking, ekki fulltrúar einhverra hópa.“

### Forseti er ekki kosinn til æviloka

Það er erill á heimili þeirra Þóru og Svavars Halldórssonar, manns hennar, þegar blaðamaður og ljósmyndari Fréttablaðsins líta þar inn. Tvær af dætrum Svavars liggja undir sæng inni í stofu, önnur les Syrpu en sú nýfermda þiggur ráð frá pabba sínum við ritgerðarsmíð. Dóttir þeirra á fjórða ári er nýkomin heim úr leikskólanum og langar að leika við mömmu, vinir þeirra hjóna leggja á ráðin inni í eldhúsi og ógnarjafnvægi ríkir á milli aðkomuhundsins Kidda og heimiliskattarins Rósu. Stemningin minnir á hvert annað barnmargt heimili þar sem sjaldan ríkir lognmolla. Þó vantar eina bróðurinn í hópnum, auk ófædda barnsins sem er væntanlegt í næsta mánuði.

Mörgum þykir spennandi kostur að fá barnmarga fjölskyldu eins og þessa á Bessastaði. Sumir spyrja sig þó af hverju þau klári ekki barnastússið og sína starfsferla fyrst. „Ef það væri þannig að forsetaembættið ætti að vera endastöð þá væri kjörgengisaldurinn hærri. Hann er 35 ár. Ég er búin að vinna í einn og hálfan áratug í fjölmiðlum, hrærast í þjóðmálaumræðunni og umræðum um samfélagið okkar. Mitt mat er að ég geti sinnt embættinu vel. Ef einhver hefur það helst út á mig að setja að ég sé of ung get ég sagt með vissu að það stendur til bóta,“ segir Þóra með bros á vör og bætir því við að hún verði ekki á Bessastöðum næstu 30 árin, nái hún kjöri. „Persónulega finnst mér að farsæll forseti eigi ekki að sitja lengur en tvö, í mesta lagi þrjú kjörtímabil.“

### Vill vera til fyrirmyndar

Framboð Þóru þykir að sumu leyti minna á framboð Vigdísar Finnbogadóttur árið 1980. Að einstæðri móður skyldi detta í hug að bjóða sig fram til forseta þótti mörgum fásinna, rétt eins og sumum þykir ungt par með hóp af ungum börnum ekki eiga erindi á Bessastaði.

> Það er ekki eins og maður sé kominn í einangrun við það að ganga með barn og eiga það. Þetta er hluti af lífinu.

Þóra segist eiga erfitt með að bera sjálfa sig saman við Vigdísi, sem hún beri mikla virðingu fyrir. „Það var talað niður til hennar og hún mætti margs konar fordómum en Vigdís ruddi veginn á svo mörgum sviðum. Hún gerði það af miklum glæsileika og var afar farsæll forseti,“ segir Þóra. Hún vonar hins vegar að framboð hennar geti orðið lóð á vogarskálar jafnréttisbaráttunnar. „Ég held að það hafi orðið bakslag í jafnréttisbaráttunni á undanförnum árum. Samfélagið hefur breyst mikið frá því Vigdís var kjörin, en það þýðir ekki að við séum komin alla leið. Þetta vita allir sem eru með augun opin, horfa í kringum sig og eru tilbúnir að viðurkenna það. Við sáum hvað Vigdís gerði fyrir okkar kynslóð, að alast upp við það að kona væri forseti. Fyrirmyndir skipta máli. Það væri mjög gott ef mitt framboð gæti orðið liður í að efla jafnréttisbaráttuna.“

### Ekki í einangrun þó hún sé ólétt

Svavar og börnin öll standa þétt við bakið á Þóru. „Svavar er 100 prósent með mér í þessu. Við höfum bæði lengi verið í annasömum og krefjandi störfum, í þessu púsluspili sem allir foreldrar þekkja. Ef ég næ kjöri lætur hann af störfum sem fréttamaður og verður heimavinnandi, svo ég er ekki frá því að börnunum okkar yrði jafnvel sinnt betur, ef eitthvað er,“ segir Þóra og brosir. „Svo er það nú þannig að stóru stelpurnar búa hjá móður sinni og eru þar í skóla, svo það eru ekki fimm börn á heimilinu alla daga.“

Hún segist ekki kvíða því að eignast barn í miðjum kosningaslag. „Ég vil ekki draga úr því að þetta er mikið álag, enda eru mín tvö helstu þrekvirki í lífinu hingað til þau að koma börnunum mínum tveimur í heiminn. En það er ekki eins og maður sé kominn í einangrun við það að ganga með barn og eiga það. Þetta er eðlilegasti hlutur í heimi og hluti af lífinu. Þegar fólk fer að ræða hvernig ég ætli að fara að þessu, réttir Svavar iðulega upp hönd og segir: „Barnið á líka pabba.““



**Þóra Arnórsdóttir í hnotskurn**

Þóra er fædd í Reykjavík 18. febrúar 1975. Hún er dóttir Nínu Sæunnar Sveinsdóttur viðskiptafræðings og Arnórs K. Hannibalssonar heimspekiprófessors. Hún er yngst fimm systkina og ólst upp í Kópavogi.
Þóra er með B.A.-próf í heimspeki frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Genúa á Ítalíu og M.A.-próf í alþjóðastjórnmálum og þróunarhagfræði frá Johns Hopkins Paul H. Nitze School of Advanced International Studies, Bologna, Ítalíu og Washington, D.C. Hún er einnig með leiðsögumannapróf.
Hún talar ensku og ítölsku reiprennandi, en einnig dönsku, sænsku, norsku og þýsku.
Maki Þóru er Svavar Halldórsson fréttamaður. Þau eiga tvö börn, Halldór og Nínu, og þriðja barnið er væntanlegt í maímánuði. Svavar á einnig þrjár dætur úr fyrra sambandi, Ernu, Guðbjörgu og Rebekku.

**FORSETAEMBÆTTIÐ ENGIN ENDASTÖÐ** Þóra Arnórsdóttir telur að hún hafi næga reynslu og þroska til að verða næsti forseti Íslands. Kjörgengisaldurinn sé 35 ár. Hann væri hærri ef ætlast væri til þess að forsetaembættið væri einhvers konar endastöð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## SPURT OG SVARAÐ

**1 Hvert er að þínu mati helsta hlutverk og tilgangur forseta Íslands?**

Forsetinn á að vera manneskja sem flestir geta litið til, samsamað sig með og sameinast um. Það er engan veginn útilokað þótt þjóðin hafi að einhverju leyti sundrast síðustu árin. Það er margt sem sameinar okkur, svo miklu meira en það sem skilur okkur að. Forsetinn á að ýta undir sátt, hvetja menn til dáða og stappa stálinu í fólk þegar þess þarf. Það þýðir ekki að hann eigi að vera skoðanalaus lurða. Hann þarf að geta tekið af skarið þegar þess þarf.

Forsetinn er líka einn af málsvörum þjóðarinnar út á við. Hann á að gæta hagsmuna hennar og kynna landið eins og það er. Forsetinn þarf að vera tilbúinn að verja Ísland og halda málstað okkar á lofti. Það er afar margt sem við getum verið stolt af og það á forsetinn að endurspegla út í heim.

**2 Hvar stendur þú í pólitík? Mun það hafa áhrif á verk þín, verðir þú kjörin forseti?**

Ég aðhyllist heilbrigða skynsemi. Ég held að Íslendingar séu sammála um að við viljum að sem flestir hafi það sem best. Það er stjórnmálamanna að útfæra bestu leiðirnar að því markmiði. Forsetinn er eini þjóðkjörni embættismaðurinn og er sem slíkur algerlega laus við flokkapólitík. Þegar ég var tvítug var ég í framboði fyrir Alþýðuflokkinn í Reykjaneskjördæmi fyrir kosningar árið 1995, rétt eins og maðurinn minn starfaði með Sjálfstæðisflokknum í þeim sömu kosningum. Við höfum bæði lifandi áhuga á þjóðmálum og stjórnmálum en persónulegan metnað eða afstöðu í flokkapólitík hef ég alls ekki. Hvernig sem reynt er, þá er hreinlega ekki hægt að koma okkur ofan í box.

**3 Á forseti Íslands að hafa það vald að neita að skrifa undir lög frá Alþingi og skjóta málum til þjóðarinnar? Hvernig má hann beita því valdi?**

Það leikur enginn vafi á því í mínum huga að þessi réttur er virkur og hluti af því valdi sem fylgir forsetaembættinu. Þetta er öryggisventill og forsetinn getur aldrei skorast undan því. Vegna sinnar stöðu sem þjóðkjörinn embættismaður er hann nokkurs konar mótvægi við ríkisstjórnina. Þess vegna skiptir miklu máli að þjóðin geti treyst því að forsetinn geti metið það hvenær sé réttlætanlegt að grípa fram fyrir hendurnar á löggjafarvaldinu. Vegna þess að ekki er kveðið á um nein viðmið í 26. grein stjórnarskrárinnar byggist þetta á trausti til forseta um að hann kunni að lesa vilja þjóðarinnar hverju sinni. Ég treysti mér til þess að rísa undir þeirri ábyrgð.

**4 Hvernig þykir þér sitjandi forseti hafa staðið sig? Telur þú að þær breytingar sem gerðar hafa verið á forsetaembættinu í tíð hans séu afturkræfar?**

Mitt framboð snýst ekki að nokkru leyti um núverandi forseta eða mat á hans verkum. Kjósendur þekkja forsetann okkar, hann hefur starfað sem slíkur í 16 ár. Þeir vita hvaða valkostur hann er. Íslendingar eru fullfærir um að meta frambjóðendurna sjálfir.

Á Íslandi hafa setið fimm forsetar frá árinu 1944. Hver og einn þeirra hefur mótað embættið með sínum hætti. Þótt núverandi forseti hafi verið sá fyrsti til að beita 26. greininni í fjölmiðlamálinu þýðir það ekki að hann sé búinn að móta embættið um alla framtíð. Hann tók afstöðu út frá sínum viðmiðum, samvisku og siðferði. Hver forseti ákveður fyrir sig hvort eða hversu mikið hann tekur afstöðu í pólitískum deilumálum.


SODA sogrör 175,- /200 í pk.
Ýmsir litir
395,-
BLOMSTER blómavasi
Ø9, H12cm
2.390,-
IKEA BRÖLLUP kökustandur m/loki
Ø29, H22cm
GODTA könnur 395,- /stk.
21cl. Ýmsir litir
VÄNLIG kanna 495,-
1L. H19cm
SOMMARLOV serviettur 395,- /30 í pk.
B38×L38cm. Ýmis mynstur
495,-
GODTA diskur
Ø27cm. Ýmsir litir
Opnunar-
tími um páska
Skírdagur: Opið 11-20
Páskaeggjaleit kl. 11
Föstudagurinn langi:
LOKAÐ
Laugardagurinn
7. apríl: Opið 11-20
Páskaeggjaleit kl. 11
Páskadagur: LOKAÐ
Annar í páskum:
Opið 11-20
IKEA®
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

# Forseti á að vera fulltrúi fólkins

Doktor **Herdís Þorgeirsdóttir** varð fyrst kvenna til að bjóða sig fram sem forseta Íslands fyrir komandi kosningar. Hún lýsti sýn sinni á embættið, áherslum og hugsjónum í samtali við ***Gunnþóru Gunnarsdóttur.***



**DOKTOR HERDÍS** „Forsetinn á að beita áhrifavaldi sínu til að efla samstöðu þjóðarinnar og til að móta framtíðina á grundvelli hugsjóna sem byggja á jafnrétti, réttlæti og friði," segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

*Herdís, hvað varð til þess að þú ákvaðst að gefa kost á þér til embættis forseta?*

„Ég fékk hvatningu frá fólki sem finnst ég eiga erindi í embættið, bæði nánum vinum, fólki í kringum mig, samstarfsfélögum í áranna rás og fólki sem ég starfa með úti í Evrópu. Þetta er fólk sem veit af hugsjónum mínum og starfi á vettvangi mannréttinda og deilir með mér þeirri skoðun að efling mannréttinda og lýðræðis séu mikilvæg mál. Það sýndi sig eftir hrunið 2008 bæði í fjölmiðlum, á bloggsíðum og á götum úti að hinn almenni borgari kallaði eftir breytingum og virkara lýðræði í íslensku samfélagi. Þegar forseti Íslands ákvað að sækjast eftir endurnýjuðu umboði fimmta kjörtímabilið í röð þá dofnaði vonin um slíkar breytingar. Upp frá því fóru að heyrast kröfur um að það yrði einhver annar að bjóða sig fram."

*Hvaða mannréttindi eru það helst í okkar þjóðfélagi sem þú vilt auka?*

„Ég er fulltrúi mannréttinda almennt og það er vegna reynslu minnar, rannsókna og starfa um árabil á því sviði sem fólk telur mig fallna til að gegna þessu embætti. Margir vita að ég hef rannsakað þá hættu sem lýðræði stafar af tengslum stjórnmála, fjármálaafla og fjölmiðla og treysta mér til að tala fyrir réttindum hins almenna borgara. Ég hef verið óhrædd að gagnrýna þöggun og ótta við valdhafa sem kæfa nauðsynlega umræðu og halda samfélaginu í fjötrum sérhagsmunagæslu."

*Hvernig hyggstu ná þínum markmiðum fram sem forseti?*

„Ég vil vinna í þágu þjóðarinnar eins og ég get henni best þjónað og hennar hagsmunum. Forsetinn er í aðstöðu til að hafa mikil áhrif. Ég tel mikilvægt að hann beiti áhrifum sínum í að efla vitund og virðingu fyrir mannréttindum og gangi þar sjálfur á undan með góðu fordæmi. Hann á að beita áhrifavaldi sínu sem víðast til að efla samstöðu þjóðarinnar, sætta ólík sjónarmið og til að móta framtíðina á grundvelli hugsjóna sem byggja á virðingu fyrir jafnrétti, réttlæti og friði."

*Er þetta að þínu mati helsta hlutverk embættisins?*

„Mér finnst mikilvægt að hugarfar forsetans snúist um að þjóna hagsmunum fólksins í landinu. Hann sækir umboð sitt til fólksins og það er mikilvægt að hann tali máli þess. Kjör fólksins í landinu eiga að vera honum hjartans mál og hann á að tala fyrir almennum mannréttindum og nú á tímum að benda á mikilvægi þess að standa vörð um félagsleg og efnahagsleg réttindi. Hann verður einnig að hafa skilning á atvinnulífinu. Hann á að hvetja til listrænnar sköpunar og virðingar fyrir sögu okkar, landi og náttúru og í því samhengi að leggja áherslu á nægjusemi og lífshætti, sem eru umhverfisvænir. Forsetinn á að vera talsmaður sanngirni og réttsýni og hann á vara við spillingu og þeim hættum sem steðja að lýðræði og eru ógn við réttindi borgaranna. Hann á að beita sér fyrir grundvallarréttindum sem varða okkur öll og tengjast sameiginlegum hagsmunum okkar allra. Hann á einnig að leitast við að sætta ólík sjónarmið og beina sjónum að því samfélagi sem við viljum búa í þar sem allir fái notið málfrelsis, trúfrelsis og óttaleysis um einkalíf og afkomu."

*Hvar stendur þú í pólitík og mun það hafa áhrif á verk þín verðir þú kjörin?*

„Sem fræðimaður og áður blaðamaður er ég ekki tengd eða háð pólitískum flokki og hef aldrei starfað í stjórnmálaflokki. Það veit enginn hvað ég kýs og það er engin hætta á því að ég gangi erinda ákveðins stjórnmálaafls."

*Á forsetinn að hafa það vald að neita að skrifa undir lög frá Alþingi og skjóta málum til þjóðarinnar?*

„Í stjórnarskránni er honum falið vald til að virkja málskotsréttinn. Málskotsrétturinn er öryggisloki sem ber að beita af varfærni en þjóðin þarf jafnframt að geta treyst því að forseti Íslands hafi burði til að beita þessum rétti ef þörf krefur."

*Á forseti Íslands að taka afstöðu til Evrópusambandsaðildar?*

„Það er mikilvægt að forseti hafi yfirsýn og þekkingu á stjórnmálum en hann á ekki að tjá sig um lagasetningu í mótun né á hann að túlka sjónarmið sérhagsmuna eða ákveðins hóps meðal þjóðarinnar. Hann getur hvorki talað sem einarður andstæðingur Evrópusambandsaðildar né talsmaður slíkrar aðildar. Forsetinn er talsmaður þjóðarinnar, tákngervingur hennar, vona hennar og styrks."

*Hvernig finnst þér Ólafur Ragnar hafa staðið sig í embætti?*

„Ég ætla ekki að tjá mig um sitjandi forseta, finnst það ekki við hæfi. Við erum bæði í framboði þar sem hann talar fyrir sig og ég tala fyrir mig."

*Finnst þér mikilvægt að kona gegni embættinu næstu árin?*

„Í tengslum við embætti forseta Ísland legg ég aðaláherslu á að sú eða sá sem nær kjöri verði hæfileikarík hugsjónamanneskja sem beri hag þjóðarinnar fyrir brjósti og auðvitað er það ósk mín að fyrir valinu verði slík kona."

*Ef fleiri hæfar konur bjóða sig fram hefur þú þá áhyggjur af því að atkvæðin dreifist um of og Ólafur fljúgi inn?*

„Þegar eru fjórir karlar í framboði, ég er eina konan sem hefur boðið sig fram þegar þetta samtal á sér stað. Það verður frekar að spyrja þá konu sem kemur á eftir mér. Ég stend fyrir tiltekna hluti sem ég hef lýst og ef hún telur sig hafa meira eða annað erindi mun hún að rökstyðja það. Það er réttur allra að bjóða sig fram í lýðræðisríki. Kjósenda er valið."

*Telur þú að konur séu dæmdar harðar í opinberri umræðu en karlar?*

„Já, því miður. Það er settur annar mælikvarði á þær en karla. Það mun breytast en það tekur tíma. Útlit kvenna er sígilt umræðuefni og konur yfir ákveðnum aldri eru ekki mjög sýnilegar á opinberum vettvangi meðan karlmenn þar fá að eldast. Séu konur ákveðnar og fastar fyrir þá er fett fingrum út í það meðan körlum er talið það til tekna. Þetta vita allir en ég tel mikilvægt að láta það ekki á sig fá. Ég hef aldrei látið það trufla mig og ekki breytt útliti mínu eða framkomu til að þóknast öðrum. Það skiptir mestu að vera sjálfum sér samkvæmur."

*Munt þú sækja þér fyrirmyndir í fyrri forseta ef þú verður kosin?*

„Ég einblíni ekki á fyrirmyndir. Afstaða mín mótast af hugsjónum mínum og virðingu fyrir mannréttindum og lýðræði, merkilegu framlagi allra sem lagt hafa hönd á plóg til að efla slík réttindi, hvort sem það eru forsetar eða þeir sem hafa jafnvel fórnað sér til þess að aðrir megi njóta þessara réttinda. Ég sæki í skrif og hugmyndir þeirra sem hafa um þau fjallað í víðum skilningi og þaðan fæ ég innblástur."

*Hvað telur þú koma þér best þar?*

„Lífsreynsla mín, fyrst og fremst. Ég hef löngum staðið ein, stóð í rekstri blaðaútgáfu sem mjög ung kona en ég gaf út tímaritið Heimsmynd í átta ár. Ég reyndi sem ritstjóri og blaðamaður að benda fólki á hættur spillingar og þöggunar. Hafði áður verið ritstjóri Mannlífs þar sem útgefandinn gaf mér frjálsar hendur við að móta ritið svo fremi að það næði útbreiðslu og þar lagði ég áherslu á að fjalla um stjórnmál af dýpt í bland við umfjöllun um dægurmál, listir og tísku en bæði þessi tímarit náðu miklum vinsældum.

Um árabil var ég að fást við fræðistörf og rannsóknir til að leiða í ljós mikilvægi tjáningar- og skoðanafrelsis og svo hef ég verið ein með fjögur börn frá því að við hjónin skildum fyrir tólf árum. Móðir mín segir að ég hafi ávallt verið fljót að standa upp ef ég hrasaði sem barn og halda áfram. Ég lauk við doktorsritgerðina mína í kjölfar skilnaðar þótt það væri erfitt með stórt heimili og fjögur ung börn.

Ég hef unnið mikið undanfarin ár á alþjóðavettvangi og fæ mikinn stuðning núna frá félögum mínum víða í Evrópu. Konurnar sem ég starfa mikið með glöddust yfir því að kona sem er málsvari mannréttinda skuli bjóða sig fram, ekki síst á tímum fjárhagslegra þrenginga í álfunni þegar nauðsynlegt er að standa vörð um félagsleg réttindi fólks – að það komi rödd sem hafi tök á að túlka aðstæður og kjör almennings, ekki síst kvenna og barna."

*Eru börnin þín sátt við þá ákvörðun þína að bjóða þig fram?*

„Þó ég ætli ekki að blanda börnunum mínum í þetta framboð þá get ég sagt þér að ég á tvær dætur og tvo syni. Ég fæ heilmikla hvatningu frá elstu dóttur minni. Hún er 24 ára, var í lögfræði en venti sínu kvæði í kross og hóf nám í tónsmíðum. Yngri dóttur minni, sem verður 19 ára í þessum mánuði og syni, sem er á átjánda ári, bæði í menntaskóla, fannst þetta ásættanlegt eftir nokkra umhugsun og umræðu. Svo er það fimmtán ára sonurinn sem er í 9. bekk og er afar skynsamur, spilar á píanó og er búinn að gera páskahreingerningu í herberginu sínu. Hann hefur áhyggjur af áramótaskaupinu ef ég skyldi ná kjöri og spurði hvort ég hefði hugsað út í það!"

> Það veit enginn hvað ég kýs og það er engin hætta á því að ég gangi erinda ákveðins stjórnmálaafls.

## Menntun og starfsferill

**Dr.** Herdís Þorgeirsdóttir hdl. er einn af eigendum Vík Lögmannsstofu / VIK LAW, Garðastræti 37, Reykjavík. Hún hefur víðtæka reynslu af störfum sem mannréttindalögfræðingur á alþjóðavettvangi, prófessor og fræðimaður. Hún lauk doktorsprófi í lögum frá lagadeild Háskólans í Lundi, meistaragráðu á sviði alþjóðastjórnmála og þjóðaréttar frá The Fletcher School of Law and Diplomacy í Boston og BA-gráðu í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands og lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Hún var í námi í blaðamennsku við College of Journalism í London árið 1976. Áður var hún í einn vetur við háskólanám í Frakklandi.

Herdís var skipuð prófessor við lagadeild Háskólans á Bifröst 2004, kjörin forseti Evrópusamtaka kvenlögfræðinga 2009 og endurkjörin 2011. Einnig var hún kjörin formaður undirnefndar Feneyjanefndar Evrópuráðs um mannréttindi í desember 2011 og hefur verið í teymi lögfræðinga sem starfa á sviði vinnuréttar- og jafnréttismála fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins en þar er hún fulltrúi Íslands á grundvelli EES-samningsins.

Herdís starfaði sem blaðamaður á Morgunblaðinu í tvö ár, var síðar ritstjóri Mannlífs og stofnandi og útgefandi tímaritsins Heimsmyndar frá 1986-1994. Eftir hana liggja bækur og fræðigreinar um tjáningarfrelsið, stjórnmál, mannréttindi og fleira. Hún átti frumkvæði að og skipulagði tengslanets-ráðstefnurnar Völd til kvenna til að styrkja samstöðu kvenna úr öllum starfsgreinum og vitund þeirra um rétt sinn og mikilvægi í samfélaginu.

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

## LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!



**1498 kr. kg**
Lambalæri. Þú velur: ókryddað eða New York, hvítlauks og rósmarín marinerað

# PÁSKAVEISLA!



**40% afsláttur**
**2298 kr. kg**
Verð áður ~~3849~~ kr. kg
Ungnauta Roast Beef, erlent

**20% afsláttur**
**3899 kr. kg**
Verð áður ~~4980~~ kr. kg
Ungnautalundir, erlendar

**25% afsláttur**
**1199 kr. kg**
Verð áður ~~1548~~ kr. kg
Cranberry kalkúnn, butterball

**3778 kr. kg**
Lambafille með fiturönd




**150 kr. stk.**
Egils páskaöl, 0,5 l

Appelsín í gleri 118 kr.
Malt í gleri 159 kr.

## Páskaegg í miklu úrvali!




Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

## Opnunartímar í Krónunni yfir páskana!

| Akranes | Bíldshöfði | Hvaleyrarbraut | Árbær | Grandi | Jafnasel | Lindir | Mosfellsbær | Reyðarfjörður | Reykjavíkurvegur | Selfoss | Vestmannaeyjar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4. apríl 10-20 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 10-21 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 10-21 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 11-19 | 4. apríl 10-21 | 4. apríl 10-20 | 4. apríl 11-19 |
| 5. apríl 10-20 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 10-21 | 5. apríl 10-21 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 10-21 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 11-18 | 5. apríl 10-21 | 5. apríl 10-20 | 5. apríl 11-19 |
| 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ | 6. apríl LOKAÐ |
| 7. apríl 10-20 | 7. apríl 10-20 | 7. apríl 10-21 | 7. apríl 10-21 | 7. apríl 10-20 | 7. apríl 10-21 | 7. apríl 10-20 | 7. apríl 10-20 | 7. apríl 11-17 | 7. apríl 10-21 | 7. apríl 10-19 | 7. apríl 11-18 |
| 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ | 8. apríl LOKAÐ |
| 9. apríl 10-20 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 10-21 | 9. apríl 10-21 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 10-21 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 12-16 | 9. apríl 10-21 | 9. apríl 10-20 | 9. apríl 11-19 |

# Kalla mig stóra bróður Mugison

Hann er skráður smali í símaskránni en þessa dagana ber hann titilinn rokkstjóri enda heldur hann um alla þræði rokkhátíðar alþýðunnar Aldrei fór ég suður sem haldin er á Ísafirði nú um páskana, níunda árið í röð. *Jón Þór Þorleifsson* tekur að sér skorpuverkefni og leysir þau á afslappaðan hátt. *Gunnþóra Gunnarsdóttir* hitti kappann fyrir vestan.



**JÓN ÞÓR ÞORLEIFSSON** Rokkstjórinn um borð í Bjarnanesinu á Ísafjarðardjúpi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta er annað árið sem ég er rokkstjóri Aldrei fór ég suður en ég hef fylgst með hátíðinni frá byrjun. Á þeirri fyrstu var ég bara gestur, svo hef ég komið að undirbúningnum eftir það. Ég kalla mig stóra bróður Mugison. Okkur fannst það skemmtilegra en að nota nafnið umboðsmaður eða eitthvað þess háttar. Ég hjálpaði honum með útgáfuna á plötunni síðasta haust og túrinn í kringum hana. Við vorum október, nóvember og desember að vinna saman og það var ofboðslega skemmtilegt. Ég held að galdurinn á bak við það sem gerðist hafi verið sá að við ákváðum að hafa gaman og fylgdum tilfinningum okkar í hvívetna. Ég lærði mikið af því að vinna með Ödda, hann er svo hreinn og beinn og algerlega laus við að vera með vesen. Það einhvern veginn skilar sér. Hljómsveitin er náin líka og það skiptir engu máli hvað kemur upp, öllu er reddað. Ef maður ákveður að vera hamingjumegin þá gengur allt upp.“

*Maður hefur á tilfinningunni að þú gerir hlutina á fremur áreynslulítinn hátt.*

„Já, ég passa mig á að vera temmilega vel undirbúinn, ekki með allt niðurnjörvað heldur þannig að hægt sé að breyta, þá verður allt miklu skemmtilegra. Ég hef aðallega verið í sjónvarpsauglýsingagerð og tek að mér ýmsa viðburði líka. Þar gildir að hafa visst frelsi, annars verður allt einsleitt og leiðinlegt, bæði vinnan og útkoman. Mér finnst skipta máli að hafa lífið svolítið fjölbreytt. Martröð mín væri að vinna í banka og vera fastur á bak við eitthvert borð.“

Hvort er þetta vinnulag meðfætt eða lært?

„Mamma er kennari og var aðstoðarskólastjóri í Varmalandi í Borgarfirði á meðan við bjuggum þar. Þá gerði hún alltaf stundaskrárnar. Ég held þetta sé í genunum að horfa á dagana og stundirnar í einhverjum bútum en gefa sér svo frelsi beggja vegna dálkanna. Þetta er stundatöflugenið!“

**Staðurinn hefur segul**

*Ertu Ísfirðingur?*

„Nei, ég byrjaði að koma hingað sex ára gamall með fósturföður mínum, var hér á sumrin, jólum og páskum og leið alltaf dálítið vel. Svo kynnist ég fyrrverandi sambýlismanninum mínum, sem er héðan. Við vorum saman í tíu ár og þá varð þetta dálítið minn staður. Nú á ég hlut í íbúð með fjórum vinum mínum þannig að ég reyni að vera hér alltaf einhvern hlut úr ári og finnst það voða gott. Var hér mikið í fyrrasumar að vinna að verkefni með Byggðasafninu og fyrirtækinu Borea Adventures. Það felst í að fara með fólk á handfæraveiðar á fallegum trébát sem heitir Gunnar Sigurðsson. Hugmyndin er að vera líka með kvöldsiglingar.“

*Er Ísafjörður vinsæll ferðamannastaður?*

„Já, þessi staður hefur segul. Allir sem ég þekki sem koma hingað í fyrsta skipti verða svo heillaðir að þeir vilja koma aftur. Svo eru Jökulfirðirnir heimur útaf fyrir sig. Ég naut þess oft að fara þangað með fósturföður mínum sem var þaðan en hann lést fyrir tveimur árum. Fjölskyldan á stað sem hún helgar minningu hans í Lónafirðinum og þangað munum við fara reglulega. Það er uppáhaldsstaður og verður það alltaf. Amma og afi eru úr Jökulfjörðunum og á fjögurra ára fresti er haldin þar hátíð sem heitir Flæðareyrarhátíð. Þá hittast þar fjögur til fimm hundruð manns yfir eina helgi. Síðan reyni ég að fara að minnsta kosti einu sinni á ári þar fyrir utan.“

*Hefurðu kynnt þér það líf sem þar var lifað?*

„Ég hef gaman af að hlusta á sögur af lífinu þar en ég hef ekkert legið yfir heimildum eða svoleiðis. Hef stundum hugsað um það hvort síðasta manneskja sem flutti frá Hesteyri hafi látið sér detta í hug að það yrði svona vinsælt að fara þangað því nú er þetta orðin ferðamannaparadís.“

**Slegist um gay túrisma**

*Segðu mér hvað þú hefur verið að fást við fyrir utan að vinna með Vestfirðingunum.*

„Ég fór á þriggja mánaða námskeið í Kvikmyndaskóla Íslands 1994 og vann svo í skólanum í tvö ár, þá fór ég á RÚV og var fréttaklippari þar í tvö ár, það var stórfenglegur tími. Við vorum svo tólf sem fórum þaðan þegar Skjár 1 byrjaði. Það var gaman að vera með í því og þar var ég í ansi mörg ár. Þaðan fór ég yfir í Filmus að framleiða sjónvarpsauglýsingar og á núna fyrirtæki sem fæst við auglýsingagerð og heitir Smalinn og synir. Einnig á ég hlut í plötudreifingarfyrirtæki sem heitir Kongó. Það er með litla búð á Nýlendugötu 14 og þar stend ég vaktir einn og einn dag í einu. Mér finnst það mjög gaman.“

*Þér finnst allt dálítið gaman. En eru fleiri hátíðir í pípunum?*

Þegar ég kem suður eftir páska fer ég beint í að undirbúa heimsmeistaramót homma og lesbía í sundi. Félagsskapurinn heitir IGLA sem er stytting á International Gay and Lesbian Aquatics og er með heimasíðuna igla2012.org. Fyrir tveimur árum fór íslenskur hópur á slíkt mót í Kaupmannahöfn og gekk rosa vel. Við vorum með svo ungt lið. Ég fékk meira að segja gull í boðsundi. Í liðinu voru þrír fyrrverandi landsliðsmenn og svo ég og þeir voru komnir með svo afgerandi forystu að ég gat ekki klúðrað þessu. Í Köben kom hugmyndin upp um að halda næsta heimsmeistaramót hér á landi svo í vor koma um 800 manns að keppa í sundi, sundknattleik og dýfingum í Laugardalnum og Sundhöllinni. Við erum nokkur hópur sem stendur að þessu innan sundfélagsins Styrmis og Pink Iceland sem er ferðaþjónustufyrirtæki, það sér um að halda utan um skráningar og ferðir en Sundsambandið sér um mótið. Ég tel mikilvægt að gera Ísland að áfangastað „gay“ fólks. Það ferðast mikið og á talsvert af peningum því fæst af því eyðir þeim í börn. Innan hópsins er fólk sem vill lifa heilsusamlegu lífi og líta vel út og auðvelt er að selja því Ísland sem hreinan stað. Ég veit að það er slegist um „gay“ túrisma. Í Aspen í Bandaríkjunum er ein helgi á ári helguð slíkum túrisma og þá næst mesta veltan þar á stystum tíma.

Eftir sundmótið ætla ég í þriggja daga ferð með tuttugu útlendinga um Vestfirði og svo ætla ég í sumarfrí. Þetta er staðan núna. Svo veit maður aldrei.“

■ ÖRN ELÍAS GUÐMUNDSSON

## Það finnst mér fallegt

Ekki færri en þrjátíu og tvær hljómsveitir ætla að troða upp á Aldrei fór ég suður nú um páskahelgina. Aðaldagskráin verður á föstudag og laugardag, allir spila og syngja frítt og ekkert kostar inn.

Örn Elías Guðmundsson, öðru nafni Mugison, er nokkurs konar vörumerki fyrir hátíðina. Hann er upphafsmaður hennar ásamt föður sínum, Guðmundi M. Kristjánssyni hafnarstjóra Ísafjarðar og báðir voru viðstaddir undirritun samninga um fjárstuðning fyrirtækja við hátíðina í ár. Fyrirtækin eru Orkusalan, N1, Flugfélag Íslands og Landsbankinn, auk Menningarráðs Vestfjarða. „Við köllum fyrirtækin sem taka þátt í þessu með okkur „foreldra“ hátíðarinnar. Það er jú þekkt að „pabbi borgar“, segir Mugison brosandi. Hann telur engan verða ríkan á hátíðinni enda sé hún haldin hamingjunnar vegna. „Menn græða mest móralskt á þessari hátíð því hún hefur yfir sér svo jákvæða orku. Þar hefur samhjálpin mest að segja, enda eru endalaus skutl og ótal handtök sem fólk leggur á sig fyrir hana. Það þarf að rýma stóra skemmu til að hægt sé að spila þar inni, búa um vel á annað hundrað rúm fyrir tónlistarfólkið og gefa því að borða, já, hreinlega tæma frystikisturnar. Það eru nánast engin takmörk fyrir því sem fólk er tilbúið að gera kauplaust, bara fyrir gleðina og það finnst mér fallegt.“

Grunnur að hátíðinni varð til á skemmtistaðnum Sirkusi að sögn Mugisons. „Við feðgar hittum Ragnar Kjartansson myndlistarmann og sögðum honum frá hugmyndinni. Ragnar fór einn hring í salnum og hitti marga félaga sína úr tónlistarbransanum, allir voru til í slaginn og hátíðinni var reddað. Nafnið kom frá honum hálftíma síðar og er tilvísun í samnefnt lag Bubba.“

En þar sem Mugison er kominn suður er hann spurður hvort hann geti enn með góðri samvisku verið andlit hátíðarinnar. „Ég er búsettur fyrir vestan, á hús á Súðavík og býst við að verða þar í sumar,“ segir hann brosandi.



**ÖRN ELÍAS** Þessi kýr fór að minnsta kosti aldrei suður, gæti Mugison verið að hugsa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**MESSAÐ Í BLÁFJÖLLUM**
**Gott skíðafæri er í Bláfjöllum og þar verður opið um páskana. Rútuáætlun verður tvöföld, bæði helgar- og virkra daga áætlun. Guðsþjónusta verður á páskadag kl. 13.00. Félagar úr kór Bústaðakirkju leiða söng við undirleik og stjórn Jónasar Þóris. Prestur er séra Pálmi Matthíasson.**














**SUMARLEGUR** Samfestingurinn sem Margrét Jústa útskrifaðist í úr Háskóla Íslands. MYND/VILHELM

# SODDAN TÍSKUDRÓS

**DÖMULEGUR STÍLL** *Margrét Jústa Pétursdóttir á fullan skáp af fallegum fötum sem flest er keypt í útlöndum. Útskriftargallinn er í uppáhaldi.*

Uppáhaldsflíkin mín er samfestingur sem ég valdi mér frá kærastanum fyrir útskriftina úr HÍ. Við keyptum hann í Kaupmannahöfn og mér þykir voða vænt um hann. Hann er öðruvísi, sumarlegur og sætur," segir Margrét Jústa Pétursdóttir, starfsmaður viðhaldsdeildar Atlanta, þegar blaðamaður hnýsist í skápana hennar.

Hún viðurkennir að vera soddan tískudrós og eiga fullan skáp af fötum. Hún segir að sinn stíll sé dömulegur en hún rokki hann öðru hvoru upp. „Ég kaupi föt aðallega í útlöndum. Ég bjó í Kaupmannahöfn um tíma og þar er sumarið lengra en mér finnst mjög gaman að klæða mig upp á sumrin í kjóla. Ég er tískudrós þó að ég fylgi kannski ekki endilega tískustraumum. Ég klæði mig í það sem mér finnst flott og vil ekki falla í fjöldann."

Sú flík í fataskáp Margrétar sem kemst næst því að vera uppáhalds er spariskyrta sem hana hafði lengi dreymt um áður en hún endaði í skápnum.

„Ég hafði haft augastað á henni í Liborius búðinni. Hún kostaði 99.000 krónur og ég tímdi aldrei að kaupa hana, fór samt margoft og mátaði og lét mig dreyma. Einn daginn sagði eigandinn mér að búðin væri að hætta og eftir viku yrði haldin lagersala. Hann skyldi taka skyrtuna frá fyrir mig, það væri augljóst að hún yrði að verða mín."

Margrét er einnig liðtæk á saumavélina og kíkir oft í Kolaportið eftir fötum til að þrengja, stytta og breyta. Hún vill þó ekki viðurkenna að í henni blundi fatahönnuður. „Nei, þetta er áhugamál. Ég hef bara mjög gaman af fötum og tísku."

**FELLUR EKKI Í FJÖLDANN**

„Ég er tískudrós þó að ég fylgi kannski ekki endilega tískustraumum. Ég klæði mig í það sem mér finnst flott og vil ekki falla í fjöldann."




## Reiki

Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK

FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU

Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:

II. stig kvöldnámskeið 16.–18. apríl

I. stig helgarnámskeið 21.–22. apríl



Guðrún Óladóttir
reikimeistari og hómópati

Pantanir í síma 553 3934, milli kl. 10 og 13 virka daga.

Pantanir óskast staðfestar.





FULL BÚÐ
af flottum fötum
fyrir flottar konur

Gleðilega páska

Vertu vinur á Facebook

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is






BBC ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS




## NÝJASTA TÍSKA Í AMERICAN IDOL

**Tískuhönnuðurinn Tommy Hilfiger var fenginn til aðstoða keppendur í American Idol með fataval. Hann segist vera ráðgefandi og koma með hugmyndir en krakkarnir ráði því hvort þau fari eftir þeim ráðum. Keppendur klæðast nýjustu fatalínu hans svo framarlega sem þau kjósa svo. „Ég vil efla sjálfsvitund þeirra á sviðinu og gera þau öruggari," segir Hilfiger. „Sjálfsöryggi og útlit skiptir miklu máli í svona keppni," bætir hann við.**

**„Það er mikill heiður fyrir mig að fá að leiðbeina þessu unga fólki. Ég hef alltaf haft áhuga á tísku unga fólksins," segir Hilfiger en fatnaður hans er vinsæll um allan heim. Hann þykir sportlegur en þó með klassísku yfirbragði. Hilfiger, sem er Bandaríkjamaður, þykir hafa tekið amerískan hversdagsklæðnað og gert hann smart.**

**American Idol keppnin hefur verið haldin árlega frá árinu 2002. Framleiðendur vonast til að hún fái nýjan innblástur varðandi tísku og útlit nú þegar svo frægur hönnuður vinnur með keppendum. Áhorfendur fá að kynnast nýjustu tísku um leið og þeir hlýða á söngvarana. Talið er að 16 til 20 milljónir manna horfi á hvern þátt.**

**Hilfiger er ánægður að vera í liði með Jennifer Lopez, Randy Jackson, Steven Tyler og Ryan Seacrest en hann hefur einnig áhrif á fatnað þeirra í þáttunum. Hilfiger hefur starfað mikið með tónlistarmönnum í gegnum tíðina. Hann hefur unnið með Rolling Stones, Lenny Kravitz, David Bowie, Britney Spears, Beyonce og Taylor Swift svo einhverjir séu nefndir.**



**PITSUÁSKORUN**

**GÓÐ PITSA** Halldóra Traustadóttir með eftirlætispitsuna sína.

MYND/GVA

# SKORAR Á AÐALSTEIN

**GÓÐGÆTI KYNNIR** *Wewalka pitsudeig er hægt að útbúa á margvíslegan hátt.*

Næstu föstudaga verða birtar hér uppskriftir af uppáhaldspitsu hinna ýmsu matgæðinga. Ýmsar útgáfur munu líta dagsins ljós og hugmyndaflugið fær að njóta sín. Pitsurnar eiga það sameiginlegt að vera gerðar úr Wewalka-pitsudeigi.

Steingrímur Sigurgeirsson matgæðingur skoraði á Halldóru Traustadóttur, forstöðumann á viðskiptasviði Íslandsbanka, að gefa lesendum uppskrift að uppáhaldspitsunni sinni sem kemur hér.

## PITSA MEÐ KARTÖFLUM

### RÓSMARÍN, KAPERS OG RJÓMAOSTI

1 Wewalka xxl, hvítur botn
Grænt pestó
Rifinn ostur
Kartöflur
Laukur
Rósmarín
Maldon-salt
Ólífuolía
Kapers
Rjómaostur




Afhýðið bökunarkartöflu og skerið með ostaskera í þunnar sneiðar.
Sneiðið lauk þannig að þið hafið heila hringi.
Setjið í skál ásamt góðri ólífuolíu og slatta af rósmaríni.

Bragðbætið með Maldon-salti.
Þekið botninn með grænu pestói.
Stráið rifnum osti yfir.
Raðið kartöflusneiðum, lauk og rósmaríni ofan á pestóið og ostinn.
Dreifið kapers yfir og að lokum rjómaosti.

*Bakið við 200°C í 15-20 mínútur.*

**Ég skora á Aðalstein Leifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, að deila með lesendum uppáhaldspitsunni í næstu viku.**

## RÁNDÝR GLERAUGU Á MARKAÐ

**LÚXUSVARA FRÁ FORD**



**Bandaríski tískuhönnuðurinn Tom Ford setur nýja lúxus gleraugnalínu á markað í næsta mánuði. Hönnunin tekur mið af tísku sjötta áratugarins og eru ætluð bæði körlum og konum. Gleraugun munu kosta um 380.000 krónur sem gera þau tíu sinnum dýrari en gleraugu margra sambærilegra hönnuða. Himinhátt verð gleraugnanna skýrist af því að þau eru meðal annars búin til úr hornum vatnabuffalóa og gulli. Hönnuðurinn segir að hugmyndin að hönnun gleraugnanna sé sprottin úr tímalausum glæsileika sjötta áratugarins. Það sem einkenni þau sé bæði úrvals hönnun og hágæða efni og eru þau, að hans sögn, með betri gleraugum sem komið hafa frá hönnunarhúsi hans. Gleraugun verða seld í sérhönnuðu leðurboxi, þeim fylgir upprunavottorð og sérstakt hreinsikrem. Þau verða seld í verslunum Tom Ford í Evrópu, Bandaríkjunum, Japan og Ástralíu og sérvöldum verslunum víða um heim.**


## Frumsýnum 2012 LMC hjólhýsi ferðavagna í Þrastalundi um páskana

LMC Meine Welt







Föstudaginn langa kl. 12:00 til 17:00
Laugardaginn kl. 12:00 til 17:00
Páskadag kl. 12:00 til 17:00



P. KARLSSON EHF.

Ögurhvarf 2 - 203 Kópavogur
GSM: 824-3900
thrudmar@pkarlsson
www.pkarlsson.is www.lmc.is



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432

# NÝR HEILSUDRYKKUR Á MARKAÐ

**HUNDRAÐ PRÓSENT HEILSA KYNNIR** *Fyrirtækið Hundrað prósent heilsa setti nýverið á markað heilsudrykkinn* **Alpha Daily**. *Drykkurinn er unninn úr eplaediki, hunangi og óreganó. Hallgrímur Magnússon læknir segir þessi efni eiga það sameiginlegt að halda líkamanum söltum og vinna móti hinum ýmsu kvillum.*

Fyrirtækið Hundrað prósent heilsa setti nýverið á markað hunangs-eplaediksdrykkinn Alpha Daily. Vörumerkið Alpha Daily er alíslenskt en auk drykkjarins eru fleiri vöruflokkar í pípunum, þar á meðal hunang. Framleiðslan og hugvitið eru íslensk en hráefnið að mestu innflutt fyrir utan vatnið. Fyrirtækið hóf starfsemi á síðasta ári og er staðsett að Smiðjuvegi 38. Alpha Daily fæst nú þegar í um 30 verslunum; Hagkaupum, Fjarðarkaupum, Víði, Kaskó, Kosti og í öllum helstu heilsubúðum. Boðið er upp á endurvinnslutilboð hjá fyrirtækinu, en með því að safna sex flöskum og skila þeim á Smiðjuveg fást sex fullar flöskur á verði fimm.



**DRYKKUR MEÐ VIRKNI** Hallgrímur segir drykkjarblönduna hafa fylgt manninum frá örófi alda sem heilsudrykkur og virku efnin í honum hafa öll ákveðna líffræðilega virkni í líkamanum.



**FYRSTA FLOKKS HRÁEFNI** Eplaedikið sem notað er í drykkinn er fyrsta flokks, ógerilsneytt, óeimað og innflutt frá Þýskalandi.

**VIRKNI OG BÆTT HEILSA**

Læknirinn Hallgrímur Magnússon hefur í gegnum tíðina talað fyrir bættu mataræði fólks og mikilvægi þess að viðhalda réttu pH-gildi líkamans. „Ég hef verið að vesenast í þessu í 20 ár og ráðlagt fólki í fyrirlestrum mínum að drekka eplaedik 15 til 20 mínútum fyrir mat og bæta þannig meltinguna," segir Hallgrímur. Hann sjálfur kemur ekki að framleiðslu Alpha Daily en vill leggja þessum góða drykk lið í þeirri von að bæta heilsu fólks. Hallgrímur segir drykkjarblönduna hafa fylgt manninum frá örófi alda sem heilsudrykkur og virku efnin í honum hafa öll ákveðna líffræðilega virkni í líkamanum. „Óreganó, eplaedik og hunang eiga það sameiginlegt að færa í líkamann efni sem halda honum söltum, en það er mjög mikilvægt fyrir heilsu líkamans." Hallgrímur bendir á mikilvægi þess að vinna á móti súrum líkama og óheilbrigðu mataræði nútímans og mælir með að fólk skoði mataræði sitt vel. Hann segir flesta sjúkdóma mega rekja til þess að líkaminn verði of súr. „pH gildi Coca Cola er til dæmis 2,8 sem er mun súrara en mannslíkaminn sem er pH 7,3-7,4. Það er gríðarlegt bil þarna á milli. Smátt og smátt notum við okkar birgðir af efnum til að viðhalda sýrustiginu; líkt og þegar Coca Cola er drukkið þá jafnar líkaminn niður sýrustigið, en við of mikla neyslu kemur að því að hann nær ekki að halda í við neysluna og þá fer glerungurinn að eyðast og aðrir sjúkdómar að láta á sér kræla en Alpha Daily drykkurinn vinnur á móti því. Þetta er svona grunnhugsunin í þessu."

**EPLAEDIK**

Eplaedikið sem notað er í drykkinn er fyrsta flokks; ógerilsneytt, óeimað og innflutt frá Þýskalandi. Um edikið segir Hallgrímur: „Eplaedik sem slíkt er súrt en með hunanginu dregur maður úr sýrunni. Það sem gerist með eplaedikið þegar það kemur í líkamann er að það brennur upp til grunna og færir líkamanum þau efni sem gera hann saltan. Líkt og þegar sítróna er innbyrt þá er hún súr en þegar hún er búin að brenna í líkamanum þá færir hún okkur efnin kalíum, magnesíum, natríum og kalsíum sem gera líkamann saltan."

**HUNANG**

Hvað virkni hunangsins varðar segir hann að það innihaldi margfalt meira af kalíumi en nokkuð annað efni í náttúrunni og sé mikilvægt saltstjórn líkamans ásamt magnesíum, natríum og kalsíum. Aðeins er notað hráhunang í Alpha Daily, sem er minna unnið en hefðbundið hunang. „Hunangið er lífrænt hunang frá Mið- og Suður-Ameríku og blómaakurinn sem flugurnar sækja hunangið á er með mjög fjölbreyttri blómaflóru. Það er ekki hitað við vinnslu heldur kaldhreinsað og heldur þannig öllum ensímum. Þetta er því fyrsta flokks hunang."

**ÓREGANÓ**

Óreganó er krydd sem flestir ættu að þekkja úr eldhúsinu heima hjá sér og segir Hallgrímur virkni þess vera þá að „það hvetji örverurnar í þörmunum til að mynda betri mjólkursýrubakteríur og vinni þannig á móti sveppi og öðrum örverum sem eru sjúkdómavaldandi."

**MELTING OG SJÚKDÓMAR**

Hallgrímur segir að gamla náttúrulæknisfræðin segi að 95% af öllum vandamálum líkamans megi rekja til meltingarvegarins og að eplaedik, hunang og óreganó stuðli að heilbrigðri bakteríuflóru í meltingarveginum. Hallgrímur mælir með að drykkurinn sé drukkinn rétt fyrir mat til að hjálpa líkamanum að búa til saltsýru í magasýrunni svo fyrsta þrep meltingarinnar verði betra. „Þegar fyrsta þrep meltingarinnar er betra verður restin af meltingunni betri. Þetta vinnur á móti þeirri geggjun sem mataræði nú til dags er fullt af." Hann mælir einnig með því að drykkurinn sé drukkinn við stofuhita. „Þegar drukknir eru ískaldir drykkir þarf líkaminn að ná sér í blóð og beina blóðrásinni upp í magann áður en hann hleypir því í gegn, sem gerist ekki fyrr en vökvinn er orðinn 35 til 36 gráður. Það hefur auðvitað neikvæðar afleiðingar fyrir alla meltinguna með tilheyrandi vandamálum." Hallgrímur segir að í einhverjum tilfellum hafi fólk læknast eða jafnvel getað haldið niðri magabólgum með því að drekka eplaedik í stað lyfjainntöku. Þannig hafi það sparað sér og ríkinu mikinn pening og öðlast varanlegan bata í leiðinni.



# BÍLAR & FARATÆKI

Bílalíf



**EÐAL EINTAK.**
M.BENZ E 500 PANORAMA. Árgerð 2003, ekinn aðeins 129.þ km,sjálfskiptur,einn með öllu frá Benz. Verð 2.980.000. Rnr.125125.



**TILBOÐ 1.990.000.-**
RENAULT MASTER HÁÞEKJA VSK. Árgerð 2007, ekinn aðeins 78.þ km,dísel, 5 gírar. Verð áður 2.780.000.- Tilboð 1.990.000.- með vsk. Rnr.124055.



**TILBOÐ 1.390.000.-**
M.BENZ ML 430. Árgerð 2000, ekinn 184.þ km,sjálfskiptur,mjög gott eintak.Verð áður 1.790.000.- Tilboð 1.390.000.- Rnr.245422. S:562-1717.



**TILBOÐ 1.990.000.-**
JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4. Árgerð 2005, ekinn 124.þ km, bensín, sjálfskiptur,Verð áður 2.490.000.- Tilboð 1.990.000.- Rnr.124483.



**100 % LÁN MÖGULEGT**
SSANGYONG MUSSO WAGON. Árgerð 1999, ekinn 178.þ km, bensín, sjálfskiptur,ný dekk. Verð 490.000. Rnr.125030. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthá ls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**




Netbílar, Hlíðasmára 2 Er nú þegar orðin ein vinsælasta bílasalan í bænum. Beinið viðskiptunum til okkar það mun reynast yður happa drjúgt. Símakall til bílasala yðar útvegar yður fullar Upplýsingar. Sími 588-5300.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu ESTUARY hjólhýsi árg 1980 með nýlegu fortjaldi, geislaspilara, gaskút Verð 490 þús uppl ferdavagnamarkadur.is Sérhæfum okkur í ferðavögnum Vantar ferðavagna á skrá.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

hjól.is
bestir í hjólum...



Harley Davidson Heritage Softail Classic. Árg '02, ek 7.300 km, Flott ásett verð 1.980 þús!!! #145262

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**www.hjol.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



HONDA Cr-v . Árgerð 1999, ekinn 185 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 450.000. ásett 590.000 Rnr.154940.

**Höfðabílar**
**Fosshá ls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**

100 bílar bílasala .is



Land Rover Range Rover Supercharged Vouge, Árg 6/2007, ek 68Þ.KM, Með öllum aukabúnaði, lítur út sem nýr, Ásett verð 8.490þ.kr, Rnr.117183. Er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus.is - S.5522000.






BMW X5, árg. 2004, dísel, ssk., 6 cyl., heilsársdekk, krókur, ek. 180 þús. km. Verð 2,7 millj. Skoða skipti. S: 8930620



Skoda Octavía 2011 ek:22.464km sjálfskiftur. framdrif.frábær bíll á 3.600.000kr. uppl. 892 2550



Til sölu Toyota Rav4 árg'06 ek95þús ný sk, ssk, 2L bensín. V2.190þús s.6950381



MMC Pajero DID, árg. 04, ek. 127 þús., 17" álfelgur, toppl., leðurs. Verð kr. 2.800 þús. Skoða skipti á ódýrari. Uppl. í s. 8618691.

## 0-250 þús.



**TILBOÐ 250 ÞÚS!!!**
RENAULT LAGUNA 1,6 16v árg'98 ek.165 þús,5 gíra beinsk.5 dyra með stóru rúmgóðu skotti,eyðir litlu um 7 ltr, skoðaður 13 verð 380 þús TILBOÐ 250 ÞÚS stgr! s.841 8955

## 250-499 þús.



**Primera 2001 Tilboð 350 þús!**
Nissan Primera árg 2001 ek.170 þús, beinskiptur,ný skoðaður 2013,álfegur, cd, ofl. góður bíll. ásett verð 520 þús TILBOÐ 350 ÞÚS s.841 8955

Freelander 99, ekinn 180, 1.8 vél, bsk, krókur, 4x4 Tilboð 320þús - S:8670341

## 1-2 milljónir



Til sölu Ford Focus C-max árgerð 2006 ekinn 52.000km. Vel með farinn og góður bíll. Uppl. 694 7038

## Jeppar

Nissan Terrano II '98 EK 173,500 km. Diesel 2,7 TTI, bsk, 7 manna, nýleg dekk. Verð 420 þús. Uppl. í s. 695 1082

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar



**Bíll með öllu.**
Til sölu Ford Hobbý Árg. 2007, EK. 24 þús. Afturhjóladrifinn. Allar upplýsingar í síma 892 3527.

## Kerrur



Brenderup Alugance 205 Innanmál: 203x116x30cm - Burðargeta: 620kg - Dekk: 13" - Verð kr. 236.000 m/VSK - Lyfta.is - 421 4037 - www.lyfta.is



KK-209. Engar bremsur, gömul skráning, má bera 1499 kg. 39" dekk. Nýlega endurbyggð. Sterk og góð.. Verðhugmynd 450 þús. S.8581081.

## Hjólhýsi



**Hobby 560 Ufe Prestige hjólhýsi 2007 árg**
Hobby 560 Ufe Prestige hjólhýsi, keypt nýtt í maí 2007. Ýmsir aukahlutir fylgja með. Upplýsingar í síma 892 7512.



A-hýsi til sölu,Chalet Arrowhead árg. 07 4 manna, 3xsólarsellur, 3xrafgeymar, cd/dvdspilari, sjónv.-tengi og loftnet. v. 2.100.000 uppl í s.898 6410



**Höfum til afgreiðslu strax ný Hobby hjólhýsi**
**Hobby 560 KMFE nýtt 2012 módel. Með markísu, stórum ísskáp, hjónarúmi, 2 kojum o.fl. Verð 4.360.000. Hobby 540 UFE nýtt 2012 módel. Með markísu, stórum ísskáp, hjónarúmi o.fl. Verð 4.090.000. Get útvegað ný og notuð hjólhýsi af öllum stærðum og gerðum.**
**Upplýsingar gefur Bóas í síma 7775007, netfang: b1.is Bílasala Austurlands, Egilsstöðum**

## Bátar



Smíðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.



Til sölu þessi glæsilegi ferðamannabátur. Hefur verið gerður út á sjóstöng fuglaskoðun o.fl. Besti tíminn framundan Góð greiðslugjör. Nánar hibyliogskip.is Uppl. S. 5517270 09 8933985

Óska eftir nýlegum hraðbát undir 6m. Í skiptum fyrir Land Crusier 120 GL. árg'03 Uppl í s. 662 6818

## Varahlutir




**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja












5. APRÍL 2012

# Lífið

STÓRKOSTLEGT REYKJAVÍK FASHION FESTIVAL

STUNDAR INNHVERFA ÍHUGUN YFIR PÁSKANA

AKUREYRARMÆR SYNDIR Í 22 TÍMA Á VIKU



## TRÚIR ENN ÞÁ Á ÁSTINA

SÖNGKONAN ANNA MJÖLL UM FRÁFALL FÖÐUR SÍNS OG SÖKNUÐINN, SÖNGINN, SKILNAÐINN OG LÍFIÐ Í LOS ANGELES.

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Veitingastaðurinn 101 Hótel var þéttsetinn í gærkvöldi. Þar mátti sjá fyrrverandi ritstjóra Séð og heyrt **Ragnheiði M. Kristjónsdóttur** halda upp á fjörutíu ára afmælið sitt ásamt fjölda kvenna. Í afmælinu voru



systir hennar, **Agnes Amalía Kristjónsdóttir** og fjölmiðlakonurnar Björk Eiðsdóttir, Erla Hlynsdóttir, Þóra Sigurðardóttir, Tobba Marinósdóttir, Marta María Jónasdóttir, Elín Arnar og Lilja Katrín Gunnarsdóttir.



Í vikunni mátti sjá rithöfundahjónin Þórarin Leifsson og **Auði Jónsdóttur** á fjölskylduskemmtun sem stendur núna yfir í Nýlistasafninu. Safnið hefur tekið á sig mynd leiksvæðis sem ætlað er börnum og fjölskyldum.





Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Barbara Porter
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid




Jóhanna Pálsdóttir og Arnar Gauti Sverrisson. MYNDIR/ALMA GEIRDAL



Yesmine Olsson og Silja Hrund Einarsdóttir.



Stemningin var góð á sýningarpöllunum.

# RFF TÍSKUHÁTÍÐIN STÓRKOSTLEG

„Mér fannst tískuhátíðin stórkostleg. Rosalega vel heppnuð og sýndi mikla breidd og hvað það er mikil gróska hjá íslenskum fatahönnuðum,“ sagði **Jóhanna Pálsdóttir,** framkvæmdastjóri Elite og Fashion Academy Reykjavík, en hún mætti ásamt unnusta sínum, Arnari Gauta Sverrissyni, á Reykjavík Fashion Festival sem fram fór í Hörpu um síðustu helgi. Þar sviptu ellefu íslenskir hönnuðir hulunni í fyrsta skipti af haust- og vetrarlínum 2012.



Saga Sig ljósmyndari.



Þóra H. Ólafsdóttir og Jón Ólafsson.

Sjá nánar á visir.is/lifid

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn… …góðar fréttir fyrir umhverfið

# BETRUMBÆTT BORGIN



**Glæsilegasta fólk landsins kom saman til að fagna endurnýjun veitingastaðarins „Lounge á Borginni“ síðustu helgi.**



Helga Árnadóttir og Grímur Garðarsson.



Lóló Rósenkranz, Ingibjörg Þorvaldsdóttir, Selma Pálmadóttir og Sigmundur (Simbi) Sigurðsson. MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR



Lilja Huld Steinþórsdóttir og Guðlaug Ágústa Halldórsdóttir.



Nanna Ósk Jónsdóttir og Erna Svala Gunnarsdótir.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

MEIRA SKÚBB

vísir - oft á dag

# FASHION ACADEMY
## REYKJAVÍK

Fashion Academy Reykjavík er miðstöð náms í greinum tengdum tísku, heilsu og fegurð. Skólinn er í glæsilegum húsakynnum og býður upp á frábæra aðstöðu.

Margar skemmtilegar námsleiðir eru í boði hjá Fashion Academy Reykjavík og er rík áhersla lögð á samvinnu milli deilda.



NÁM Í FÖRÐUN
í samvinnu við MAKE UP STORE®
NÁMSKEIÐ HEFST 30. APRÍL



NÁM Í TÍSKU OG AUGLÝSINGALJÓSMYNDUN
NÁMSKEIÐ HEFST 30. APRÍL



STÍLISTANÁMSKEIÐ
NÁMSKEIÐ HEFST 30. APRÍL



FRAMKOMU- OG FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ
NÁMSKEIÐ HEFST 30. APRÍL



NÁM Í SNYRTIFRÆÐI
NÆSTA ÖNN HEFST Í ÁGÚST 2012



NÁM Í NAGLAFRÆÐI
í samvinnu við MAGNETIC NAILS
HÆGT AÐ HEFJA NÁM Í HVERRI VIKU

Nánari upplýsingar á **johanna@elitemodel.is** eða í síma **571 51 51**

www.fashionacademy.is | facebook.com/fashionacademyreykjavik | Ármúla 21, 108 Reykjavík

## HAMINGJUHORNIÐ



MYND/ARNOLD

MAGDALENA DUBIK, SÖNGKONA OG FEGURÐARDROTTNING

# MIKILVÆGT AÐ GLEYMA SÉR EKKI Í RÚTÍNUNNI

**Hvað gerir þú til að tæma hugann eftir erfiða vinnuviku?** Ég elska langa göngutúra. Eftir langan dag er ekkert betra en að setja ipod-inn í eyrun og ganga um Mosfellsbæinn. Ég geri það á hverju kvöldi og það hjálpar mér við að hreinsa hugann. Ég er orðin svo vön þessu að ef ég sleppi úr kvöldi á ég í miklum erfiðleikum með að sofna.

**Hvernig hleður þú batteríin?** Ég eyði tíma með þeim sem mér þykir vænt um. Það er að mínu mati ekkert mikilvægara en að rækta samband við fjölskyldu og vini því það er það sem hleður batteríin.

**Hugleiðir þú eða notar þú aðrar aðferðir til að rækta hugann?** Ég hef ekki enn þá nýtt mér það, en hver veit nema maður prófi það.

**Viltu deila með okkur uppáhaldshamingjumolanum þínum/tilvitnun?** Being happy doesn‘t mean you‘re perfect. It just means you‘ve decided to look beyond the imperfections.

**Hvernig ræktar þú hjónabandið?** Við hjónin erum bæði mjög upptekin og það er mikið að gera hjá okkur en við reynum samt alltaf að finna eða einfaldlega búa til kósý-tíma þar sem við erum bara tvö saman. Það er mjög mikilvægt að gleyma sér ekki í rútínunni og gera af og til eitthvað sérstakt hvort fyrir annað.

BYLGJAN 25 ÁRA 989



Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur
alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR
vísir - oft á dag

## DAGUR Í LÍFI HEIMAVINNANDI HÚSMÓÐUR



Þórdís Brynjólfsdóttir nýtur þess að vera heima.

ÞÓRDÍS BRYNJÓLFSDÓTTIR

# KVEIKI Á KERTUM Á KVÖLDIN

**07.00** Vakna með manninum mínum og elstu dótturinni, Eik, og aðstoða hana við að gera sig klára fyrir skólann.

**09.00-10.00** Vek Hrafnhildi Klöru og Rakel Söru, þó þær séu orðnar þriggja og fjögurra finnst þeim voða gott að fá að kúra. Við fáum okkur hafragraut og þeyting í morgunmat og ég geri þær klárar fyrir leikskólann. Það jafnast ekkert á við það að þurfa ekki að drífa sig út á hverjum morgni, algjör forréttindi að eiga notalegar stundir með börnunum á morgnana, laus við allt stress. Eftir að hafa keyrt þær fer ég svo heim og geng frá í eldhúsinu, fæ mér eins og einn góðan kaffibolla, les blöðin og kíki aðeins í tölvuna.

**10.30-12** Tek tæplega klukkutíma æfingu hér heima á dásamlega skíðatækinu mínu og dýnunni. Á meðan horfi ég á eitthvað sniðugt í sjónvarpinu. Skola af bílnum og svo er það sturta og smá hádegisnæring sem er nú yfirleitt hollur og góður þeytingur.

**Kl 13.30 -18.30** Sæki Eik í skólann og aðstoða hana við heimanámið og svo förum við mæðgurnar á smá flakk. Kíkjum m.a. aðeins í Smáralindina í skóleiðangur, þar sem allir skór eru orðnir of litlir á skólastelpuna. Sæki hinar stelpurnar á leikskólann um fjögur leytið og kíkjum í vinnuna til ömmu Hrafnhildar, þar sem ein skottan fékk göt í eyrun. Vinkonur stelpnanna komu svo heim að leika, svo hér var fullt hús af börnum fram eftir degi. Líf og fjör!



Eik, Hrafnhildur Klara og Rakel Sara. MYND/EINKASAFN ÞÓRDÍSAR

**19.00** Kvöldmatur að þessu sinni var nætursöltuð ýsa, kartöflur og rúgbrauð. Þetta er alveg í uppáhaldi hjá okkur og stelpunum finnst fátt betra.

**20.00** Börnin fara að sofa eftir smá kúr með mömmu og pabba og jafnvel smá lestur. Rólegheit!

**21.00** Smá sófakúr og sjónvarp með manninum mínum. Ég kveiki á kertum á hverju kvöldi og það er engin undantekning þetta kvöldið; Kertaljós, smá tiltekt með tölvupásum og jafnvel símaspjall við vinkonur og þvottur sem virðist vera endalaus hér á bæ. Kvöldin fara oftast í að taka til og ég fer yfirleitt ekki upp í rúm fyrr en allt er á sínum stað. Ég alveg elska að koma fram úr á morgnana og allt er hreint og fínt. Þannig vil ég byrja hvern dag.

**02.00** Kvöldin eru minn tími og ég fer því yfirleitt allt of seint að sofa. Var komin í draumaheiminn klukkan rúmlega tvö.



## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM PÁSKANA?

**Þórey Eva Einarsdóttir, framkvæmdastýra RFF**

„Ég ætla að fara norður um páskana þar sem ég ætla á sellótónleika og að kenna manninum mínum og fósturdóttur að standa á snjóbretti. Umfram allt ætla ég svo að slaka vel á.“

# STAKIR SÓFAR

síðustu eintök!

# 30-70%

afsláttur

Fyrstir koma – fyrstir fá!

**Opið** Skírdag 12-18
**Lokað** Föstudaginn langa
**Opið** laugardag 10-18
**Lokað** Páskadag
**Opið** mánudag, annan í páskum 12-18

the PIER

**Finndu okkur á Facebook!**

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# TÁRIN ÞORNA ALDREI

**Söngkonan Anna Mjöll er búsett í Los Angeles þar sem tækifærin elta hana uppi. Hún missti föður sinn á síðasta ári og tekst nú á við þungbæra sorgina ásamt því að standa í skilnaði. Hún saknar góðu orkunnar á Íslandi en horfir bjartsýn fram á við.**



**ANNA MJÖLL ÓLAFSDÓTTIR**
**ALDUR?** Alltaf 29 ára.
**HVAR ERTU ALIN UPP?** Á besta stað í bænum, í Fossvoginum í Reykjavík.
**ÁHUGAMÁL?** Að syngja músík, að skrifa músík, að taka upp músík, að deila músík með öllum sem vilja heyra með það eitt að markmiði að öllum líði vel.

**Faðir þinn, tónlistarmaðurinn Ólafur Gaukur Þórhallsson, einn helsti brautryðjandi dægurtónlistar á Íslandi sem stofnaði meðal annars Gítarskóla Ólafs Gauks árið 1975 og rak hann til æviloka, féll frá á hvítasunnudag í fyrra, áttræður að aldri. Hvernig hefur þér tekist að vinna í sorginni?** Ég skil ekki enn þá að pabbi minn skuli hafa flutt sig yfir í næsta heim. Hann barðist eins og hetja við þennan hræðilega sjúkdóm og hann ætlaði svo sannarlega ekki að láta í minni pokann fyrir krabbameininu. Ekkert af okkur ætlaði að gera það. Við vorum mjög náin og mér þótti svo vænt um hann og kem alltaf til með að þykja svo vænt um hann. Það eru ekki til nein orð nógu sterk til þess að lýsa því.

Pabbi hringdi hingað til Los Angeles í apríl 2010. Þá var mamma hjá mér og við vorum úti að labba í strigaskónum með hundana í sólinni. Ég svaraði símanum og pabbi sagði mér að hann hefði verið hjá lækni sem sagði honum að hann væri með krabbamein í lungum og ætti eftir að lifa í sex mánuði.

Þá dró fyrir sólu og dimmdi all snarlega.

Mér hefur bara tekist mjög illa að vinna í sorginni, takk fyrir að spyrja. Tárin þorna aldrei.

Ég kem aldrei til með að samþykkja að pabbi sé ekki með okkur, enda veit ég að hann verður alltaf hjá mér. Hann hefur alltaf verið svo góður við mig. Alltaf staðið hundrað prósent á bak við mig sama hvaða vitleysu ég hef anað út í. Þegar ég hef verið brotin niður og það hefur blásið hart á móti, sem hefur nú bara verið þó nokkrum sinnum, hefur hann alltaf verið kominn í hvelli til að gefa mér byr undir báða vængi svo ég geti flogið aftur. Bæði mamma og pabbi hafa alltaf staðið með mér 150% og það er þeim að þakka að ég hef fengið að prófa heiminn svolítið og þegar ég hef dottið, hafa þau alltaf hjálpað mér að standa upp aftur.

**Hvernig tókust þið á við dóminn?** Við leituðum okkur upplýsinga alls staðar varðandi mataræði, vítamín og alls konar óhefðbundnar meðferðir.

Ég fann loks lækni á Rhode Island sem framkvæmir aðgerðir sem nefnast radiofrequency ablation þar sem þeir fara inn í líkamann með spjótum allt í kringum meinið og hreinlega steikja það með örbylgjum.

**Viltu lýsa fyrir okkur hvernig þessi aðgerð fer fram?** Í radiofrequency ablation drepa þeir meinið en allir vefirnir í kring eru enn þá heilir, ólíkt því sem gerist við venjulega geislun sem oft eyðileggur mikið í kringum sjálft meinið. Síðan breytist meinið hreinlega í duft og það tekur líkamann smá stund, kannski nokkrar vikur, að hreinsa það út. Þessi meðferð á eftir að bjarga mörgum mannslífum í framtíðinni, sérstaklega í tilvikum þar sem ekki er hægt að skera upp og þar sem er enn þá bara eitt mein.

Vandamál okkar var að þegar það uppgötvaðist í pabba var meinið komið á stig fjögur, sem þýðir að meinið er búið að fara í ferðalag og er þar af leiðandi komið í blóðið. Þegar það er komið í blóðið veit maður að það kemur upp einhvers staðar aftur en maður veit bara ekki hvar eða hvenær. Ég trúi því að það sé hægt að halda aftur af vexti krabbameins með réttu mataræði og vítamínum og jafnvel hægt að lifa með því í mörg, mörg ár án þess að finna nokkurn tímann fyrir því.

Í meðferðinni losnaði pabbi við tvö mein, eitt í lungum og eitt í beini. Þessi tvö mein komu aldrei aftur. Ég skil ekki af hverju fólki er ekki sagt frá fleiri kostum á meðferð krabbameins en gert er. Allt sem fólk er látið vita um er lyfja- og geislameðferð og einhver voðalega sterk lyf. Ég virði lækna afar mikils fyrir það sem þeir gera og þeir eru sérfræðingar á sínu sviði en mér fyndist allt í lagi að láta fólk vita að það getur valið um ýmislegt fleira.

Og hvað í veröldinni á það að þýða að segja fólki að það eigi bara sex mánuði eftir ólifaða? Er tilgangurinn að drepa það úr hræðslu? Ég held að sumt heilsugæslufólk þurfi að taka smá námskeið í sálfræði. Það þarf að vera

## LÍFSSTÍLLINN

**Hreyfingin?** Ég fer alltaf út með hundana, alla
er í bænum. Svo er ég hjá frábærri stelpu í e
Ég var einmitt að koma skríðandi heim frá h
sé með eitthvað leyniplan um að gera út af
dag. En það er allt í lagi af því að hún heldu
pína mig til að borða eins mikið og ég get þ
borða. Hún er að reyna að bæta smá kjöti á

**Uppáhalds maturinn?** Mér finnst voða margt vo
ekkert matvönd. Sushi er ofarlega á listanum
og flestur fiskur. Þess vegna verð ég alltaf a
fiskbúð á Íslandi. Það er enginn fiskur í hein
við íslensku ýsuna.

**Uppáhalds veitingastaðurinn?** Ég er nú svo skrýt
góðum félagsskap þá er mér eiginlega alveg
ég borða. En ef ég á að velja uppáhaldsveit
daglega) þá myndi ég segja Picasso i Las V
Bouchon, Crustacean og Mastro's í Los Ang

**Hvaða snyrtivörur notar þú daglega?** Ég nota allta
ekki lifað án þess. Svo nota ég bara einhver
með spf 30 sólarvörn. Svo auðvitað er það
Annars held ég að besta snyrtivaran komi b
drekka nógu mikið vatn, þá er maður í góðu

**Uppáhalds hönnuður?** Alexander McQueen.

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS
vísir
Félag Fasteignasala




vega tvisvar á dag, þegar ég
einkaþjálfun tvisvar í viku.
enni núna, ég held að hún
við mig einn góðan veður-
r mér í formi. Hún er líka að
ví ég á það til að gleyma að
beinin hjá mér.
ða gott. Ég held ég sé
m, svo auðvitað kjúklingur
alveg vitlaus þegar ég kem í
ninum sem kemst í hálfkvisti

in en svo lengi sem ég er í
g nákvæmlega sama hvar
ingastað (sú skoðun breytist
egas, Daniel í New York,
geles og Ítalía í Reykjavík.
af C-vítamín serum, ég get
rja milda sápu og rakakrem
varasálvinn og maskarinn.
eint úr krananum, bara
lagi.

MYND/BARBRA PORTER

svolítið nærgætið við fólk sem er að hefja stóra bardagann fyrir lífi sínu. Hugurinn ber mann hálfa leið svo að ef læknirinn er búinn að drepa alla von, hvað er eftir?

Og pabbi lifði ekki bara í sex mánuði eftir stóra dóminn, hann fékk heila fjórtán mánuði.

### Góð vinkona mömmu

**Er samband þitt og móður þinnar, Svanhildar Jakobsdóttur gott? Eruð þið miklar vinkonur og gerið þið mikið saman?**
Já, við erum miklar vinkonur. Ég gæti ekki lifað án hennar. Allir strákarnir sem spila fyrir mig eru skotnir í mömmu. Þeir eru alltaf að spyrja mig hvenær hún komi aftur út. Þegar hún kemur hingað lendum við alltaf í einhverjum ævintýrum. Við stóðum líka þétt saman við hlið pabba á meðan á þessu öllu stóð. Mamma breyttist í Florence Nightingale síðustu mánuðina og síðustu níu sólahringana sváfum við á spítalanum hvor sínu megin við hann. Hjúkrunarkonurnar á Landspítalanum voru ótrúlegar og vildu allt fyrir okkur gera. Mér finnst að þær eigi allar sem ein að fá fálkaorðuna.

Það var mjög skrítið að eftir að pabbi færði sig yfir í hinn heiminn og sorgartímabilið tók við, þá allt í einu neituðu börn pabba úr hans fyrra lífi, sem nú er náttúrulega orðið rígfullorðið fólk, að skrifa undir að það væri í lagi að mamma byggi áfram í óskiptu búi. En mamma og pabbi voru gift í 48 ár næstum upp á dag.

Mamma og pabbi unnu all tíð saman eins og margir vita og eignuðust hús og bíl og gítarskóla, sem þau unnu fyrir upp úr nákvæmlega engu og reyndar miklu minna en því. Eitt þeirra hringdi fljótlega og fór að tala um „sinn hlut“ í Gítarskólanum sem pabbi og mamma stofnuðu og hafa rekið síðan árið 1975. Þau fengu sér lögfræðing og það kom maður til að meta Gítarskólann á meðan hún varð að sitja inni í eldhúsi og bíða. En satt að segja, var ekki úr miklu að moða í sambandi við arf. Og áreiðanlega ekki eins mikið og sumir eflaust héldu. Eflaust miklu minna. Þar að auki skrifaði pabbi erfðaskrá sem sagði að mamma ætti allar hans eigur eftir sinn dag. Lausar og fastar. Punktur. En ekki virtist það nú allt saman halda þegar til kom og hinstu óskir hans virtar að vettugi.

### Lífið í Los Angeles

**Hvar í Bandaríkjunum ertu búsett og hvernig gengur venjulegur dagur fyrir sig í þínu lífi?**
Húsið mitt er í Beverly Hills. Flest dótið mitt er núna í geymslu og ég er frekar rótlaus í augnablikinu. Það eru engir venjulegir dagar hjá mér þessa dagana, í raun er aldrei venjulegur dagur hjá mér. Það er svo margt sem getur gerst á heilum degi.

Framhald á síðu 8


# Bestu farðarnir í Clinique




## Kaupauki

Ef þú kaupir uppáhalds farðann eða púðrið þitt í Clinique færðu Airbrush hyljara lit 04 og lítinn förðunarbursta.*

Alla farðana hafa húðlæknar okkar þróað, eins og Even Better farðann sem jafnar út litabletti og hjálpar húðinni að ná fullkomnu útliti.

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnafrítt.



*Meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## TERMA KYNNIR:

**Í VORLITUNUM YSL ERU FALLEGAR SAMSETNINGAR AF APPELSÍNUGULUM OG BLEIKUM ÁSAMT BRÚNUM OG GRÆNUM.**

Hægt að blanda litunum saman vera með 2 neglur appelsínugular og 3 neglur bleikar á hendinni og svo öfugt á hinni hendinni.





Söngkonan Anna Mjöll og faðir hennar, tónlistarmaðurinn Ólafur Gaukur Þórhallsson, sem féll frá á hvítasunnudag í fyrra, áttræður að aldri. MYND EINKASAFN




Framhald af síðu 8

**En þegar kemur að söngnum?** Ég var að fá stórt verkefni sem verður „tribute“ til Duke Ellington. The American Jazz Association bað mig um að gera þetta og mér skilst að ég verði eini söngvarinn með stórsveitinni svo að mér er það mikill heiður. Ég er að vinna í því í augnablikinu ásamt geisladiski sem vonandi kemur út fyrr en síðar.

Síðan er ég líka að syngja tvö lög inn á plötu í apríl, sem er „tribute“ til Steely Dan – líka á vegum The American Jazz Institute. Svo var verið að biðja mig um að leika Marlene Dietrich í eins manns uppfærslu en við sjáum nú til hvort það gangi upp. En aðalatriðið er að ég verð með minningartónleika til heiðurs pabba á Kaffi Rósenberg í Reykjavík 1. júní næstkomandi. Miðar verða seldir á Midi.is og ég vonast bara til að sem flestir sjái sér fært um að mæta.

Ég syng á stað sem heitir Vibrato og er í eigu Herbs Alpert trompetleikara, sem er voða góður gæi. Þetta er mjög flottur klassastaður í Bel Air-hverfinu í Los Angeles. Reyndar flottasti djassklúbburinn í Los Angeles. Mér hefur verið tekið ótrúlega vel þar og mér finnst ég loksins passa einhvers staðar inn. Ég hef aldrei passað inn neins staðar fyrr en núna.

> ”Ég vildi að ég hefði gert sem ég gerði í hvert einasta skipti sem Cal bað mig um að giftast sér á síðustu átta árum – sagt nei.

### Saknar orkunnar á Íslandi

**Ræðum aðeins um Ísland. Hvers saknarðu helst héðan?** Ég sakna orkunnar og minninganna. Annars gef ég mér nú ekki mikinn tíma til að sakna neins. Það breytir engu. Pabbi sagði við mig rétt áður en þetta skall á allt saman: „Maður heldur alltaf áfram.“ Svo það er nú mitt lífsmottó þessa dagana. Bara að halda alltaf áfram, beint strik.

**Hvað gerir þú helst þegar þú sækir Ísland heim?** Ég fer út í fiskbúð, geng alltaf niður Laugaveginn, leik við „bróður minn“, hundinn hennar mömmu, Prins Ólafsson, sem er chihuahua. Ég fer alltaf niður í gítarskóla að heilsa upp á alla þar, reyni að hitta sem flesta vini og kíkja í Kringluna.

Svo finnst mér alltaf eitthvað við að keyra til Hveragerðis og fara í kaffi og köku. Ég drekk samt ekki kaffi svo ég fæ mér bara kók og köku eða vatn og köku. Það hljómar bara ekki eins vel.

Mig hefur líka alltaf langað til að prófa að fara í flugtíma úti á Reykjavíkurflugvelli en hef ekki lagt í það enn þá. Vindurinn er svo sterkur að litlu vélarnar hljóta að vera eins og fjaðrir þarna uppi. En veðrið á Íslandi er ansi ólíkt í háloftunum hér í Los Angeles þar sem ég skelli mér stundum í flug. Það er eitt það skemmtilegasta sem ég geri fyrir utan músíkina.

**Hvernig upplifun er að hafa búið svona lengi erlendis og hvaða lærdóm hefur þú öðlast á þessari reynslu?** Það hefur verið mikil blessun að fá að upplifa og öðlast alla þá reynslu sem ég hef fengið að njóta og aftur kem ég að foreldrunum en ég hefði aldrei fengið tækifæri eða kraft til að gera neitt af þessu ef þau hefðu ekki staðið við bakið á mér alla leið.

Ég var alltaf að fara fram og til baka en tók loks þá ákvörðun að vera hér alveg árið 2000. Ég held að mitt stærsta vandamál sé að ég dreg í raun aldrei lærdóm af neinu. En ég er að reyna ad breyta því.

**Einkalíf þitt hefur ratað ítrekað í fjölmiðla undanfarið. Hefur það reynst þér og þínum erfitt?** Ég fann það út snemma að það er best að lesa bara ekkert um sjálfan sig og ekki tékka á nafninu sínu á Google. Svo að það hefur verið allt í lagi fyrir mig en það hefur verið erfiðara fyrir mömmu. Ég hef fengið helling af bréfum frá yndislegu fólki sem hefur bara viljað sýna mér stuðning og hlýju á erfiðum tímum. Ég á ekki orð yfir hvað það var dásamlegt að lesa hvert einasta bréf. Svo eru auðvitað hinir, sem þykir gaman að tala illa um mig. Ef þeir vilja vera að eyða kröftum sínum, tíma og sínu lífi í að tala eða skrifa illa um mig, þá breytir það nákvæmlega engu fyrir mig og ef það lætur þeim líða eitthvað betur, þá vona ég bara að þeir haldi því áfram. Ég vil bara að öllum líði vel.

### Stendur í skilnaði

**Þú sóttir um skilnað við bandaríska athafnamanninn Cal Worthington í desember árið 2011 sem stendur enn yfir. Treystir þú þér að ræða um skilnaðinn?** Þetta hefur vissulega verið mjög erfitt og er enn. Ég má því miður ekki segja neitt fyrr en skilnaðurinn er yfirstaðinn. Það eru alltaf tvær hliðar á hverri sögu og það er ekki alltaf allt sem sýnist.

**Fannst þér þú fá óréttláta umfjöllun?** Nei, í rauninni ekki. Miðað við þær upplýsingar sem fólki voru gefnar var þetta sennilega bara alveg eðlilegt. Ég hefði sennilega farið beint í að dæma þessa manneskju (mig) líka undir sömu kringumstæðum.

**Er eitthvað sem þú vildir hafa gert öðruvísi?** Já, ég vildi að ég hefði gert það sem ég gerði í hvert einasta skipti sem Cal bað mig um að giftast sér á síðustu átta árum – sagt nei.

**Heldurðu að þú getir orðið ástfangin á ný?** Verður maður ekki alltaf ástfanginn á ný? Ég held ég sé orðin það nú þegar.

### Mömmuhlutverkið kitlar

**En kitlar móðurhlutverkið þig?** Já reyndar. Það væri ótrúlegt að eignast eitt lítið kríli en ég veit bara ekki hvort ég gæti nokkurn tímann orðið alvöru mamma. Allar þessar mömmur í heiminum eru bara algjörar „wonder women“ ef þú spyrð mig og ég held að ég komist ekki með tærnar þar sem þær hafa hælana á einn eða annan hátt.

**Hvar sérðu sjálfa þig eftir tíu ár?** Ég á í erfiðleikum með að sjá sjálfa mig eftir eina viku, svo tíu ár eru því miður ógerningur.

**Áttu þér fyrirmynd sem þú lítur upp til?** Já, Búdda.

**Heldurðu að þú flytjir einhvern tímann aftur heim til Íslands?** Aldrei að segja aldrei.

**Eitthvað að lokum?** Gleðilega páska!

AUGLÝSING: NEUTRAL KYNNIR NÝJA ANDLITSLÍNU




Með andlitslínunni frá Neutral getur þú með góðri samvisku hugsað vel um húðina því að í henni eru engin ilm- og litarefni, paraben eða alkóhól. Merki dönsku astma- og ofnæmissamtakanna og Svansmerkið eru trygging þín fyrir því að varan inniheldur engin efni sem eru skaðleg fyrir þig eða umhverfið.

## 5 góð ráð til að forðast snertiofnæmi:

1. Gakktu úr skugga um að húðvörurnar þínar séu lit- og lyktarlausar
2. Mundu að náttúrulegar og lífrænar húðvörur geta líka innihaldið ofnæmisvaldandi efni
3. Lærðu hvaða efni eru óæskileg og forðastu að nota húðvörur sem innihalda slík efni
4. Kauptu vörur sem bera merki Astma- og ofnæmissamtakanna og Svansmerkið til að vera viss um að varan innihaldi engin óæskileg efni
5. Mundu að dýrustu húðvörurnar eru ekki endilega þær bestu

*Neutral-andlitslínan fæst í Hagkaup.*

# VERTU HEILBRIGÐ OG FALLEG – ÁN AUKAEFNA

## NEUTRAL KYNNIR NÝJA ANDLITSLÍNU SEM GEFUR HÚÐINNI ALLT SEM HÚN ÞARFNAST OG EKKERT ANNAÐ

Á hverjum degi notum við alls konar húðvörur til að hreinsa og mýkja húðina. Margar þeirra innihalda bæði ilmefni og önnur óæskileg aukaefni og úr verður kokteill af aukaefnum, sem eykur líkurnar á snertiofnæmi. Margar snyrtivörur eru merktar sem náttúrulegar eða lífrænar en það er ekki trygging fyrir því að þær innihaldi ekki ofnæmisvaldandi efni. Fáir þú ofnæmi fyrir ilmefnum losnarðu aldrei við það aftur og Íslendingum með ofnæmi fer sífellt fjölgandi.

### Án ilm- og litarefna

Neutral hefur þróað andlitslínu sem er algerlega án ilm- og litarefna, alkóhóls og parabena. Allar vörur frá Neutral bera merki dönsku astma- og ofnæmissamtakanna sem er trygging fyrir því að efnafræðingar hafa metið innihald varanna gaumgæfilega og gengið úr skugga um að þær séu á engan hátt skaðlegar húðinni. Þú þarft því ekki að þekkja innihaldsefnin og hafa áhyggjur af skaðlegum efnum í húðvörunum þínum – það er búið að kanna það fyrir þig!

› Sjá nánar á visir.is/lifid




Makeup Removal Wipes eru mildir hreinsiklútar sem fjarlægja farða og vatnsheldan maskara ásamt því að viðhalda raka í húðinni. Pakkningin er með loki sem hindrar að klútarnir þorni upp.

Face Cream er milt rakakrem fyrir allar húðgerðir, smýgur auðveldlega inn í húðina og gerir hana mjúka og teygjanlega. Inniheldur E-vítamín og glýserín sem vernda húðina og vinna á móti húðertingu. Brúsinn er með handhægri pumpu sem auðveldar skömmtun og hindrar að óhreinindi komist í kremið við notkun.

Face Wash er mild og rakagefandi hreinsifroða sem hreinsar burt krem, farða og óhreinindi án þess að þurrka húðina. Flaskan er með froðuskammtara sem auðveldar notkun.

Skin Tonic er rakagefandi andlitsvatn án alkóhóls. Fjarlægir leifar af hreinsivörum, lokar húðholunum og frískar upp húðina án þess að skapa strekkta tilfinningu í húðinni. Inniheldur Allantoin og Panthenol B5 pro-vítamín sem vernda húðina. Flaskan er með sniðuga dælu sem auðveldar notkun.

**KASTANÍA KYNNIR:**

**HANDSAUMAÐAR TÖSKUR EFTIR BRESKA HÖNNUÐINN MONICA BOXLEY.**

Þær eru úr hágæða ítölsku leðri.

Margir litir til.





Elsa María Jakobsdóttir

# IÐKAR INNHVERFA ÍHUGUN

**Hvað ertu að takast á við núna?** Þessa dagana bý ég í Kaupmannahöfn og er núna rétt að verða hálfnuð með mastersnám í menningargreiningu við Kaupmannahafnarháskóla og Háskólann í Lundi. Í fyrra gerðist ég líka frumkvöðull og vínframleiðandi og því fer mikið af mínum frítíma í alls konar verkefni fyrir Foss distillery en við framleiðum birkisnafsinn Birki og birkilíkjörinn Björk. Svo er ég aðeins að skrifa eitt og annað og af og til með puttana í verkefnum fyrir Zik Zak kvikmyndir.

**Hvað gerir þú til að halda heilsunni í lagi andlega og líkamlega?** Ég sinni andlegu heilsunni með því að iðka innhverfa íhugun einu sinni til tvisvar á dag. Það er mælt með því að maður geri það bæði að morgni og seinni partinn en ég kem því sjaldnast við á morgnana. Hins vegar er æðislegt að ná svo að hugleiða seinni partinn – algjört heilanammi. Íhugunin er frábært tól fyrir mig til að ballansera hugann og safna kröftum. Ég fór á námskeið hjá Íslenska íhugunarfélaginu fyrir tveimur árum og tæknin hefur reynst mér mjög vel. Varðandi líkamlegu heilsuna, þá hef nú aldrei verið neinn sérstakur íþróttaálfur en þar sem ég bý í Kaupmannahöfn hjóla ég mjög mikið eða nánast daglega og það finnst mér ótrúlegt íþróttaafrek!

**Hvað með líkamsrækt?** Líkamsræktin mín í gegnum árin hefur verið sérlega ómerkileg og ég missi fljótt áhugann á hvaða nýja sporti sem ég tek mér fyrir hendur.

Það er víst vegna þess að ég er með feitan persónuleika – ég las það í afar göfgandi heilsublaði á dögunum. Í blaðinu stóð að hvatvíst fólk ætti erfitt með að halda sér í rútínu því það er alltaf rokið eitthvert annað. Aðgerðaleysi mitt í líkamsrækt er sem sagt ekki beint sjálfri mér að kenna heldur persónuleika mínum, hann er svo feitur. Annars eru fjallgöngur mín uppáhaldslíkamsrækt en það er erfitt að koma þeim við í þessu landi flatneskjunnar. Ég hlakka mikið til að koma heim í sumar og fara í hressandi fjallgöngur með góðum vinum.



Bryndís Rún flutti til Noregs til að einbeita sér enn frekar að sundinu.

# SYNDIR Í 22 KLUKKUSTUNDIR Á VIKU

**Bryndís Rún Hansen, sundkona og íþróttamaður Akureyrar, er búsett í Bergen í Noregi þar sem hún einbeitir sér að sundiðkuninni og námi.**

**BRYNDÍS RÚN HANSEN**
**ALDUR:** 19 ára í maí
**STARF:** Í menntaskóla og sundkona
**ÁHUGAMÁL:** Ferðast og vera með vinum og fjölskyldu

**Hvenær byrjaðir þú að æfa sund?** Ég byrjaði að æfa sund með Óðni á Akureyri aðeins fimm ára gömul og hef verið að æfa síðan. Ég flutti til Bergen í janúar 2011 til að leggja enn meiri áherslu á æfingarnar.

**Hvaða syndirðu oft í viku?** Ég syndi 11 sinnum í viku, tvo tíma í senn.

**Stundar þú aðra hreyfingu?** Ég æfi styrktaræfingar alla virka daga, svo er Crossfit á laugardögum eftir tveggja tíma sundæfingu sem er mjög krefjandi. Þar sem ég bý nú í Bergen labba ég mikið og það er ágætis aukaæfing að labba upp um 160 tröppur tvisvar til þrisvar á dag til að fara heim til mín.

**Hvað er það við sundið sem heillar þig?** Fyrst og fremst finnst mér það gaman. Sundið hjálpar mér að skipuleggja mig í daglegu lífi og að ná markmiðum mínum.

**Hefurðu lent í því að fá leiða á því?** Já, já, það kom oftar fyrir hér áður fyrr en það voru fleiri kostir en gallar við að æfa sundið og núna sé ég ekki eftir að hafa haldið áfram.



Bryndís Rún Hansen sundkona var valin íþróttamaður ársins á Akureyri.

**Hvernig tókstu á við það?** Það var mjög algengt hjá mér að verða leið á æfingunum t.d í desember þegar það var kalt og dimmt í útilauginni, en ég var alltaf á leið í spennandi verkefni með landsliði SSÍ sem hélt mér við efnið.

**Hvað gerirðu til að dekra við kroppinn?** Ég fer í slökunarnudd og svo verð ég líka að hugsa um að borða vel, fá góða hvíld og nægan svefn. Það er ekki mikið um heita potta í Bergen svo það er alltaf gott að dekra við sig heima á Íslandi í heitum potti.

**Hversu mikinn þátt telurðu mataræðið eiga í velgengni þinn?** Mjög mikinn, ég var með mikið fæðuóþol þegar ég var yngri og þá lærði ég að hugsa um að borða hollan mat með sem minnstum aukaefnum. Það hefur mikið að segja að borða venjulegan mat s.s kjöt, fisk, grænmeti, ávexti og muna að drekka vatn til að hafa orku í allar æfingarnar því ef ég geri það ekki þá kemur það bara niður á æfingunum.

**Eitthvað að lokum?** Ég reyni alltaf að hafa gaman af því sem ég er að gera, sjá tækifærin sem eru í boði og kunna að njóta þeirra. Íþróttin hefur gefið mér mörg tækifæri til að ferðast og kynnast fólki um allan heim. Ég hef alltaf verið að æfa fyrir mig sjálfa og fengið mikinn stuðning frá fjölskyldu og vinum sem er mjög mikilvægt.

Starfsfólk Nings óskar viðskiptavinum öllum gleðilegra páska

Gleðilega páska!

OPIÐ ALLA PÁSKANA

| | | |
|---|---|---|
| 5. apríl | Skírdagur | 11:30 - 22.00 |
| 6. apríl | Föstudagurinn langi | 16:00 - 20:00 |
| 7. apríl | Laugardagur | 11:30 - 22:00 |
| 8. apríl | Páskadag | 16:00 - 20:00 |
| 9. apríl | Annar í páskum | 11:30 - 22:00 |





NINGS

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899 • www.nings.is




# TYGGÐU EXTRA
## EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

# Lífið

## LINDA NÝTUR LÍFSINS Í TÆLANDI

**Linda Pétursdóttir** nýtur nú lífsins í Taílandi með hinni dásamlegu dóttur sinni Ísabellu, sem er sex ára gömul. Með ferðalaginu halda þær mæðgurnar upp á persónulegan áfanga í lífi Lindu.

Með þeim í för er fyrrverandi au pair-stúlka Lindu, sem er frá Bandaríkjunum.

Í Taílandi er nú um 40 gráðu hiti og sól og má því ætla að stúlkurnar hafi það gott í blíðunni.





## HELGARMATURINN



**Elísabet Margeirsdóttir**

**Lúxus hafragrautur - Bestur á morgnana eða milli mála. Tilvalinn yfir páskahátíðina.**

„Hafragrauturinn er mitt uppáhald og er fastur liður á nánast hverjum degi," segir Elísabet Margeirsdóttir, löggiltur næringarfræðingur og veðurfréttakona. „Ég fæ mér hafragrautinn yfirleitt í morgunmat en finnst líka gott að gera auka skammt af grautnum til hafa með í nesti í vinnuna. Grauturinn er nefnilega fínn kaldur og hentugt að fá sér hann sem millimáltíð seinni partinn eða nota hann í léttri máltíð."

### Lúxus hafragrautur fyrir tvo:



2 dl tröllahafrar
6 dl vatn
2 tsk. chiafræ
Smá salt
Kanill eftir smekk

Hafrar, chia-fræ og vatn sett saman í pott. Stillið á hæsta hita og bíðið eftir að suðan komi upp. Slökkvið næst undir og byrjið að hræra í grautnum. Stundum er gott að taka pottinn af hellunni og lengja þannig eldunartímann ef þið eruð t.d. að hella upp á kaffi í leiðinni. Hrærið í grautnum þar til hafrarnir og fræin hafa tekið mest allt vatnið í sig. Chiafræin eru mjög næringarrík og gefa grautnum skemmtilega og góða áferð. Kryddið grautinn með kanil eftir smekk og skiptið honum í tvær skálar eða nestisbox.

### Gott er að setja ofan á grautinn:

½ bolla af hreinu skyri eða jógúrt
½ bolla af 1-2 tegundum af ávöxtum (t.d. banana, epli, peru eða ber)
1 msk. sykurlaust múslí
1 msk. hnetur (t.d. pecan, valhnetur eða möndlur), gróft saxaðar
2 döðlur smátt skornar eða annan þurrkaðan ávöxt
1 tsk. hreint hnetusmjör
Heimasíða Elísabetar:
*http://betaruns.com/*





PÁSKADAGSKRÁ

Laugardagurinn, 7. apríl, kl. 13.30 og 15.00
Vatnsleikfimi í boði Hreyfingar fyrir gesti Bláa Lónsins.

Annar í páskum, 9. apríl, kl. 11.00
Menningar- og sögutengd gönguferð. Þriggja tíma gönguferð fyrir alla fjölskylduna um nágrenni Bláa Lónsins. Möguleiki er að fara rúmlega hálfan hring og fá akstur til baka. Mæting við bílastæði Bláa Lónsins kl. 11.00. Ekkert þátttökugjald er í gönguna.

Kynntu þér sérkjör Vinaklúbbsins
www.bluelagoon.is/Badstadur/Vinaklubbur-Blaa-Lonsins/








Þarf að gera eitthvað í garðinum?
GARÐAR BEST
gardarbest.is • sími 698 9334

Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

Garðyrkjufræðingurinn
Trjáklippingar • Trjáfellingar
Almenn lóðaumsjón
Jóhann og Mímir garðyrkjufr.
S. 869 1600

### Er öspin til ama ?

Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Klippi, felli snyrti tré og runna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími: 848 1723.

HreinirGarðar
Trjáklippingar og trjáfellingar
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

## Bókhald

### Skattframtöl 2012

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 897-1877. www.fob.is.

Bókhald, VSK, laun, ársreikningar og skattframtöl. Fagleg og vönduð þjónusta. Bókhaldsstofan Stapar ehf. S: 456-2500 bstapar@bstapar.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

### Málarameistari

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

HLAÐBÆR COLAS

### MALBIKSVIÐGERÐIR

**ÆVINTÝRAKONA** Hin þekkta sænska ævintýrakona Renata Chlumska segir frá ferðum sínum um heiminn, á fjöll og fljótlega til tunglsins, í fyrirlestri í Háskólabíói þann 11. apríl. MYND/ FREDRIK BLOMQVIST

**ÆVINTÝRAKONAN RENATA CHLUMSKA:** HELDUR FYRIRLESTUR Í HÁSKÓLABÍÓI

# Vonast til að hvetja Íslendinga

„Stundum þarf ég að klípa sjálfa mig þegar ég vakna til að ganga úr skugga um að þetta sé í raun og veru satt. Ég er ekki sinni orðin fertug og hef samt gert svo ótal margt, ferðast um allan heim, eignast þrjú dásamleg börn og er á leiðinni til tunglsins og líka til Íslands. Lífið gerist ekki betra,“ segir hin þekkta ævintýrakona Renata Chlumska, sem heldur fyrirlestur á vegum Félags íslenskra fjallalækna (FÍFL) í Háskólabíói miðvikudaginn 11. apríl næstkomandi.

Fyrirlestur Renötu ber yfirskriftina High Adventure, titill sem væntanlega lýsir lífi Renötu vel, en þessi 39 ára Svíi hefur meðal annars verið valin ein af fremstu ævintýrakonum heims af hinu útbreidda tímariti Outdoor Magazine. Hún var fyrst sænskra kvenna að ná tindi Everestfjalls og hefur gengið á fjölda annarra tinda, til dæmis Shishapangma, sem er í 8.006 metra hæð, án viðbótarsúrefnis. Afrek hennar ná einnig til hjólreiða og siglinga, en Renata hjólaði frá Nepal til Stokkhólms á fjórum mánuðum. Árið 2005 hjólaði hún og reri á kajak yfir 48 ríki Bandaríkjanna, en sú ferð tók nærri eitt og hálft ár og ferðaðist hún alls 18.500 kílómetra.

Renata stefnir einnig á að verða innan skamms fyrsta sænska konan sem ferðast út í geiminn, en hún hefur í dágóðan tíma átt miða númer 192 hjá Virgin Galactic, fyrirtækinu sem gefur almenningi kost á slíkum ferðum gegn gjaldi. „Ég verð bara farþegi í þessari ferð, en ég æfi og undirbý mig eins og ég sé alvöru geimfari, eða eins nærri því og kostur er. Stóra markmiðið er svo auðvitað að komast til tunglsins og verða fyrsta manneskjan til að komast á toppinn á hæsta fjallinu á tunglinu. Einhver verður að gera það og ég vona að það verði ég,“ segir Renata.

Þetta verður í fyrsta sinn sem ævintýrakonan kemur til Íslands og segist hún hlakka mikið til ferðarinnar, enda er Ísland eina Evrópulandið sem hún hefur ekki enn heimsótt. „Þess vegna ákvað ég að vera tveimur dögum lengur á landinu til að ferðast um með fjölskylduna og sjá landið betur. Á fyrirlestrinum í Háskólabíói kem ég til með að segja frá þessum ferðum mínum og ævintýrum, hvernig ég byrjaði og hvaða aðferðum ég beiti til að fá sem mest út úr lífinu. Ég vonast til að geta hvatt gesti til að láta drauma sína rætast, að sýna þeim að allt er mögulegt.“

Á undan fyrirlestri Renötu munu Tómas Guðbjartsson og Ólafur Már Björnsson, meðlimir í FÍFL, segja stuttlega frá nokkrum háfjallaperlum Íslands. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

kjartan@frettabladid.is

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BRYNDÍS EIRÍKSDÓTTIR**
**Stöðulfelli,**

sem lést 30. mars á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, verður jarðsungin frá Skálholtsdómkirkju laugardaginn 7. apríl kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Margrét Bjarnadóttir** — **Viggó K. Þorsteinsson**
**Eiríkur Bjarnason** — **Ásdís J. Karlsdóttir**
**Sigríður Bjarnadóttir** — **Guðmundur B. Kristmundsson**
**Guðrún Elísabet Bjarnadóttir** — **Benedikt S. Vilhjálmsson**
**Jón Bjarnason** — **Lilja Árnadóttir**
**Oddur Guðni Bjarnason** — **Hrafnhildur Ágústsdóttir**
**Guttormur Bjarnason** — **Signý B. Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTLAUG ÓLAFSDÓTTIR**
**(STELLA)**
**Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð, Vífilsstöðum**
**áður til heimilis að Kirkjusandi 3,**

andaðist mánudaginn 2. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Ingvar Finnur Valdimarsson** — **María Karlsdóttir**
**Guðjón Þór Valdimarsson** — **Guðrún Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SÓLRÚN YNGVADÓTTIR**
**húsmóðir og alþýðuleikkona,**
**Hamraborg 18, Kópavogi,**

varð bráðkvödd að heimili sínu 27. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kristbjörg Ásmundsdóttir** — **Ólafur Ingólfsson**
**Elín Ebba Ásmundsdóttir** — **Jon Kjell Seljeseth**
**Ásmundur Einar Ásmundsson** — **Sigrún Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ELÍNAR JÚLÍÖNU GUÐLAUGSDÓTTUR**
**Hrútsstöðum, Dalasýslu.**

**Böðvar Bjarki Magnússon** — **Bergþóra Jónsdóttir**
**Guðlaugur Ellertsson** — **Kristbjörg Einarsdóttir**
**Guðrún Ellertsdóttir** — **Ragnar M. Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**INGIBJARGAR JÚLÍUSDÓTTUR**
**kjólameistara.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða fyrir góða umönnun.

**Ágústa Högnadóttir** — **Eyjólfur Ólafsson**
**Ólafur Ellertsson** — **Guðmunda Árnadóttir**
**Baldur Ellertsson** — **Ásthildur Hannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**UNNUR JÓNSDÓTTIR**
**Heiðvangi 5, Hellu,**

lést 23. mars á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju í Holtum laugardaginn 7. apríl kl. 14.00.

**Hannes Ólafsson** — **Ragnheiður Alfreðsdóttir**
**Ingibjörg Ólafsdóttir** — **Halldór Leifsson**
**Jón Þröstur Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hjörtur Kristinn Hjartarson**
**frá Hellisholti, Vestmannaeyjum,**
**Gullsmára 11, Kópavogi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 3. apríl. Jarðarförin fer fram frá Aðventkirkjunni, Ingólfsstræti 19, miðvikudaginn 11. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.

**Jóhanna Arnórsdóttir**
**María Hjartardóttir** — **Jón Marteinsson**
**Arndís Hjartardóttir** — **Francisco Fernandez Bravo**
**Eydís Ósk Hjartardóttir** — **Viggó Jóhannesson**
**Kristín Hjartardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,

**RÓSU KEMP ÞÓRLINDSDÓTTUR**
**Barrholti 7, Mosfellsbæ,**

sem lést fimmtudaginn 8. mars. Sérstakar þakkir til starfsfólks hjartadeildar Landspítalans og líknardeildar LSH í Kópavogi. Guð blessi ykkur öll.

**Jón Þorberg Eggertsson**
**Ólafur Ólafsson** — **Alda Konráðsdóttir**
**Svala Haukdal Jónsdóttir** — **Kjartan O. Þorbergsson**
**Þórdís Elva Jónsdóttir** — **Hafsteinn Ágústsson**
**Guðríður Erna Jónsdóttir** — **Ólafur Ágúst Gíslason**
**Jórunn Linda Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



# AFGREIÐSLUTÍMI Í VERSLUNUM BÓNUS UM PÁSKANA

| | | |
|---|---|---|
| Fimmtudagur | 5.apríl | 11.00-19.00 |
| Föstudagur | 6.apríl | LOKAÐ |
| Laugardagur | 7.apríl | 10.00-19.00 |
| Páskadagur | 8.apríl | LOKAÐ |

**AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS**

Mánudagur 9.apríl 12.00-18.00

Helluhraun - Fiskislóð - Grafarvogur
Smáratorg - Akureyri - Selfoss -
Reykjanes



# GLEÐILEGA PÁSKA

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** fyrst fædd, **6.** umhverfis, **8.** hljóma, **9.** kviksyndi, **11.** fisk, **12.** beikon, **14.** spergill, **16.** spil, **17.** geislahjúpur, **18.** upphaf, **20.** 950, **21.** slepja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bauti, **3.** fíngerð líkamshár, **4.** lítilmenni, **5.** skrá, **7.** planta, **10.** tangi, **13.** fyrirboði, **15.** lappi, **16.** tímabils, **19.** golf áhald.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** elst, **6.** um, **8.** óma, **9.** fen, **11.** ál, **12.** flesk, **14.** aspas, **16.** ás, **17.** ára, **18.** rót, **20.** lm, **21.** slím.
**LÓÐRÉTT: 1.** buff, **3.** ló, **4.** smákarl, **5.** sami, **7.** melasól, **10.** nes, **13.** spá, **15.** tal, **16.** árs, **19.** tt.


# Helgarblað
alla laugardaga



## Fer sínar eigin leiðir

Elísabet Ronaldsdóttir, þekktasti klippari landsins, er óhrædd við óhefðbundinn lífstíl.



**Meðal annars efnis:**

**Páskar í myndum**
Úrslit í páskamyndasamkeppni lesenda.




**Allt sem þú þarft**


# Gömul en alls ekki góð

**BAKÞANKAR**
**Friðriku Benónýs**



Þessi leikur er alltof flókinn fyrir gamalt fólk,“ sagði fjórtán ára dóttursonur minn andvarpandi eftir að hafa eytt klukkutíma í að reyna að kenna ömmu gömlu leikreglurnar í uppáhaldstölvuleiknum sínum. Varla hafði hann sleppt orðinu þegar hann gerði sér ljóst að hann hafði hlaupið á sig, sótroðnaði og flýtti sér að bæta við: „Ég meina sko eldra en þrjátíu ára.“

**ÞAÐ** er nefnilega orðið verulega móðgandi að segja að einhver sé gamall. Fólk er ungt og efnilegt fram yfir fertugt, miðaldra fram á sjötugsaldur og þegar lögbundinn eftirlaunaaldur skellur á verður það að eldri borgurum, eða jafnvel heldri borgurum, en aldrei gamalt. Það er stimpill sem er óhugsandi að setja á manneskjur í nútímasamfélagi.

**VIRÐINGIN** fyrir aldri, reynslu og visku sem manni var innrættur sem barni er farin veg allrar veraldar og í þau örfáu skipti sem gömlu fólki bregður fyrir í íslenskum fjölmiðlum er talað við það sem einhvers konar sambland af börnum og furðufyrirbærum. „Kanntu enn þá þulur? Æðislegt!“ „Og þú ferð enn í göngutúra? Duglegur strákur!“

**VIÐ** erum við öll á hröðum flótta undan ellinni og dauðanum og berjum hausum við steina í erg og gríð við að sannfæra sjálf okkur og umhverfið um að við séum sko alls ekki gömul. Rembumst eins og rjúpur við fitness-staura við að halda líkömunum unglegum og snyrtivörubransinn og heilsumafían velta milljörðum á milljarða ofan við að ala á þessari aldursfóbíu. Nýlega sá ég meira að segja „lærða“ grein á amerískri heilsuvefsíðu um það að regluleg inntaka C-vítamíns minnkaði líkurnar á dauða um heil fimmtíu prósent. Og enginn sem tjáði sig í kommentakerfinu virtist sjá nokkuð athugavert við þá fullyrðingu. Sennilega verður þess ekki langt að bíða að fólk fari að trúa því í alvöru að það geti orðið ódauðlegt ef það bara borðar þetta en ekki hitt, hleypur og spriklar sem mest það má, smyr sig rándýrum kremum frá toppi til táar og leyfir lýtalæknum að breyta sér í svipbrigðalausar múmíur.

**GAMALL** kemur reyndar oft fyrir sem virðingarheiti í íslenskum málsháttum, því þarf auðvitað að breyta. Vonandi hafa þeir sem velja málshættina í páskaeggin í ár áttað sig á því hvað orðið er stuðandi og náð að breyta grónum málsháttum í samræmi við það. „Hvað ungur nemur, eldri temur“ og „Oft er það gott er heldri kveða“ væri góð byrjun, eða hvað?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# VERÐHRUN

## HELDUR ÁFRAM

## Í OUTLET 10

Opið Skírdag frá kl. 12-17 og laugardaginn 7 apríl frá kl. 11-18

BOBBIE BURNS



Strigaskór: 3990.-



Fermingarjakkaföt
9.990.-

DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING

Herra
gallabuxur



ICHI



Sparkz




DIESEL, ADIDAS, CHARHARTT, SPARKZ, SOLID,
BRUUNZ BAZAAR, BOBBIE BURNS, KAWASAKI, JUNK DE LUXE,
MALENE BIRGER, MISS SIXTY, NÜMPH, MATINIQUE, PAUL SMITH, MO MA, G-STAR, MAO, MOSS, BJÖRKVIN,
TIGER OF SWEDEN, SAMSOE & SAMSOE, MIA, KILLAH, INWEAR, SISTERS POINT, SOAKED IN LUXURY, PART TWO,
RELIGION, BULLBOXER, AGAIN AND AGAIN, BRONX, ICHI, IMPERIAL, SAINT TROPEZ OG FULLT AF FLEIRI FLOTTUM MERKJUM

**Erum að taka upp nýjar vörur**




**OPIÐ:** MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook

**OUTLET 10**
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977




> Í SPILARANUM

**Tómas R. Einarsson - Laxness**
Kasper Bjørke - Fool
Mi Ami - Decade
**Killing Joke - MMXII**

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Falk aðstoðar U2

Írsku rokkararnir í U2 eru sagðir hafa haft samband við sænska lagahöfundinn Carl Falk um að hann aðstoði hljómsveitina við gerð næstu plötu.

Falk hefur unnið með strákabandinu One Direction og er höfundur hins vinsæla Starships með Nicki Minaj. Hann hefur einnig starfað með Nicole Scherzinger og Westlife. „Þetta er allt á byrjunarreit en við ætlum að gera eitthvað með U2,“ sagði Falk í viðtali við The Sun.

U2 er í hljóðveri um þessar mundir til að undirbúa nýju plötuna og eru Bono og félagar greinilega ekkert feimnir við að leita eftir aðstoð úr öðrum áttum við lagasmíðarnar. Síðasta plata, No Line On The Horizon, kom út fyrir þremur árum.



**Í HLJÓÐVERI** U2 er í hljóðveri að undirbúa næstu plötu.



> PLATA VIKUNNAR

★★★★☆
Madonna - MDNA
„Poppdrottningin er ekki til í að gefa titilinn frá sér alveg strax“. - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# Hartnoll bræður snúa aftur

Breska hljómsveitin Orbital var eitt af stærstu nöfnum bresku danstónlistarbylgjunnar á tíunda áratugnum. Hún gaf út hjá stórfyrirtæki, seldi vel af plötum og fyllti tónleikahallir. Ég sá hana einmitt trylla troðfulla Brixton Academy í London skömmu fyrir aldamót. Það voru magnaðir tónleikar. Svo komu nokkrar slappar plötur og sveitin lagði upp laupana árið 2004.

Orbital var stofnuð af bræðrunum Phil og Paul Hartnoll í Sevenoaks í Kent árið 1989. Þeir gáfu lagið Chime út í desember það ár, en nokkrum mánuðum seinna var það endurútgefið af FFRR-útgáfunni sem var hluti af PolyGram samsteypunni. Lagið sló í gegn hjá „rave“-kynslóðinni og náði 17. sæti á breska smáskífulistanum. Í framhaldinu komu fleiri smellir og fimm frábærar stórar plötur, Orbital (1991), Orbital 02 (1993), Snivilisation (1994), In Sides (1996) og Middle of Nowhere (1999).



**WONKY** Fyrsta Orbital-platan í átta ár kom út á mánudaginn.

Tónlist Orbital er teknótónlist, en samt tókst sveitinni að höfða bæði til danstónlistar- og rokkáhangenda. Þeir bræður byggðu plöturnar sínar upp eins og rokkplötur og þeir voru alltaf öflugir á tónleikum. Orbital spilaði líka mjög víða, meðal annars á tónlistarhátíðum eins og Glastonbury.

Orbital-bræður komu saman aftur árið 2008 til að spila á Big Chillhátíðinni og síðan hafa þeir verið að vinna efni fyrir nýja plötu. Hún fékk nafnið Wonky og kom út síðasta mánudag. Tónlistin á henni minnir á fyrri afrek, en samt hafa þeir uppfært hana svolítið. Tvær söngkonur eru í gestahlutverki: Enska grime-stjarnan Lady Leshurr rappar í titillaginu og Zola Jesus syngur í smáskífulaginu New France. Fín plata hjá bræðrunum.

# JASON MRAZ SYNGUR UM ÁST Á NÝRRI PLÖTU

**Popparinn Jason Mraz gefur á næstunni út sína fjórðu plötu þar sem ástin verður umfjöllunarefnið.**

Fjórða plata bandaríska popparans Jason Mraz, Love Is a Four Letter Word, kemur út um miðjan apríl. Hún fylgir eftir hinni vinsælu We Sing. We Dance. We Steal Things, sem seldist í milljónum eintaka. Lagið I´m Yours af plötunni sló rækilega í gegn úti um allan heim og á það metið yfir þau lög sem hafa setið lengst á Billboard Hot 100-listanum í Bandaríkjunum, eða í 76 vikur samfleytt. Mraz var tilnefndur til Grammy-verðlaunanna fyrir þetta hugljúfa lag.

Mraz fæddist fyrir 35 árum í Virginíu-fylki. Foreldrar hans skildu þegar hann var ungur að árum en þrátt fyrir það átti hann hamingjurík uppvaxtarár.

Hann gaf út órafmagnaða tónleikaplötu árið 2001 sem var tekin upp á kaffihúsi með Noel „Toca“ Rivera, sem spilaði á sláttarhljóðfæri, en hann hefur allar götur síðan unnið náið með söngvaranum. Árið eftir skrifaði Mraz undir útgáfusamning við Elektra Records og fyrsta platan, My Rocket to Come, var tekin upp með aðstoð Dave Matthews Band. Hún vakti nokkra athygli á Mraz, sem í framhaldinu hitaði upp fyrir Tracy Chapman og Alanis Morissette.

Árið 2005 kom næsta plata út, Mr. A-Z, á vegum Atlantic Records og komst hún í fimmta sæti Billboard-listans. Upptökustjóri var Steve Lillywhite sem hefur unnið með U2 og Dave Matthews Band.

We Sing. We Dance. We Steal Things, leit svo dagsins ljós 2008 og kom hún Mraz á kortið sem söngvara og lagahöfund. Núna, fimm árum síðar, gefur hann út Love Is A Four Letter Word og í þetta sinn ákvað popparinn að leggja áherslu á röddina og draga úr áhrifum blásturshljóðfæra. Einnig verður píanó- og gítarleikur meira áberandi en áður.

Mraz ætlar í tónleikaferð um heiminn til að fylgja plötunni eftir. Hún hefst í Suður-Kóreu 8. júní og stendur yfir allt þar til í byrjun desember þegar hann stígur á svið í London. freyr@frettabladid.is



**VINSÆLL** Popparinn Jason Mraz hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár.
NORDICPHOTOS/GETTY









## LAGALISTINN

Vikuna 29. mars - 4. apríl 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Fun / Janelle Monae | *We Are Young* |
| ▶ | 2 | Magni | *Hugarró* |
| ▶ | 3 | Valdimar Guðm. / Helgi Júlíus | *Stöndum saman* |
| ▲ | 4 | Bubbi / Mugison | *Þorpið* |
| * | 5 | Greta Salóme / Jónsi | *Never Forget* |
| ▼ | 6 | Blár ópal | *Stattu upp* |
| ▲ | 7 | Hljómar | *Þú og ég* |
| ▲ | 8 | Kelly Clarkson | *Stronger* |
| ▲ | 9 | Train | *Drive By* |
| ▲ | 10 | The Black Keys | *Gold On The Ceiling* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 29. mars - 4. apríl 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▶ | 2 | Mugison | *Haglél* |
| ▶ | 3 | Adele | *21* |
| ▶ | 4 | Ýmsir | *Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012* |
| ▲ | 5 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| * | 6 | HAM | *Svik, harmur og dauði* |
| ▲ | 7 | Sólstafir | *Svartir sandar* |
| ▼ | 8 | Leonard Cohen | *Old Ideas* |
| ▲ | 9 | Hjálmar | *Órar* |
| ▲ | 10 | Valdimar | *Undraland* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is



# ALÞJÓÐLEGA VIÐURKENNT VIÐSKIPTAFRÆÐINÁM SEM OPNAR DYR BESTU HÁSKÓLA HEIMSINS FYRIR NEMENDUM ÚR HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

EFMD EPAS ACCREDITED

**EPAS**
viðurkenningin skipar **BSc** námi í viðskiptadeild **HR** í hóp innan við 200 úrvalsskóla og námsbrauta með slíkar vottanir. Þeirra á meðal eru margir af bestu viðskiptaháskólum heims og níu bestu viðskiptaháskólar Norðurlandanna.

Association of MBAs

**AMBA**
viðurkenningin vottar að **MBA**-nám við **HR** er meðal þriggja efstu prósentustiganna þegar litið er til gæða þeirra 6000 **MBA** námsbrauta sem eru í boði í heiminum.

**OPIÐ** fyrir umsóknir í grunnnám
til og með **5. júní**

**OPIÐ** fyrir umsóknir í meistaranám
til og með **30. apríl**

nánari upplýsingar á **www.hr.is**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

**766** **MILLJÓNIR ÍSLENSKRA KRÓNA** skuldaði leikarinn Nicholas Cage í skatt í Bandaríkjunum, en hann greiddi lokagreiðsluna nýverið.



# FAGNA TITANIC

**Stórmyndin Titanic var fyrst frumsýnd í lok ársins 1997 og hlaut strax góðar viðtökur. Fram að því hafði engin önnur kvikmynd halað inn milljarði dala og var hún tekjuhæsta mynd heims í tólf ár. Titanic var endurgerð í þrívídd fyrir skemmstu og gaman er að sjá hversu mikið aðalleikararnir hafa breyst á þessum 15 árum.**

*100* ár eru liðin síðan Titanic fórst eftir árekstur við borgarísjaka. Titanic var breskt, gufuknúið farþegaskip og stærsta skip sem byggt hafði verið á sínum tíma.

## KATE WINSLET





**AÐALLEIKONAN** Kate Winslet var aðeins 22 ára gömul er hún fór með hlutverk Rose DeWitt Bukater. Leikstjórinn James Cameron hafði fulla trú á hinni ungu leikkonu og var viss um að hún mundi grípa áhorfendur strax á fyrstu mínútum. Ferill Winslet hefur dafnað síðan þá og nýverið sagði leikkonan að helsti munurinn á henni þá og nú væri sá að hún væri eldri og grennri í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

## LEONADRO DICAPRIO OG BILLY ZANE





**ÁSTMENNIRNIR** Leonardo DiCaprio og Billy Zane léku mennina er kepptu um ástir Rose. Líkt og alþjóð veit fór DiCaprio með sigur af hólmi. Billy Zane mætti á frumsýningu Titanic 3D á dögunum með vinkonu sinni en DiCaprio var upptekinn við tökur og sá sér því ekki fært að mæta.

## BILL PAXTON





**KÁTUR** Leikarinn Bill Paxton fór með hlutverk fjársjóðsleitarans Brocks Lovett. Hann hafði eiginkonu sína, Louise Newbury, með sér á báðar frumsýningarnar.

## JAMES CAMERON





**LEIKSTJÓRINN** James Cameron var giftur leikkonunni Lindu Hamilton er Titanic var fyrst frumsýnd. Hann skildi þó við hana árið 1999 og tók saman við Suzy Amis sem hafði farið með hlutverk Lizzy Calvert í Titanic. Þau eru enn gift í dag og mættu þau saman á frumsýningu þrívíddarmyndarinnar.

## FRANCES FISHER





**LÍTIÐ BREYTT** Leikkonan Frances Fisher fór með hlutverk Ruth DeWitt Bukater, móður Rose. Hún virðist lítið hafa elst á þessum fimmtán árum og er eini sjáanlegi munurinn sá að hið rauða hár leikkonunnar er orðið síðara.




# Nánast óþekkjanleg

**Leikkonan Lara Flynn Boyle, sem margir muna eftir úr sjónvarpsþáttunum Twin Peaks, er nánast óþekkjanleg vegna allra þeirra lýtaaðgerða sem hún hefur farið í síðustu ár.**

**Lýtalæknirinn Anthony Youn segir andlit Boyle vera afmyndað eftir allar lýtaaðgerðirnar. „Andlit hennar virðist vera að bráðna. Þetta gerist þegar fyllingarnar eyðast upp og húðin fer að slapa," sagði læknirinn um Boyle.**

**Leikkonan náði miklum vinsældum eftir frammistöðu sína í sjónvarpsþáttunum Twin Peaks þar sem hún fór með hlutverk Donnu Hayward.**



**ÓLÍK SJÁLFRI SÉR** Lara Flynn Boyle fór offari í lýtalækningum og er nánast óþekkjanleg. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sundur og saman

**Hönnuðurinn og leikkonan Ashley Olsen sást með söngvaranum Jared Leto síðasta sunnudag. Síðast var stúlkan orðuð við hinn gifta leikara Johnny Depp.**

**Olsen og Leto áttu í sambandi árið 2005 og aftur 2008 og svo virðist sem að lengi lifi í gömlum glæðum því parið sást snæða saman á Polo Lounge í Beverly Hills á sunnudag. Sjónarvottar segja parið hafa látið vel hvort að öðru og að máltíðinni lokinni föðmuðust þau innilega. Talsmenn parsins hafa þó ekki staðfest orðróminn.**



**SNÆDDI MEÐ LETO** Ashley Olsen sást snæða með Jared Leto í Beverly Hills. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hættir ekki sjálfur

Daniel Craig, sem leikur James Bond, ætlar að halda áfram að leika njósnarann eins lengi og hann mögulega getur.

„Ég ætla að halda áfram þangað til þau segja mér að hætta,“ sagði Craig í viðtali við BBC. Hann leikur 007 í þriðja sinn í Skyfall sem kemur út í haust og lofar skemmtilegri mynd. „Fyrsta myndin var eins og fersk vindhviða og númer tvö var erfiða „önnur platan“. Það hefur verið lögð mikil vinna í þessa mynd og handritið er frábært. Hún verður frábrugðin þeirri síðustu en samt mjög góð Bond-mynd.“

Leikstjóri er Sam Mendes og með önnur stór hlutverk fara Javier Bardem, Albert Finney og Ralph Fiennes.



**JAMES BOND** Daniel Craig leikur James Bond í myndinni Skyfall.



**BJARGVÆTTUR** Ryan Gosling forðaði breskri blaðakonu frá því að verða fyrir bíl. NORDICPHOTOS/GETTY

# Bjargvætturinn Gosling

**Breska blaðakonan Lauren Penny slapp naumlega með skrekkinn þegar hún varð næstum fyrir bíl í New York. Það var blaðakonunni til happs að leikarinn Ryan Gosling var á staðnum og forðaði henni frá yfirvofandi slysi.**

**Penny, sem starfar sem lausapenni hjá Independent, Guardian, Al-Jazeera og The Nation, sagði frá atvikinu á Twitter-síðu sinni. „Mér var bjargað frá því að verða fyrir bíl af Ryan Gosling. Þetta gerðist í raun! Þar sem ég er bresk horfði ég í vitlausa átt áður en ég fór yfir götuna og Ryan greip í öxlina á mér,“ sagði Penny.**



**REKIÐ MÖMMU** Khloe Kardashian myndi reka mömmu sína ef hún gæti. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hefði rekið mömmu sína

**Raunveruleikastjarnan Khloe Kardashian tjáir sig um samband sitt og móður sinnar, Kris Jenner, í nýjasta hefti tímaritsins Cosmopolitan.**

**„Mamma hefur meiri trú á okkur systkinunum heldur en við sjálf. En hún er einnig umboðsmaður okkar og vinnur í þágu vörumerkisins. Hún hefur sagt að ég sé feit og væri hún bara umboðsmaðurinn minn hefði ég rekið hana á stundinni. Enginn má tala svona við mig nema mamma,“ sagði Kardashian.**



# Íslensku fatalínurnar brjálæðislegar og svolítið á mis

**Tískuhátíðin RFF fór fram í þriðja sinn helgina sem leið. Umsagnir erlendra blaðamanna hafa nú ratað á Netið og þó sumir geri góðlátlegt grín að landi og þjóð hrifust þeir einnig af vinnu íslensku hönnuðanna.**

Meðal þeirra erlendu blaðamanna er heimsóttu landið í tilefni RFF voru blaðamenn frá þýska, ítalska og breska Vogue, danska Eurowoman og aðstandendur vefsíðnanna Fashionista.com, Fashionetc.com og Stylecaster.com.

Jo Piazza hjá Fashionista segir eftirtektarvert hversu gaman hönnuðirnir og aðstandendur RFF höfðu af vinnu sinni. „Þau hafa frelsi til að einbeita sér að því listræna og forvitnilega og eru fyrir vikið stórskemmtileg,“ ritar hún.

Ástæðuna fyrir töfrandi hönnun íslensku hönnuðanna segir Piazza vera náin tengsl þeirra við huldufólk. Hún líkir einnig hönnun Kron by Kron Kron við fatnað persónanna úr Game Of Thrones.

Godfrey Deeny hjá Fashion Wire Daily skrifar í grein sinni að skortur á hátískuverslunum á landinu skili sér í flottari fatastíl meðal landsmanna. „Þó fatalínur hönnuðanna séu oft brjálæðislegar og svolítið á mis, þá taka Íslendingar tískuhátíðinni sinni mjög alvarlega,“ skrifar Deeny.

Hann segir Munda, Hörpu Einarsdóttur, Kormák & Skjöld og Rebekku Jónsdóttur hafa borið af hvað varðar gæði og ferskleika en er minna hrifinn af hönnun Millu Snorrasonar og Birnu.

Vogue.it hefur einnig birt myndir frá tískusýningunum sem og vefsíðan Fashionnow.com.

sara@frettabladid.is



**MUNDI BESTUR** Blaðamenn Fashionista.com og Fashion Wire Daily fara bæði lofsorðum um hönnun Munda. Mundi var á meðal þeirra hönnuða er sýndu á RFF. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — Gleðilega páska — OPIÐ ALLA PÁSKANA — 5%




OPIÐ ALLA PÁSKANA! - TÍMAR OG TILBOÐ GILDA 5. APRÍL TIL OG MEÐ 9. APRÍL




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| AMERICAN PIE: REUNION | 5.45, 8, 10.20 |
| LORAX 3D ISL TAL | 2, 4, 6 |
| LORAX 2D ISL TAL | 2, 4 |
| LORAX 2D ENS TAL | 4 |
| HUNGER GAMES | 7, 10 |
| SVARTUR Á LEIK | 8, 10.15 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| AMERICAN PIE | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| AMERICAN PIE LUXUS VIP | KL. 3:40 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| WRATH OF THE TITANS | 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:40 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS VIP | KL. 1:30 - 5:50 | 2D | VIP |
| GONE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| JOHN CARTER | KL. 5:20 - 8 | 2D | 7 |
| PÁSKATILBOÐ KR.450 | | | |
| THE MUPPETS MOVIE | KL. 1 - 3:20 | 2D | L |
| JOURNEY 2 | KL. 1 - 3:20 | 2D | 7 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D M/ ÍSL TALI | KL. 1:30 | 3D | L |
| DÝRA FJÖR 3D M/ ÍSL TALI | KL. 1:30 | 3D | L |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 1:30 - 3:40 | 2D | L |
| HUGO MEÐ TEXTA | KL. 5:30 | 2D | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| TITANIC 3D | KL. 4 | 3D | L |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| JOHN CARTER | KL. 2 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ ÍSL TAL | KL. 2 | 3D | L |
| FJÖRFISKARNIR | KL. 4:30 | 2D | L |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 6 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| PUSS IN BOOTS M/ ÍSL TALI | KL. 2 - 4 | L |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 2 | L |
| BEAUTY & THE BEAST M/ ÍSL TALI | KL. 4 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| TITANIC ÓTEXTUÐ | KL. 4 - 8 | 3D | L |
| WRATH OF TITANS | KL. 1:30 - 5:40 - 8 - 10:20 | 3D | 12 |
| GONE | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| PROJECT X | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | KL. 5:10 | 2D | 7 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 | 2D | 12 |
| JOURNEY 2 | KL. 1:30 - 3:30 | 2D | L |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ | KL. 1:30 | 3D | L |
| PRÚÐULEIKARARNIR | KL. 3:30 | 2D | L |
| FJÖRFISKARNIR | KL. 1:30 - 3:30 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MANON ÓPERA BEINNI SÝND LAUGARDAG 7.APRÍL | KL. 4 | | L |
| WRATH OF TITANS | 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 (SÝND LAUG. 7.APRÍL KL.5:50-8:20-10:30) | 3D | 12 |
| GONE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE LORAX- 3D M/ ÍSL TALI | KL. 2 - 4 - 6 | 3D | L |
| LORAX M/ ÍSL TALI | KL. 2 - 4 - 6 (LAUG. 7.APR KL.2-4) | 2D | L |
| THE LORAX M/ ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 | 2D | 12 |
| PROJECT X | KL. 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| AMERICAN PIE : REUNION | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:20 | 3D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 2D | 12 |
| LORAX ÍSL TALI | KL. 2 | 3D | L |
| TITANIC | KL. 4 | 3D | L |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ ÍSL TALI | KL. 2 (450 KR) | 2D | L |
| FJÖRFISKARNIR ÍSL TALI | KL. 4 (450 KR) | 2D | L |

sýningartímar gilda alla páskana í Reykjavík - kynnið ykkur opnunar- og sýningartíma í Keflavík, Akureyri og Selfossi á SAMbio.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 4 - 8 | 10 |
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ LÚXUS | KL. 4 | 10 |
| A.P.: REUNION KL. 1 (TILBOÐ) - 3.30 - 5.30 - 8 - 10.30 | | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION LÚXUS | KL. 1 - 8 - 10.30 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3 | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3 - 6 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 1 (TILBOÐ) - 5 - 8 - 11 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 - 10.30 | 16 |

OPIÐ ALLA PÁSKANA - GLEÐILEGA PÁSKA

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 - 9 | 10 |
| AMERICAN REUNION | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| LORAX – 3D | KL. 3 (TILBOÐ | L |
| LORAX – 3D | KL. 3 (TILBOÐ) | L |
| HUNGER GAMES | KL. 3 (TILBOÐ) - 6 - 9 | 12 |
| THE VOW | KL. 5.30 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| HUNGER GAMES | KL. 5.30 - 8 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10.30 | 16 |
| LORAX 2D/3D | KL. 2 - 3.50 | L |







TILBOÐSBÍÓ




LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

SMÁRABÍÓ — midi.is

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 1 | 12 |
| HUNGER GAMES | KL. 1 | 12 |
| LORAX 3D/2D | KL. 1 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — midi.is

| | | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES | KL. 3 | 12 |
| LORAX 3D | KL. 3 | L |
| LORAX 2D | KL. 3 | L |




BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

FIMMTUDAGUR: CARNAGE 18:00, 20:00, 22:00 ■ BARÁTTAN UM LANDIÐ 18:00, 20:00 ■ AMMA LO-FI 20:00, *22:00* ■ MARGIN CALL 17:50, 20:00, 22:10 ■ *BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK) 17:40, 22:20*
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

LOKAÐ FÖSTUDAGINN LANGA

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.






# Páskatónleikar þvert um landið

„Kannski það verði páskaegg númer 3 með í för, en Matti er í einhverju kolvetnisátaki og ég er alltaf á fullu í íþróttunum svo það verður meira um harðfisk og banana held ég,“ segir Ingó Veðurguð sem verður að spila út um allt land með Matta Matt úr Pöpunum yfir páskahelgina.

Þessi samvinna er tilkomin fyrir tilstilli Rokkabillýbandsins vinsæla sem er vant því að fá stór nöfn til liðs við sig á tónleikum. Þetta verður í fyrsta skipti sem Ingó og Matti syngja saman á sviði og von er á fjölbreyttri tónlist. „Þetta verður blanda af lögum frá Veðurguðunum og Pöpunum og svo bara alls konar partílög héðan og þaðan,“ segir Ingó.

Strákarnir ætla að ferðast þvert yfir landið og halda tónleika í Egilsbúð í Neskaupstað eftir miðnætti á föstudaginn langa, í Herðubreið á Seyðisfirði á laugardaginn fyrir páska og í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á páskadag. „Þetta verður svolítið mikil keyrsla, sérstaklega á sunnudag þegar við keyrum frá Egilsstöðum á Ísafjörð, en menn verða bara að drífa sig á fætur snemma,“ segir Ingó, sem reiknar ekki með mikið meira en fjögurra tíma svefni þá nótt í besta falli. „Ég er ekki mjög góður bílstjóri sjálfur svo ætli ég láti ekki gömlu jaxlana sjá um aksturinn og ég hvíli mig bara aftur í á meðan,“ bætir hann við. - trs



**SAMAN Á SVIÐ** Þeir Ingó Veðurguð og Matti Papi hafa aldrei sungið saman á tónleikum, en ætla að gera breytingu þar á um páskahelgina.

# Borðaði eina máltíð á dag

Ástralski leikarinn Liam Hemsworth fer með hlutverk Gale Hawthorne í kvikmyndinni Hunger Games. Hann kveðst hafa borðað lítið sem ekkert á meðan hann bjó sig undir hlutverkið.

„Ég missti nokkur kíló fyrir hlutverkið. Persónan sem ég leik býr við fátækt og matarskort og ég vildi kynnast því af eigin raun hvernig það er að vera alltaf svangur. Ég fór í líkamsrækt sex sinnum í viku en borðaði lítið sem ekkert. Á meðan á tökum stóð borðaði ég aðeins eina máltíð á dag,“ sagði leikarinn stimamjúki um undirbúninginn.



**BORÐAÐI LÍTIÐ** Liam Hemsworth borðaði eina máltíð á dag á meðan á tökum Hunger Games stóð. NORDICPHOTOS/GETTY



**ERFITT AÐ ÆTTLEIÐA** Leikkonan Mariska Hargitay segir erfitt að ganga í gegnum ættleiðingarferli. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sársaukafullt að ættleiða

**Leikkonan Mariska Hargitay, sem margir þekkja úr sjónvarpsþáttunum Law & Order: SVU, segir ættleiðingu erfitt ferli að ganga í gegnum. Hargitay og eiginmaður hennar, Peter Hermann, eiga einn líffræðilegan son og tvö ættleidd börn.**

**„Ég lýg því ekki, þetta er erfitt ferli og ég segi það hverjum sem vill hlusta að ættleiðing sé ekki fyrir viðkvæma.“**

**Hargitay og maður hennar höfðu gengið í gegnum ættleiðingarferlið og áttu að ættleiða barn frá Bandaríkjunum. Hjónin höfðu hugsað um barnið í tvo daga þegar blóðmóðirin hætti við og fékk forræði yfir barninu á ný. „Þetta var mjög sársaukafullt fyrir okkur en á sama tíma gæfuríkt fyrir barnið,“ sagði leikkonan.**




# sport

sport@frettabladid.is



**VIGNIR SVAVARSSON** mun spila með þýska handknattleiksfélaginu Minden á næstu leiktíð en hann hefur verið á mála hjá Hannover-Burgdorf. Minden er í efsta sæti þýsku B-deildarinnar og fátt getur komið í veg fyrir að liðið spili í hópi þeirra bestu á næstu leiktíð.



**RÓBERT GUNNARSSON** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Róbert Gunnarsson:

## Erum með alla nema Lexa

**HANDBOLTI** Róbert Gunnarsson, línumaður íslenska landsliðsins, verður í sviðsljósinu í Króatíu.

„Þetta er draumur okkar allra og að ég held allra íþróttamanna að komast á Ólympíuleikana. Nú er bara að taka þessa páskaviku á fullu, vera grimmir þarna úti og klára þetta verkefni. Þetta eru lið sem við eigum að klára en við þurfum samt að hafa fyrir því. Við megum ekkert mæta þarna með nefið upp í loftið og halda að við séum bestir,“ segir Róbert.

„Við vitum það að við eigum að klára þetta en við getum alveg tapað fyrir öllum þessum liðum. Ef við náum að stilla okkur sjálfa af þá hef ég engar áhyggjur,“ segir Róbert sem fagnar endurkomu Ólafs Stefánssonar og Snorra Steins Guðjónssonar. „Það er gríðarlega gaman að fá Óla og Snorra aftur inn. Við erum með alla nema Lexa sem er frábært,“ segir Róbert. **- óój**

# Hefði verið út úr kú að spila á EM

**Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson er kominn aftur í íslenska landsliðið í handbolta og ætlar að hjálpa liðinu að komast inn á Ólympíuleikana í Lundúnum. Fram undan eru þrír leikir á þremur dögum í Króatíu yfir páskana þar sem strákarnir okkar hafa tækifæri til að komast á sína þriðju Ólympíuleika í röð.**

**HANDBOLTI** Þetta hefur verið öðruvísi tímabil fyrir hinn 38 ára gamla Ólaf Stefánsson sem missti af fyrri hluta tímabilsins með AG Kaupmannahöfn og missti síðan í janúar af sínu fyrsta stórmóti í 19 ár með íslenska landsliðinu. Nú er Ólafur hins vegar kominn á fullt á ný, AG er að spila í úrslitakeppninni í Danmörku og í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar og fram undan eru leikir sem ráða því hvort íslenska landsliðið verði með á Ólympíuleikunum í London.

„Það er gaman að hitta strákana aftur en aðallega er gaman að vera orðinn heilbrigður, því það er aðalbaráttan,“ sagði Ólafur Stefánsson aðspurður um endurkomuna í landsliðið. Hann hefur áður tekið sér stutt leyfi en það var árið 2009 eða eftir síðustu Ólympíuleika. Hann missti þá ekki af neinu stórmóti eins og hann gerði nú.

„Ég ætla að vona að ákvörðun um að vera ekki með á EM skili sér en það hefði alveg verið út úr kú að spila þar. Þetta var langt ferli og erfið meiðsli og ég er ekki alveg kominn fyrir hornið enn þá en ég held samt að ég sé orðinn nógu sterkur til að hjálpa,“ sagði Ólafur og hann vill ekkert tala meira um meiðslin.



**ÓLAFUR Í HÖLLINNI Í FYRRAKVÖLD** Ólafur Stefánsson var mættur í íslenska landsliðsbúninginn á nýjan leik á móti Noregi á þriðjudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísland er með Síle, Japan og Króatíu í riðli og komast tvær efstu þjóðirnar áfram.

„Við megum ekki fagna of snemma eins og Gummi sagði. Þessi lið spila allt annan handbolta og það er mesta hættan við þá. Þú veist ekki alveg hvar þú hefur þessi lið. Við höfum alltaf átt í erfiðleikum með Kóreu og Japanir eru svipaðir og þeir, ekki kannski alveg að getu en í stíl. Það er stuttur tími sem við höfum til að setja okkur inn í hlutina og menn þurfa að setja strax í gírinn.“

Það er nokkuð ljóst að þetta er síðasti möguleikinn fyrir Ólaf að komast inn á Ólympíuleika enda verður hann orðinn 43 ára þegar leikarnir fara fram í Ríó eftir fjögur ár. Ólafur á nú möguleika á því að komast á sína þriðju leika.

„Þetta er bara upp á líf eða dauða og það er ekki eins og við getum bætt upp fyrir þetta einhvern tímann seinna. Við þurfum að vera þarna á staðnum á föstudegi og laugardegi og vonandi getum við klárað þetta fyrir sunnudaginn,“ segir Ólafur.

Íslenska landsliðið endaði í tíunda sæti á EM í Serbíu en hafði verið meðal sex efstu á þremur mótum þar á undan. Ólafur fylgdist með liðinu á EM.

„Ég horfði á liðið spila á EM og naut þess. Mér fannst gott að vera fyrir framan sjónvarpið og vera að vinna í mínu því ég var á réttum stað þá. Ég hefði ekki verið á réttum stað ef ég hefði verið þarna niður frá,“ segir Ólafur.

En ganga hann og Snorri Steinn bara beint inn í gömlu hlutverkin sín í liðinu eftir þessa stuttu pásu?

„Við erum ekki í áskrift beint og þurfum að sýna það í okkar spili og með okkar félagsliðum að við séum þess verðugir að fá að vera hérna og æfa. Það þarf alltaf að vera þannig,“ segir Ólafur hógvær að lokum.

**ooj@frettabladid.is**



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR
PHILIPS 46" LED
• Pixel Plus FHD
• USB tengi
• HD Natural Motion
189.989 kr.
Philips 46PFL5606H
• 46" LED Pixel Plus FHD sjónvarp
• Full HD 1920x1080p upplausn
• HD Natural Motion
• Stafrænn DVB-T móttakari
• USB margmiðlunartengi
FINLUX 32" LCD
• HD LCD
• Stafrænn DVB-T
• 2x HDMI og USB
69.989 kr.
Finlux 32FLX905HU
• 32" HD LCD sjónvarp
• 1366x768p upplausn
• Progressive scan
• Stafrænn móttakari DVB-T
• Scart, 2x HDMI, USB tengi
• Prentari og skanni
• 5760x 1440p upplausn
• USB 2.0
7.989 kr.
Epson SX130
• Prentari og skanni
• Prentar allt að 5760x 1440p
• Prentar allt að 28 bls. mín. í sv/hv
• Prentar allt að 15 bls. mín. í lit
• Skannar 600 x 1200 dpi
• Windows XP, Vista, 7 og Mac
• PS3 leikjavél
• 160GB harður diskur
56.989 kr.
PS3
• 8" spjaldtölva
• 8GB Flash minni
• Vandaður Multi-Touch snertiskjár
24.989 kr.
Lenco TAB-811
• Spjaldtölva með snertiskjá
• 1.0GHz örgjörvi
• 512MB minni
• 8GB Flash minni
• 8" LCD snertiskjár
• Android 2.3 stýrikerfi
• Mini USB2 og minnisauf
• Aðeins 0,54 Kg
• 2MP myndavél að framan
• Allt að 6 tímar á rafhlöðu
acer 15,6"
• Intel Dual Core örgjörvi
• Allt að 4 klst. rafhlöðuending
• 500GB diskur
79.989 kr.
Acer Aspire 5349-B814G50MI
• Intel Celeron B815 Dual Core örgjörvi
• 4GB DDR3 minni
• 500GB SATA harðdiskur
• DVD/RW og CD-RW skrifari
• 15.6" WideScreen WXGA LED skjár
• Intel HD graphics skjástýring
• Windows 7 Home Premium 64-BIT stýrikerfi
• 3x USB 2, HDMI, kortalesari, VGA, o.fl.
BÚSÁHALDAMARKAÐUR
40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM POTTUM, PÖNNUM OG BÚSÁHÖLDUM
• Háskerpu sjónvarpsflakkari
• Spilar beint af USB og kortum
• Getur tengst þráðlaust
19.989 kr.
AC Ryan Playon!HD Essential
• H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari
• HDMI, Composite og Optical
• Spilar efni af USB lyklum og kortum
• Getur tengst þráðlausu neti með USB kubb
• Hleðslurakvél
6.989 kr.
Philips PT720
PowerTouch hleðslurakvél með Super Lift&Cut rakhnífum og góðu gripi. Má þrífa með vatni.
• 3D Blu-ray spilari
BLU-RAY MEÐ 3D Á FÁRÁNLEGU VERÐI
19.989 kr.
Philips BDP3280
• 3D Blu-ray spilari
• Spilar DivX DVD í háskerpu
• USB 2.0
OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA
Fimmtud. 12-18
Föstud. LOKAÐ
Laugard. 11-18
Sunnud. LOKAÐ
Mánud. 12-18
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is
MAX RAFTÆKI

Ellefta úrslitakeppniseinvígi Teits Örlygssonar og Sigurðar Ingimundarsonar endar í kvöld í sjöunda innbyrðis oddaleik þeirra félaga:

# Montrétturinn er líka undir hjá þeim í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Það skýrist í kvöld hver tvö síðustu liðin verða í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla þegar oddaleikir átta liða úrslitanna fara fram. Stjarnan tekur á móti Keflavík í Ásgarði í Garðabæ og Þór fær Snæfell í heimsókn í Icelandic Glacial-höllina í Þorlákshöfn.

Það má segja sem svo að sætið í undanúrslitunum sé ekki bara undir hjá þeim Teiti Örlygssyni, þjálfara Stjörnunnar, og Sigurði Ingimundarsyni, þjálfara Keflavíkur, sem eru að mætast í úrslitakeppninni í ellefta sinn á ferlinum. Svo skemmtilega vill til að staðan er ekki bara 5-5 milli þeirra í unnum einvígum heldur hafa þeir jafnframt unnið þrjá oddaleiki hvor á móti öðrum líka.


TEITUR ÖRLYGSSON OG SIGURÐUR INGIMUNDARSON

Sigurður vann þann fyrsta þegar Keflavík sló Njarðvík úr undanúrslitunum 1990 eftir sigur í tvíframlengdum oddaleik. Teitur vann síðan þrjá oddaleiki í röð á móti Sigurði, þar á meðal úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn 1999. Sigurður hefur síðan unnið tvo síðustu oddaleiki þeirra félaga, úrslitaleik um titilinn 1999, þegar Sigurður var þjálfari Keflavíkur en Teitur leikmaður Njarðvíkur, og svo þegar Njarðvík sló Stjörnuna út úr átta liða úrslitunum fyrir tveimur árum.

Sigurður hefur alls tekið þátt í 22 oddaleikjum á ferlinum og unnið 13 þeirra (59 prósent) en Teitur hefur unnið 11 af 18 oddaleikjum sínum (61 prósent), þar af tíu þeirra sem leikmaður.

Teitur og lærisveinar hans ættu að vera farnir að þekkja þessa stöðu mjög vel því þeir eru fjórða árið í röð í oddaleik í átta liða úrslitunum. Stjarnan féll úr leik 2009 og 2010 en komst áfram í fyrsta sinn í fyrra og fór þá alla leið í úrslitaeinvígið.

Keflvíkingar eru líka vanir þessari stöðu en þeir hafa unnið oddaleik í átta liða úrslitum undanfarin tvö ár en ólíkt leiknum í kvöld þá voru þeir báðir í Toyota-höllinni í Keflavík. **- óój**





**Í SVIÐSLJÓSINU** Það verður fylgst náið með þeim Rory McIlroy og Tiger Woods um helgina. NORDIC PHOTOS/GETTY

Masters-mótið byrjar í dag:

## Tiger og Rory þykja líklegastir

**GOLF** Fyrsta stórmót ársins í golfi, Masters-mótið á Augusta National-vellinum, hefst í dag. Mótsins hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda hefur Tiger Woods verið upp á sitt besta að undanförnu og vann í síðasta mánuði sitt fyrsta PGA-mót í tvö og hálft ár.

Woods þykir, ásamt Norður-Íranum Rory McIlroy, líklegastur til að klæðast græna jakkanum í mótslok samkvæmt veðbönkum ytra. McIlroy var í góðri stöðu fyrir lokadaginn í fyrra en glopraði niður fjögurra högga forystu. Suður-Afríkumaðurinn Charl Schwartzel stóð óvænt uppi sem sigurvegari eftir að hafa fengið fjóra fugla á síðustu fjórum holunum.

„Ég er spenntur. Þetta er allt á réttri leið og á réttum tíma," sagði Woods. Aðrir sem þykja sigurstranglegir um helgina eru Luke Donald, efsti maður heimslistans, Lee Westwood, Phil Mickelson og Huner Mahan.

Sýnt verður frá mótinu á Stöð 2 Sport og hliðarrásum alla keppnisdagana. Fyrstu tvo dagana hefjast útsendingar klukkan 19.00, klukkan 19.30 á laugardaginn og 18.00 á páskadag. **- esá**

EM U-17 í Slóveníu:

## Ísland dróst í sterkan riðil

**FÓTBOLTI Dregið hefur verið í riðla fyrir lokakeppni Evrópumeistaramóts landsliða skipuð leikmönnum sautján ára og yngri sem fer fram í Slóveníu í næsta mánuði. Átta þjóðir taka þátt í lokakeppninni en Ísland vann sér á dögunum inn þátttökurétt með því að bera sigur úr býtum í sínum milliriðli.**

**Ísland dróst í A-riðil og mætir í honum sterkum liðum Frakklands, Þýskalands og Georgíu en síðastnefnda liðið gerði sér lítið fyrir og hafði betur en bæði Spánn og England í sínum milliriðli.**

**Hollendingar eru núverandi Evrópumeistarar í þessum aldursflokki en þeir drógust í B-riðil ásamt gestgjöfum Slóveníu, Póllandi og Belgíu. Leikir í riðlakeppninni fara fram dagana 4., 7., og 10. maí, undanúrslitin 13. maí og úrslitaleikurinn 16. maí. - esá**

## ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu*

**FJÓRÐUNGSÚRSLIT**

**Chelsea - Benfica 2-1**
1-0 Frank Lampard, víti (21.), 1-1 Javi Garcia (84.). 2-1 Raul Meireles (92.).
*Chelsea vann samanlagt, 3-1.*

**Real Madrid - APOEL 5-2**
1-0 Cristiano Ronaldo (26.), 2-0 Kaka (37.), 2-1 Gustavo Manduca (67.), 3-1 Ronaldo (76.), 4-1 Jose Callejon (80.), 4-2 Esteban Solari, víti (82.), 5-2 Angel Di Maria (84.).
*Real Madrid vann samanlagt, 8-2.*

**UNDANÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| Bayern München - Real Madrid | 17./25. apríl |
| Barcelona - Chelsea | 18./24. apríl |



**TAP Í GÆR** Hólmfríður Magnúsdóttir í fyrri leiknum gegn Belgíu í riðlakeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Undankeppni EM 2013:

# Svekkjandi tap Íslands í Belgíu

**FÓTBOLTI** Ísland mátti þola sárt tap fyrir Belgíu ytra, 1-0, í undankeppni EM 2013 í gær. Tessa Wullaert skoraði eina mark leiksins um miðbik síðari hálfleiksins.

Ísland hafði sótt nánast sleitulaust fram að markinu í seinni hálfleik auk þess að Hólmfríður Magnúsdóttir fékk dauðafæri í fyrri hálfleik sem henni tókst ekki að nýta. Þegar Belgar skoruðu hafði Ísland átt ellefu skot að marki en Belgar eitt.

Bæði lið fengu svo tækifæri til að skora eftir markið en allt kom fyrir ekki.

Þetta var fyrsti tapleikur Íslands í riðlinum og komst Belgía með sigrinum á toppinn. Belgar eru með fjórtán stig, Ísland þrettán og Noregur ellefu. Ísland og Noregur eiga þó leik til góða á Belga.

Ísland mætir Ungverjalandi og Búlgaríu í júní og svo Noregi ytra í september. Þrátt fyrir tapið þurfa stelpurnar aðeins að treysta á sig sjálfar til að komast áfram og gera það með því að vinna síðustu þrjá leiki sína í riðlinum. Úrslitakeppni EM fer fram í Svíþjóð í júlí 2013. - esá



**LYKILMAÐUR** Magnús Þór Gunnarsson í leik með Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Magnús Þór ekki í bann:

# Kæru Stjörnunnar vísað frá

**KÖRFUBOLTI** Aga- og úrskurðarnefnd Körfuknattleikssambands Íslands kom saman í gær og tók fyrir kæru sem barst eftir viðureign tvö milli Keflavíkur og Stjörnunnar í úrslitakeppni Iceland Express-deild karla en leikurinn fór fram mánudaginn 2. apríl. Stjörnumenn kærðu meint viljandi olnbogaskot Magnúsar Þórs Gunnarssonar, fyrirliða Keflavíkur.

Aga- og úrskurðarnefnd hafnaði kröfu Keflavíkur um frávísun en hafnaði einnig kröfu Stjörnunnar um að Magnús Þór verði dæmdur í bann vegna atviksins. Þá var kröfu Keflavíkur um ómaksþóknun einnig hafnað. - óój

Gylfi Þór Sigurðsson fyrsti Íslendingurinn sem er valinn leikmaður mánaðarins í ensku úrvalsdeildinni:

# Gylfi Þór bestur allra í Englandi í marsmánuði

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson hefur verið valinn leikmaður marsmánaðar í ensku úrvalsdeildinni en það var tilkynnt í gær. „Þetta er mikill heiður fyrir mig og ég bjóst ekki við þessu. Það eru margir mjög góðir leikmenn sem hafa fengið þessi verðlaun,“ sagði Gylfi við Fréttablaðið í gær.

Gylfi spilaði afar vel með Swansea í síðasta mánuði og skoraði þá fjögur mörk. Hann skoraði bæði mörkin í 2-0 sigri á Wigan og svo fyrstu tvö mörkin er Swansea hafði betur gegn Fulham, 3-0. Alls vann liðið þrjá af fjórum leikjum sínum í marsmánuði og var Gylfi lykilmaður í sóknarleik liðsins.

Engum Íslendingi hefur áður hlotnast þessi heiður en Gylfi er fimmti Norðurlandabúinn sem fær útnefninguna. Hann er jafnframt fyrsti leikmaður Swansea frá upphafi sem verður fyrir þessu vali.

„Ég fékk fréttirnar á æfingu í gær og var það mjög skemmtilegt. Strákarnir í liðinu voru ánægðir fyrir mína hönd og vonandi eru þetta bara fyrstu verðlaunin af mörgum hjá mér,“ bætti Gylfi við.

Gylfi er í láni hjá Swansea frá þýska félaginu Hoffenheim en hann er samningsbundinn félaginu til 2014. Hann hefur slegið í gegn síðan hann kom til Swansea í janúar og verið orðaður við mörg stærstu lið Evrópu, til að mynda Manchester United og Inter. Óvíst er hvað tekur við hjá Gylfa í sumar en gera má ráð fyrir því að verðmæti hans aukist með degi hverjum með þessu áframhaldi, hafi forráðamenn Hoffenheim á annað borð áhuga á að selja kappann.

Hann verður væntanlega í eldlínunni þegar Swansea tekur á móti Newcastle á morgun klukkan 15.30. - esá



**GYLFI ÞÓR** Hefur notið mikillar velgengni með Swansea eftir áramót. NORDIC PHOTOS/GETTY





> **Natalie Portman**

„Ég elska að leika. Eftir að hafa horft á myndina Apollo 13 langar mig þó mest af öllu að verða geimfari. Mig langar rosalega mikið að prufa að fara í geimbúðir næsta sumar.“

***Stórleikkonunni sísætu Natalie Portman dreymir um að umgangast annars konar stjörnur en hún gerir nú þegar. Hún sýnir af sér óskarsverðlaunatakta í Black Swan á Stöð 2 í kvöld klukkan 22.50.***

# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD



> **Stöð 2 Sport kl. 15.50**

**Undankeppni Ólympíuleikanna**

Íslenska karlalandsliðið í handbolta mætir til leiks í undankeppni Ólympíuleikanna í Zagreb í Króatíu í dag. Handboltaveislan hefst klukkan 15.50 í dag með leik Króatíu og Japan en fyrsti leikur „strákanna okkar“ er gegn Síle og hefst bein útsending frá leiknum klukkan 18.05.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Hinir hinstu dagar: Innsigli og englabásúnur **09.00** Fréttir **09.03** Stóð við krossinn mærin mæra **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Guðsþjónusta í Brautarholtskirkju **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Hilda og Harry **14.00** Töframaðurinn frá Leningrad **15.00** Vegferð trúarinnar - þverstæður lífsins **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Sálmur og sálumessa **17.10** Mörk mannskepnunnar **18.00** Kvöldfréttir **18.15** Á hælum hvítu kanínunnar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Jóhannesarpassía **21.15** Eigi stjörnum ofar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Glæta **23.10** Um lágnættið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**

**10.33 Bolti** (Bolt) Hundurinn Bolti leikur hetju í hasarþætti og hefur búið í sjónvarpsmyndveri alla ævi. Hann heldur að hann sé gæddur ofurkröftum en þegar á reynir gagnast þeir honum ekki sem skyldi.

**12.05 Kvikmyndatónlist** (BBC Proms 2011: Film Night) Hljómsveit BBC leikur.

**14.00 Ung í anda** (Young @ Heart) Verðlaunuð heimildamynd um kór eldri borgara í Massachusetts.

**15.45 Spiderwick-sögurnar** (The Spiderwick Cronicles) Þrjú systkini flytjast með móður sinni á gamlan herragarð og flækjast inn í furðuveröld með einkennilegum verum.

**17.20 Barnatíminn**

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Andraland** (4:7) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.20 Veðurfréttir**

**19.25 Upp** (Up) Gamall karl og ungur drengur fljúga í ævintýraferð í húsi karlsins og hitta talandi hunda, fúlmenni og sjaldgæfan fugl. Myndin er talsett á íslensku.

**21.00 79 af stöðinni** Bíómynd frá 1962 gerð eftir sögu Indriða G. Þorsteinssonar. Aðalhlutverk leika Kristbjörg Kjeld, Gunnar Eyjólfsson og Róbert Arnfinnsson.

**22.25 Huldubarnið** (Changeling) Myndin er byggð á sannri sögu og segir frá einstæðri móður sem segir lögreglunni stríð á hendur eftir að sonur hennar hverfur. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.50 Gagnáhlaup** (2:3)

**02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 A Fish Called Wanda**

**10.00 Back-Up Plan**

**12.00 Charlie St. Cloud**

**14.00 A Fish Called Wanda**

**16.00 Back-Up Plan**

**18.00 Charlie St. Cloud**

**20.00 Spy Next Door**

**22.00 The Special Relationship**

**00.00 True Lies**

**02.20 One Last Dance**

**04.10 The Special Relationship**

**06.00 Robin Hood**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**09:45 Astro boy**

**11:15 Sammy's Adventures**

**12:45 Daffi önd og félagar**

**13.05 Ofurmennið**

**13.25 Sorry I've Got No Head**

**13.55 Tricky TV** (14:23)

**14.20 When In Rome** Rómantísk gamanmynd með Kristen Bell, Josh Duhamel og Anjelicu Huston í aðalhlutverkum. Beth er ung framakona í New York sem er afar óheppin í ástum. En í brúðkaupi systur sinnar í Róm stelur hún peningum úr óskabrunni ástarinnar og er í kjölfarið elt af nokkrum ástsjúkum mönnum.

**15.50 Paul Blart: Mall Cop** Stórskemmtileg gamanmynd með Kevin James í hlutverki Paul Blart sem vinnur sem öryggisvörður í verslunarmiðstöð og tekur öryggisvarðarhlutverk sitt gríðarlega alvarlega.

**17.20 Modern Family** (5:24)

**17.40 Friends** (7:24)

**18.05 The Simpsons** (9:22)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.55 Afmælistónleikar Björgvins** Stórsöngvarinn Björgvin Halldórsson blés til glæsilegra tónleika í Háskólabíói í fyrra í tilefni sextugsafmælis síns. Farið er yfir feril söngvarans og meðal þeirrra sem taka lagið með honum eru Eyjólfur Kristjánsson, Jóhanna Guðrún, Krummi, Mugison og Sigríður Thorlacius.

**20.40 American Idol** (25:40) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins átta bestu söngvararnir eru eftir.

**22.05 American Idol** (26:40) Nú kemur í ljós hvaða sjö keppendur halda áfram

**22.50 Black Swan** Natalie Portman fékk Óskarsverðlaun fyrir leik sinn þessarri áhrifamiklu mynd Darrens Aronofsky. Þar fer hún með hlutverk hinnar hæfileikaríku en brothættu ballerínunnar Ninu.

**00.35 Gran Torino** Spennumynd með Clint Eastwood sem segir frá harðskeyttum fyrrverandi hermanni, Walt Kowalski, sem barðist í Kóreustríðinu fyrir mörgum áratugum síðan. Nú býr hann í úthverfi þar sem mikið magn innflytjenda hefur komið sér fyrir.

**02.30 Paul Blart: Mall Cop**

**04.00 When In Rome**

**05.30 Friends** (7:24)

**05.55 Fréttir**

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Iceland Expressdeildin 2012**

**10.50 The Masters**

**12.50 Valencia - AZ Alkmaar** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.

**14.35 Evrópudeildarmörkin**

**15.25 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**15.50 Króatía - Japan** BEINT frá undankeppni fyrir Ólympíuleikana.

**17.30 Undankeppni ÓL - samantekt**

**18.05 Ísland - Chile** BEINT frá undankeppni Ólympíuleikanna.

**19.45 Undankeppni ÓL - samantekt**

**20.00 The Masters** Bein útsending frá öðrum keppnisdegi á fyrsta risamóti ársins.

**23.30 Miami - Memphis** BEINT frá leik í NBA deildinni.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**08.00 Sunnudagsmessan**

**09.20 QPR - Arsenal**



**11.05 Man. City - Sunderland**

**12.55 Reading - Leeds**

**15.20 Swansea - Newcastle** BEINT

**17.30 PL Classic Matches: Manchester City - Tottenham, 1994**

**18.05 PL Classic Matches: Everton - Manchester United, 1995**

**18.40 Reading - Leeds**

**20.30 Football League Show**

**21.00 Premier League Preview**

**21.30 Premier League World**

**22.00 PL Classic Matches: Liverpool - Tottenham, 1992**

**22.30 Premier League Preview**

**23.00 Swansea - Newcastle**

### EXTRA

**18.00 The Doctors** (86:175)



**18.40 Friends** (12:24)

**19.05 Modern Family** (12:24)

**19.30 Mið-Ísland** (3:8)

**20.05 Steindinn okkar** (3:8) (4:8)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 How I Met Your Mother** (9:24)

**21.50 Alcatraz** (9:13)

**22.35 Steindinn okkar** (3:8) (4:8)

**23.30 Friends** (12:24)

**23.55 Modern Family** (12:24)

**00.20 The Doctors** (86:175)

**01.00 Fréttir Stöðvar 2**

**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.15** Golfing World **07.05** Ryder Cup 2010 (2:4) **18.50** Inside the PGA Tour (14:45) **19.15** Abu Dhabi Golf Championship (4:4) **00.05** PGA Tour - Highlights (13:45) **01.00** ESPN America

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Hrafnaþing **21.30** Hrafnaþing

### N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (15:22) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Solsidan** (9:10) (e)

**12.25 Pepsi MAX tónlist**

**15.35 Britain's Next Top Model** (e)

**16.25 The Good Wife** (10:22) (e)

**17.15 Dr. Phil**

**18.00 Hæfileikakeppni Íslands**(1:6)(e)

**18.50 America's Funniest Home Videos** (42:50) (43:50) (e)

**19.40 Got to Dance** (6:15)

**20.30 Minute To Win It** Faðir með dansæði reynir við milljónina í félagi við konu frá Washington D.C.

**21.15 Hæfileikakeppni Íslands** (2:6) Leitin að hæfileikaríkasta Íslendingnum er hafin. Myndbönd hafa verið send til mbl.is, dómnefndin hefur sigtað út þau bestu og því ekkert að vanbúnaði að hefja sjónvarpsthluta þessa magnaða þáttar.

**22.15 Mobbed** (2:11) Frumlegir þættir þar sem ólíkir einstaklingar fá að afhjúpa leyndarmál sín, góð eða slæm með aðstoð gríðarstórs hóps dansara og annarra skemmtikrafta. Þáttur kvöldsins fjallar um mann sem þarfnast fyrirgefningar eiginkonu sinnar og dóttur. Hann kemur fyrirferðarmikilli afsökunarbeiðni á framfæri.

**23.05 Adele: Live at the Royal Albert Hall** Söngkonan Adele hefur heldur betur slegið í gegn undanfarið. Hún er handhafi flestra Grammy verðlauna þetta árið en SkjárEinn sýnir nú frá tónleikum hennar sem fram fóru í Royal Albert Hall á dögunum.

**23.55 Once Upon A Time** (13:22) (e)

**00.45 Saturday Night Live** (14:22) (e)

**01.35 Jimmy Kimmel** (e)

**03.05 Whose Line is it Anyway?** (e)

**03.30 Smash Cuts** (43:52) (e)

**03.55 Pepsi MAX tónlist**

### BBC entertainment

**06.30** The Vicar of Dibley **07.00** A Bit of Fry and Laurie **09.10** QI **10.45** A Bit of Fry and Laurie **12.20** A Bit of Fry and Laurie **12.55** QI **13.55** A Bit of Fry and Laurie **16.00** A Bit of Fry and Laurie **16.35** QI **17.40** QI **18.40** QI **19.10** Derren Brown. Mind Control **20.00** The Graham Norton Show **20.45** Peep Show **21.15** Live at the Apollo **22.00** The Vicar of Dibley **23.30** Derren Brown: Mind Control **00.20** The Graham Norton Show **01.05** Peep Show **01.35** Live at the Apollo **02.20** The Vicar of Dibley **04.00** QI **05.00** EastEnders

### DR 1

**07.15** Fanboy og Chum Chum **07.30** Merlin **08.15** Merlin **09.00** Sherlock Holmes **10.40** Kender du typen **11.10** Cirkusrevyen 2011 **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.00** Den fredelige krigers vej **14.55** Kriminalkommissær Barnaby **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2011 **19.00** TV Avisen **19.15** Evan du almægtige **20.45** The Patriot **23.20** X Factor **00.35** X Factor Afgørelsen **01.30** Taggart **04.00** Noddy **04.10** Kære Sebastian **04.30** Sprutte-Patruljen **04.40** Olivia

### NRK 1

**08.00** Ut i naturen **09.00** Langfredagsgudstjeneste i Holmen kirke i Asker **09.50** Vinterfolk **10.20** Folk **11.00** Pappa kom hem **12.15** Påskekveld **12.55** Steingardane på Jæren **13.10** Norske røter **14.00** Ingen grenser **14.55** Langfredagskonsert **16.00** Et år i villmarken **17.00** Dagsrevyen **17.30** Påskenøtter **17.45** Påskekveld **18.15** Norge rundt **18.40** Di Derre - konsert fra Sentrum Scene **19.25** Lewis **20.55** Løsning påskenøtter **21.00** Kveldsnytt **21.15** Skavlan **22.15** Sinatra synger **23.15** Innesperret i Titanic

### svt1

**06.15** Go'kväll **07.00** Rapport **07.05** Djursjukhuset **07.35** Engelska slott och herrgårdar **08.35** Sanningen om fröken Drot **10.05** Rapport **10.10** Livet på Laerkevej **10.55** Emma **11.55** Unga kvinnor **13.50** Rapport **13.55** Golf **14.55** Handboll **16.00** Rapport **16.10** Handboll **16.50** Megafon **17.20** Humor godkänd av staten **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Minuten **19.00** Högklackat **19.30** Snabba Cash **21.30** Rapport **21.35** Golf **23.30** Rapport **23.35** Människor emellan **01.15** Rapport **01.20** Game of Thrones

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


VETURHÚS




PÁSKADAG KL. 20:20

EITT MESTA BJÖRGUNARAFREK ÍSLANDSSÖGUNNAR
- saga sem hefur aldrei verið sögð

Ný heimildarmynd eftir Þorstein J. um eitt stærsta björgunarafrek Íslandssögunnar. Í janúar 1942 lagði breskur herflokkur af stað í ferð frá herbúðunum á Reyðarfirði. Þeir lentu í miklu óveðri og hrakningum og hefðu trúlega flestir farist, ef fjölskyldan á bænum Veturhús hefði ekki komið þeim til bjargar. Þetta er saga sem aldrei hefur verið sögð.

FÍTON / SÍA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




FÓÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA



> Stöð 2 Sport 3 kl. 19.00

**The Masters**

*Bein útsending frá fyrsta keppnisdegi á fyrsta risamóti ársins, The Masters, þar sem allir bestu kylfingar heims berjast um ein eftirsóttustu verðlaunin í golfheiminum; græna jakkann. Útsending hefst klukkan 19.00 á Sport 3 en klukkan 21.00 á Stöð 2 Sport.*

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON VARÐ FYRIR VONBRIGÐUM

## Miðlungs-Ísland



Fyrstu tveir þættirnir af Mið-Íslandi hafa í besta falli verið miðlungs góðir, sem eru vonbrigði enda þættirnir auglýstir sem nýtt og brakandi ferskt grín eins og það gerist allra best.

Hugmyndirnar voru margar hverjar fínar í fyrsta þættinum, þar á meðal „bandarísku“ löggurnar og lögfræðingurinn sem var algjörlega úr takti við íslenskt réttarkerfi, en úrvinnslan var ekki nógu góð. Sjálfa fyndnina vantaði þó svo að það hafi örlað á henni í upphafsatriðinu. Hlýtur það að skrifast á handritið og litla reynslu flestra í Mið-Íslandi sem leikara.

Þáttur númer tvö kallaði fram enn færri bros en sá fyrsti. Hugmyndin um eldgosið sem tafði flugumferð hefði verið sæmileg Spaugstofuskrítla í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli fyrir tveimur árum en átti engan veginn við núna.

Strákarnir í Mið-Íslandi hafa getið sér gott orð sem uppistandarar, enda góðir sem slíkir. Þegar fréttist af því að þeir ætluðu að gera sjónvarpsþátt bjóst maður við því að uppistand yrði þar fyrirferðarmikið, kannski í bland við leikin atriði. Hugsanlega hefði það komið betur út en það er ekki öll nótt úti enn. Fleiri þættir eru fram undan, sem vonandi ná að hrista betur upp í manni.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Hinir hinstu dagar: Ég, Jóhannes, var á eynni Patmos **09.00** Fréttir **09.03** Gleði hefjum hátt **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Smásaga: Sómavendni **11.00** Guðsþjónusta í Hjálpræðishernum á Íslandi **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Frá Hofi til Hollywood **14.00** Vor í Berlín **15.00** Á bakvið grímuna **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Sæunn og sellókonsert Dvoráks **17.00** Þeir sem ekki urðu lögfræðingar **18.00** Kvöldfréttir **18.15** Auglýsingar **18.17** Á hælum hvítu kanínunnar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníutónleikar - Uppáhalds Mozart **20.27** Homo Sapiens **21.30** Vorið hans Botticellis **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsperla: Á hinu karnivaliska torgi eru allir jafnir **23.10** Passíusálmalögin - Upp upp mín sál og allt mitt geð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**12.05 Strengjakvartettar Haydns** (Haydn String Quartets) (e) Lindsay-kvartettinn leikur strengjakvartetta eftir Joseph Haydn
**14.10 Glæðuborg** (City of Ember)
**15.45 Búddamunkur á hlaupum** (The Buddhist Monk Who Ran for an Olympic Gold) Heimildamynd um búddamunkinn Dawa Dachhiri sem safnaði peningum fyrir skóla í heimaþorpi sínu í Himalajafjöllum með því að standa fyrir 300 kílómetra víðavangshlaupi.
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Barnatíminn**
**17.45 Stundin okkar** (e)
**18.10 Táknmálsfréttir**
**18.15 Skólahreysti**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Þetta er lífið** Upptaka af skemmtidagskrá með leikkonunni Charlotte Bøving og Pálma Sigurhjartarsyni píanóleikara í Iðnó.
**20.35 Andraland** (4:7)
**21.05 Sherlock** (Sherlock)
**22.40 Blaðsíða átta** (Page Eight) Besti vinur og yfirmaður leyniþjónustumannsins Johnnys Worrickers deyr óvænt og skilur eftir sig dularfulla skýrslu sem gæti ógnað starfi leyniþjónustunnar. Meðal leikenda eru Bill Nighy, Rachel Weisz og Ralph Fiennes.
**00.20 Gagnáhlaup** (1:3) (Strike Back) (e)
**01.50 Höllin** (10:20) (Borgen) (e)
**02.50 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 A Dog Year**
**10.00 You Again**
**12.00 Toy Story 3**
**14.00 A Dog Year**
**16.00 You Again**
**18.00 Toy Story 3**
**20.00 Slumdog Millionaire**
**22.00 Dear John**
**00.00 The Hoax**
**02.00 Pride**
**04.00 Dear John**
**06.00 Spy Next Door**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian** Frábær gamanmynd þar sem Ben Stiller fer aftur á kostum í hlutverki öryggisvarðarins Larrys Daley sem þarf að fara á Smithsonian-safnið til að bjarga vinum sínum Jedidiah og Octavius.
**13.45 Just Married** Rómantísk gamanmynd um ung og nýgift hjón sem leikin eru af Ashton Kutcher og Brittany Murphy. Þau fara í brúðkaupsferð um Evrópu og lenda í ýmsum uppákomum.
**15.20 White Collar**
**16.05 E.R.** (3:22)
**16.50 Modern Family** (1:24)
**17.15 The Middle** (3:24)
**17.40 Friends** (6:24)
**18.05 The Simpsons** (22:22)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Veður**
**19.00 Tangled** Skemmtileg teiknimynd úr smiðju Disney og fjallar um Rapunzel prinsessu sem hefur töframátt í síðu hári sínu og býr hjá hinni göldróttu Mother Gothel í turni. Dag einn kemur þorparinn Flynn Rider að turninum og heillast af Rapunzel og ákveður að hjálpa henni að flýja. Hún á nú afar spennandi ferðalag fyrir höndum.
**20.40 Mið-Ísland** (3:8)
**21.10 Alcatraz** (9:13)
**21.55 Public Enemies** Mögnuð spennumynd sem gerist á krepputímum Bandaríkjanna á fjórða áratug síðustu aldar og segir frá víðfræga glæpamanninum John Dillinger sem var meðal annars þekktur fyrir vel heppnuð bankarán og eftirminnilegan flótta. Fljótlega verður hann að helsta markmiði FBI-lögreglunnar, og þar á meðal er hinn metnaðarfulli Melvin Purvis sem svífst einskis til að ná honum og koma á bak við rimla fyrir fullt og allt, og halda honum þar.
**00.10 Magnolia** Myndin segir sögu nokkurra ólíkra einstaklinga sem eiga það þó sameiginlegt að þurfa að glíma við ýmis vandamál dagleg lífs. Tilviljunin tengir þessar manneskjur og breytir lífi þeirra allra til frambúðar.
**03.20 Spaugstofan**
**03.45 The Mentalist** (15:24)
**04.30 Homeland** (5:13)
**05.25 Boardwalk Empire** (8:12)

### 2 SPORT besta sætið

**07.00 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörk**
**14.20 The Masters** Útsending frá par 3 keppni sem haldin er daginn fyrir Masters-mótið.
**16.20 Spænsku mörkin**
**16.50 Meistaradeild Evrópu. Meistaradeildin** Endursýndur leikur
**18.35 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörk**
**19.00 Iceland Expressdeildin 2012** BEINT frá leik Stjörnunnar og Keflavík í körfubolta.
**21.00 The Masters** BEINT frá fyrsta keppnisdegi á fyrsta risamóti ársins, The Masters. Mótið fer fram á Augusta National Golf Club í Georgíu-fylki í Bandaríkjunum.
**23.30 Valencia - AZ Alkmaar**

### 2 SPORT 2 enski boltinn

**16.20 Newcastle - Liverpool**
**18.10 QPR - Arsenal**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12**
**21.25 2003/2004** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar.
**22.20 Football League Show**
**22.50 Everton - WBA**

### 2 EXTRA

**18.50 The Doctors** (85:175)
**19.35 In Treatment** (47:78)
**20.05 Steindinn okkar** (1:8) (2:8)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.30 How I Met Your Mother** (8:24)
**21.55 New Girl** (8:24)
**22.25 Hannað fyrir Ísland** (3:7)
**23.10 Mildred Pierce** (5:5)
**00.35 Steindinn okkar** (1:8) (2:8)
**01.25 In Treatment** (47:78)
**01.50 The Doctors** (85:175)
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Innlit/útlit** (8:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Innlit/útlit** (8:8) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.40 Eureka** (13:20) (e)
**16.30 Dynasty** (15:22)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 The Firm** (6:22) (e)
**19.20 Rules of Engagement** (1:26) (e)
**19.45 Will & Grace** (9:24) (e)
**20.10 The Office** (25:27) Dwight er afar lukkulegur þegar hann er tímabundið ráðinn sem yfirmaður skrifstofunnar.
**20.35 Solsidan** (9:10) Jónsmessa nálgast og Alex og Anna hyggjast eiga notalega kvöldstund með vinum sínum þegar Ole dúkkar upp með leiðinlega eiginkonu sína.
**21.00 Blue Bloods** (8:22)
**21.50 Killers** Spencer er þrautþjálfaður leigumorðingi sem starfar á alþjóðlegum velli fyrir bandarísk yfirvöld við að leysa ýmis verkefni. En eftir að hann kynnist hinni heillandi Jen ákveður hann að setjast í helgan stein. Seinna kemst Spencer að því að hann er sjálfur orðinn skotmark. Grín-hasar með Ashton Kutcher og Katherine Heigl í aðalhlutverkum.
**23.30 Jimmy Kimmel**
**00.15 Law & Order UK** (5:13) (e)
**01.00 Jonathan Ross** (19:19) (e)
**01.50 Hawaii Five-0** (9:22) (e)
**02.40 Blue Bloods** (8:22) (e)
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** Shell Houston Open 2012 (4:4) **12.00** Golfing World **12.50** Golfing World **13.40** Shell Houston Open 2012 (4:4) **17.40** PGA Tour - Highlights (13:45) **18.35** Inside the PGA Tour (14:45) **19.00** Abu Dhabi Golf Championship (3:4) **23.00** US Open 2006 - Official Film **00.00** ESPN America

### N4

**18.00** Að norðan **18.30** Í ljósi nýsköpunar

### BBC entertainment

**06.30** ‚Allo ‚Allo! **07.35** New Tricks **09.20** Deal or No Deal **09.55** EastEnders **10.25** Come Dine With Me **11.15** My Family **12.15** ‚Allo ‚Allo! **14.25** QI **15.30** Top Gear **16.20** QI **17.20** Come Dine With Me **18.15** QI **19.15** The Graham Norton Show **20.00** Live at the Apollo **20.45** Derren Brown: Mind Control **21.35** ‚Allo ‚Allo! **23.20** The Graham Norton Show **00.05** Live at the Apollo **00.55** Derren Brown: Mind Control **01.45** ‚Allo ‚Allo! **03.25** The Graham Norton Show **04.10** The Weakest Link **05.40** Come Dine With Me

### DR 1

**07:05** Fanboy og Chum Chum **07:20** Nik & Jan **07:30** Merlin **08:15** Merlin **09:00** Sherlock Holmes **10:45** Ved du hvem du er? **11:45** Tigerbrødre **13:25** Eventyret om Despero **14:55** Kriminalkommissær Barnaby **16:30** TV Avisen med Sport **17:00** Spise med Price **17:30** Huset på Christianshavn **18:00** Sporløs **18:30** Nye hvide verden **19:00** TV Avisen **19:10** SportNyt **19:20** The Sentinel **21:05** 16 Blocks **22:40** Taggart **23:50** Lægerne **04:00** Molly Monster **04:05** Chiro **04:10** Benjamin Bjørn **04:30** Noddy

### NRK 1

**06.15** Kjærlighetshagen **06.45** Påskenøtter **07.00** Løsning påskenøtter **07.05** Ingen grenser **08.00** Ut i naturen **08.40** God som gull **09.35** Alvin og gjengen 2 **11.05** Veien til Nidaros **11.50** Min idrett **12.20** Påskekveld **12.50** Helt patent! **13.20** Ingen grenser **14.15** Annie **16.20** Fjellfolk **17.00** Dagsrevyen **17.30** Påskenøtter **17.45** Påskekveld **18.25** Northern Passage **19.25** Den som reddast kan **20.55** Løsning påskenøtter **21.00** Kveldsnytt **21.15** Sarah Palin på hjemmebane **22.50** Telegrafisten **00.30** God som gull

### svt1

**13.20** Strömsö **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Via Sverige **14.45** Det ljuva livet i Alaska **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Djursjukhuset **18.30** Hundra procent bonde **19.00** Plus **20.00** Debatt **20.45** Bästa frisören **21.30** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.40** Golf **23.30** Rapport **23.35** Det ljuva livet i Alaska **00.20** Rapport **00.25** Svenska dialektmysterier

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó · FM 90,1 Rás 2 · FM 90,9 Gullbylgjan · FM 91,9 Kaninn · FM 93,5 Rás 1 · FM 95,7 FM957 · FM 96,3 FM Suðurland · FM 96,7 Létt Bylgjan · FM 97,7 X-ið · FM 98,9 Bylgjan · FM 99,4 Útvarp Saga · FM 102,2 Útvarp Latibær · FM 102,9 Lindin · FM 105,5 Útvarp Boðun




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

HINN EINI SANNI

# RISA

# SKÓMARKAÐUR

# í fullum gangi




## NÚ Á SMÁRATORGI

*á milli The Pier og Toys'R'us*

## Opnunartími um páska

| | |
|---|---|
| Skírdagur | opið milli 12 og 18 |
| Föstudagurinn langi | opið milli 12 og 18 |
| Laugardagur | opið milli 12 og 18 |
| Páskadagur | LOKAÐ |
| Annar í páskum | opið milli 12 og 18 |

## Troðfullur markaður af öllum vinsælustu merkjunum

**Útsöluvörur frá**

STEINAR WAAGE
Kaupfélagið
skór.is

Duffy
Tamaris
SIXMIX
VAGABOND
ecco
BULLBOXER
NIKE
adidas
PUMA
hummel
SPOT ON
Gabor
Reebok
SKECHERS
Studio Sixty Six
MARTA

## PÁSKAEGGIÐ MITT



*Ég ætla mér að rjúfa 15 ára gamla hefð í ár og kaupa mér girnilegustu páskaegg sem ég hef séð í Mosfellsbakaríi. Síðan ég var 13 ára hef ég kosið að fá pening í stað súkkulaðieggs en núna ætla ég að eyða 40-50 þúsund krónum í páskaegg.*

Halldór Halldórsson, uppistandari í Mið-Íslandi.

# Of Monsters and Men í 2. sæti á Itunes

Platan My Head is an Animal með hljómsveitinni Of Monsters and Men situr nú í öðru sæti á vinsældarlista Itunes í Bandaríkjunum. Platan kom út þar í landi á þriðjudag, eins og nýjasta plata rappkvendisins Nicki Minaj, sem situr í efsta sæti listans.

Of Monsters and Men er nú stödd í New York í Bandaríkjunum. Uppselt er á tónleika hljómsveitarinnar í Music Hall Of Williamsburg í Brooklyn í kvöld, en annað kvöld kemur hún fram í Webster Hall í sömu borg. Það er einnig uppselt á þá tónleika, eins og flesta tónleika Of Monsters and Men í Bandaríkjunum.

Fréttablaðið fjallaði á dögunum um velgengni Of Monsters and Men í Bandaríkjunum. Þá kom fram að miðar á tónleika hljómsveitarinnar hafi selst mjög hratt og að í mörgum tilfellum hafi tónleikar verið færðir á stærri staði til að anna eftirspurn.

Sem dæmi þá seldist upp á nokkrum mínútum á tvenna tónleika hennar í Fíladelfíu á stað sem tekur um eitt þúsund gesti. Einnig var uppselt á átján hundruð manna tónleika sveitarinnar í Seattle. Tónleikar Of Monsters and Men í Boston voru færðir á stærri stað og fara fram í The House of Blues annað kvöld.

Þessi mikli áhugi á Of Monsters and Men er ekki úr lausu lofti gripinn því stuttskífan Into the Woods fékk einnig mjög góðar viðtökur vestanhafs og komst ofarlega á Billboard-listanum og á lista Itunes. - afb



**GENGUR VEL** Plata Of Monsters and Men náði öðru sæti á vinsældarlista Itunes í gær.


ÍSLENSKU BARNABÓKAVERÐLAUNIN

Er handrit í skúffunni?

Af sérstökum ástæðum auglýsir STJÓRN VERÐLAUNASJÓÐS ÍSLENSKU BARNABÓKAVERÐLAUNANNA að nýju eftir handritum fyrir börn og unglinga í samkeppni ársins.

Skilafrestur er til og með 27. apríl 2012

Handritið skal vera að lágmarki 50 ritvinnslusíður að lengd og geta staðið án mynda. Handritum skal skilað í fjórriti, merkt með dulnefni en rétt nafn höfundar fylgi með í lokuðu umslagi.

FORLAGIÐ / ÍSLENSKU BARNABÓKAVERÐLAUNIN
Bræðraborgarstíg 7 | 101 Reykjavík

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 5755600 eða hjá forlagid@forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


ALISON MACNEIL: UPPLIFI MIKINN SKILNING OG STUÐNING Í KRINGUM MIG

# Söngvari hljómsveitarinnar Kimono leiðréttir kyn sitt

„Ég breytti nafninu mínu úr Alex í Alison í október síðastliðnum og þar með hófst ferlið fyrir alvöru," segir Alison MacNeil, söngkona sveitarinnar Kimono, sem stendur nú í því ferli að leiðrétta kyn sitt.

Alison er frá Kanada en hefur búið á Íslandi síðustu 13 árin. Hún er gift íslenskri konu og eiga þær tvö börn saman. Hún segir sér hafa verið vel tekið hérlendis og að Íslendingar séu yfir höfuð með mjög opinn huga þegar kemur að transfólki.

„Ég hef kviðið fyrir að koma út úr skápnum og segja fólki hver ég raunverulega er alla ævi. Þegar ég lét loks verða af því upplifði ég mikinn skilning og stuðning allt í kringum mig og það er alveg ómetanlegt," segir Alison og bætir við að fjölskylda hennar hafi verið meðvituð um raunverulegt kyn hennar síðustu tíu árin eða svo. Alison segir kynleiðréttingarferlið taka alla ævi, en að helstu líkamlegu breytingarnar verði á næstu tveimur árum. Hún telur sig heppna með fólkið í kringum sig og að það sé ekki sjálfsagt að allir taki svo miklum fréttum jafn vel og fjölskylda hennar og vinir.

Mikil umræða hefur verið um transfólk í samfélaginu að undanförnu og fagnar Alison því. „Það hefur orðið vitundarvakning varðandi þetta og breytingin hefur orðið mikil á síðustu tíu árum," segir hún og bætir við að í dag sé hún hamingjusamari en hún hafi nokkurn tíma verið.

Hljómsveit Alison, Kimono, er nú að taka saman aftur eftir árslangt hlé. „Það er búið að vera brjálað að gera hjá okkur Gylfa í kringum vefsíðuna Gogoyoko síðasta árið og við höfum ekki haft neinn tíma til að sinna tónlistinni," segir Alison og á þar við Gylfa Blöndal, gítarleikara hljómsveitarinnar, en bæði starfa þau hjá tónlistarveitunni.

Von er á nýju efni frá Kimono með haustinu og jafnvel nýrri plötu um næstu jól. Hljómsveitin fagnar tíu ára afmæli um þessar mundir og er af því tilefni að endurgera mörg af eldri lögum sínum og spila á tónleikum. „Við erum að taka efni sem við höfum ekki spilað í fimm eða sex ár, en Gylfi er búinn að vera að endurútsetja það þar sem við erum bara þrjú í hljómsveitinni núna eftir að bassaleikarinn okkar hætti árið 2007," segir Alison.

Kimono treður upp á ýmsum stöðum á næstunni, þar á meðal kemur hún fram á íslensku hátíðinni Le Festival Air d'Islande í París þann 15. apríl næstkomandi og mun hita upp fyrir bandið This Will Destroy You í Hörpu 17. apríl.

tinnaros@frettabladid.is



**UMBURÐARLYNDI** Alison segir fólk sýna ákvörðun sinni mikinn skilningi, en að fjölskylda hennar hafi verið meðvituð um raunverulegt kyn hennar í áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Bæjarstjórinn skemmti sér með upptökustjóra Foo Fighters

Stjórnum prýtt brúðkaup fór fram í Hveragerði um síðustu helgi og var Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, á meðal viðstaddra. Foreldrar körfuknattleiksmannsins Louie Kirkman létu pússa sig saman og á meðal gesta var Butch Vig, trommuleikari hljómsveitarinnar Garbage, meðlimir írsku sveitarinnar Undertones og sjónvarpsmaðurinn Chris Packham.

„Louie hefur spilað körfubolta með Hamri undanfarinn vetur og foreldrar hans hafa heimsótt hann nokkrum sinnum og heilluðust svo af staðnum að þau ákváðu að láta pússa sig saman í Strandakirkju við hátíðlega athöfn. Maðurinn minn, Lárus Friðfinnsson, er formaður Hamars og þannig kynntumst við brúðhjónunum," útskýrir Aldís. „Í veislunni slógu vinir hjónanna upp bandi og líklegt er að sjaldan eða aldrei hafi betri tónlistarmenn stigið á stokk hér í Hveragerði," bætir hún við, en Vig þessi hefur meðal annars unnið sem upptökustjóri Nirvana, Foo Fighters og Smashing Pumpkins og veislustjórinn Packham hlaut BAFTA-verðlaunin fyrir þátt sinn The Really Wild Show. Írska pönksveitin Undertones er líklega þekktust fyrir lag sitt Teenage Kicks.

Að sögn Aldísar vissi hún ekki hvaða fólk þetta var fyrr en í lok veislunnar og hafði hún þá aldrei heyrt um Undertones áður en kannaðist eitthvað við Garbage. „Ég hafði ekki hugmynd um að þetta fólk væri þekkt og ég held að fæstir hafi gert það."

Eiginmaður Aldísar var einnig dreginn upp á svið með tónlistarmönnum og sýndi að hennar sögn snilldartakta á kúabjöllu og uppskar mikið lófaklapp viðstaddra. - sm



**SKEMMTI SÉR MEÐ STJÖRNUM** Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, sótti stjörnuprýtt brúðkaup sem fram fór í bænum um síðustu helgi. Á meðal gesta voru trommuleikari Garbage, Butch Vig, meðlimir hljómsveitarinnar Underground og sjónvarpsmaðurinn Chris Packham.



UU.IS
VOR OG HAUST!
Borgarferðir á frábæru verði!
DUBLIN - PRAG - BERLÍN - BRIGHTON
frá: 79.900 kr.*
DUBLIN
Dublin, höfuðborg Írlands er með líflegri borgum Evrópu. Borgin iðar af fjöri fyrir jafnt unga sem aldna og allir finna skemmtun og stemmningu við sitt hæfi.
FLUG + GISTING Í 4 NÆTUR FRÁ:
84.900 KR.*
á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli í 4 nætur á hótel Camden Court *** með morgunmat.
Brottför: 19. apríl. (Aðrar brottfarir í boði)
PRAG
Ferðaævintýri á vit fegurðar og ógleymanlegrar upplifunar. Prag er af mörgum talin fegursta borg Evrópu, heillandi áfangastaður sem fær hjörtun til að slá af hrifningu og gleði.
FLUG + GISTING Í 3 NÆTUR FRÁ:
97.900 KR.*
á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli í 3 nætur á K+K Hotel Fenix **** með morgunmat.
Brottför: 13. september. (Aðrar brottfarir í boði)
BERLÍN
Það er óhætt að segja að engin borg í Evrópu, og þótt víðar væri leitað, sé eins mörkuð af sögu tuttugustu aldarinnar og Berlín.
FLUG + GISTING Í 3 NÆTUR FRÁ:
79.900 KR.*
á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli í 3 nætur á hótel NH Mitte Berlín **** með morgunmat.
Brottför: 12. október. (Aðrar brottfarir í boði)
BRIGHTON
Brighton er oft kölluð Litla London, þar sem hún þykir bjóða uppá allt það sama og London bara á mun lægra verði. Borgin státar af langri ferðamannahefð.
FLUG + GISTING Í 3 NÆTUR FRÁ:
79.900 KR.*
á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli í 3 nætur á hótel Barcelo Old Ship **** með morgunmat.
Brottför: 22. nóvember 2012. (Aðrar brottfarir í boði)
Hver borg er heimur! Lifandi heimsborgir taka ferðalöngum með með opnum örmum og Úrval Útsýn gerir þér kleift að kynnast þeim á skemmtilegan hátt.
Þau eru ávallt stórfín, fríin með Úrval Útsýn.
Lágmúli 4 108 Rvk | S. 585 4000 | info@uu.is | www.urvalutsyn.is
ÚRVAL·ÚTSÝN
* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn (háð lágmarksþátttöku). Verð miðast við að bókað sé á netinu. Prentað með fyrirvara um villur.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



NOVA

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
**ORATORS**
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hitað upp á Hróarskeldu

Hin sívinsæla, danska tónlistarhátíð Hróarskelda nálgast nú óðfluga en hún fer fram dagana 5.-8. júlí næstkomandi. Upphitunardagar fyrir hátíðina hefjast 30. júní og verður nýtt svið helgað rafrænni tónlist, Apollo Countdown, tekið í notkun í fyrsta sinn. Þetta verður í fyrsta sinn sem spilað verður á tveimur sviðum á upphitunardögunum. Listi yfir þær hljómsveitir sem koma fram á Apollo Countdown-sviðinu hefur nú verið gefinn út og eigum við Íslendingar tvo fulltrúa þar. Annars vegar er um að ræða borgarfulltrúann **Einar Örn** og félaga í Ghostigital, og hins vegar íslensk-dönsku hljómsveitina Kúra, sem gaf út fyrstu plötuna sína á dögunum.



### Ný kosningaskrifstofa?

Vegfarandi sem átti leið um Vesturgötuna í gær sá til leiðtoga stjórnmálaaflsins Bjartrar framtíðar að skoða húsnæði gamla Naustsins. Með þeim **Guðmundi Steingrímssyni** og **Heiðu Kristínu Helgadóttur** í för var **Karl Steingrímsson**, kenndur við Pelsinn. Húsið, þar sem fyrir nokkrum árum var rekinn veitingastaðurinn Kínamúrinn, er einmitt í eigu Kirkjuhvols, félags Karls. Björt framtíð hefur undanfarna mánuði haft skrifstofuaðstöðu í Brautarholti, en hver veit nema flokkurinn sé þegar farinn að huga að húsnæði undir kosningaskrifstofu. Það er jú ekki nema ár í kosningar. **- trs, - sh**



## Mest lesið VÍSIR

1. Þóra ætlar í framboð - boðað til blaðamannafundar
2. Danskt par dæmt í háa sekt og fangelsi fyrir að segjast vera skil..
3. Áttatíu ára gömul kona nauðlenti litlli flugvél
4. Vill að fé á dauðum bankareikningum fari til samfélags...
5. Með kókaín í Hörgárdal


*STELLA BLÓMKVIST ER MÆTT AFTUR!*




*www.forlagid.is*





ENNEMM / SÍA / NM51552

## > Saman náum við árangri

Þeir eru með þetta. Þeir sækja fram með samstilltum hætti og fylgja sendingum eftir alla leið. Þeir hætta ekki fyrr en markmiðin eru í höfn.

Þess vegna styðja Samskip með stolti við bakið á strákunum okkar – alla leið til London.

www.samskip.is

SAMSKIP